


**skoðun** 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Markaðurinn
Geðhjálp








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
**10. október 2012**
238. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Skáldið á Þröm

*Ársæll Nielsson rekur sögu Magnúsar Hj. Magnússonar í einleik í Norðurpólnum.*

**menning** 22

## Sýna bak við tjöldin

*Svala Björgvins og Steed Lord sýna nýja raunveruleikaþætti.*

**tónlist** 30



## Logi kominn heim

*Logi Ólafsson hefur tekið við þjálfun Stjörnunnar.*

**sport** 26

**veðrið í dag**




**VÍÐA RIGNING** Í dag verða suðaustan 8-15 m/s og rigning í allflestum landshlutum einkum sunnanlands. Hiti 3-10 stig, mildast syðst.

**VEÐUR** 4

# Engin geðgjörgæsla fyrir árásargjörnu sjúklingana

**Bæta þarf aðbúnað á legudeildum geðsviðs Landspítalans. Nauðsynlegt er að skilja betur að misveika sjúklinga. Framkvæmdir við nýja geðgjörgæslu eru fyrirhugaðar. Um 120 milljónir vantar í verkefnið.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúklingum með misalvarlega geðsjúkdóma er ekki haldið nægilega aðskildum á geðdeildum Landspítalans við Hringbraut. Dæmi eru um að mjög veikir einstaklingar, sem vita vart hvar þeir eru staddir, deili herbergi með fólki á góðum batavegi.

Þetta kemur fram í fyrsta hluta úttektar Fréttablaðsins á aðbúnaði geðsjúkra á Íslandi.

Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs LSH, segir nauðsynlegt að komið verði sem fyrst á fót sérstakri geðgjörgæsludeild fyrir allra veikasta fólkið, bæði til að standa vörð um virðingu þess þegar aðrir sjúklingar fá heimsóknir og til að athygli starfsfólks dreifist jafnar á sjúklingana.



> Aðbúnaðurinn hér er ekki eins góður og við viljum, það er heila málið.

PÁLL MATTHÍASSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI GEÐSVIÐS LSH

Þá kemur einnig fyrir að árásargjörnum einstaklingum sé sinnt í sama rými og eldra fólki eða mæðrum með ung börn og því segir Páll brýnt öryggisatriði að stuðla að frekari aðskilnaði inni á deildunum.

Páll segir margt gagnrýnivert við aðbúnaðinn á Hringbraut.

„Aðbúnaðurinn hér er ekki eins góður og við viljum, það er heila málið,“ segir hann og bætir við að skortur á sértækum úrræðum fyrir allra veikustu sjúklingana sé mest aðkallandi. Ný geðgjörgæsludeild mundi koma til móts við þá.

Framkvæmdir vegna breytinganna standa til á næstu mánuðum ef allt gengur að óskum, en stjórnvöld hafa ekki verið beðin formlega um fjárveitingu. Framkvæmdirnar munu kosta um 120 milljónir króna og býst Páll við að þurfa að biðla til almennings að hluta um fjármagn. Einni legudeild hússins verður þá breytt, en með því mun rúmum fækka lítið eitt og meðallegutími sennilega lengjast.

Bráðaþætti geðþjónustu LSH er sinnt við Hringbraut og sinnir geðsviðið allri sérhæfðri sjúkrahúsþjónustu fyrir geðsjúka í landinu. Rúmlega 5.600 einstaklingar voru þjónustaðir þar árið 2011 og af þeim lágu um 1.200 manns inni um skeið.

- sv / sjá síðu 6



**GAGA OG YOKO** Tónlistarkonan Lady Gaga lagar hatt Yoko Ono, ekkju bítilsins Johns Lennon, sem fyrst hafði úr lagi þegar þær föðmuðust í Hörpu í gær. Gaga ólst upp í næsta nágrenni við John og Yoko í New York. „Ég vissi af þeim, en þau ekki af mér,“ sagði hún um sjálfa sig fimm ára. **Sjá síður 4 og 24** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fílar að vera á litlum stöðum:

## Mika vill trylla lýðinn í Hörpu

**TÓNLEIKAR** „Ég held að þetta verði meiriháttar tónleikar,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari.



MIKA

Bresk-líbanski tónlistarmaðurinn Mika heimsækir Ísland 18. desember og ætlar að trylla lýðinn með tónleikum í Silfurbergi Hörpunnar.

Mika sló rækilega í gegn árið 2007 með fyrstu plötu sinni Life In Cartoon Motion sem hefur selst í hátt í sex milljónum eintaka. Á henni eru smellir á borð við Grace Kelly, Lollipop, Relax og Take It Easy. Mika er þekktur fyrir hressilega sviðsframkomu og þykir eiga mjög auðvelt með að ná til tónleikagesta. „Ég veit að hann fílar að vera á litlum stöðum þar sem hann nær til fjöldans,“ segir Guðbjartur.“

- fb / sjá síðu 30




Samkeppniseftirlitið hafnaði samruna fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu:

## Hagsmunir skattborgara varðir

**VIÐSKIPTI** Samruni fyrirtækjanna Veritas Capital og Fastus ehf. hefði leitt til stóraukins kostnaðar íslenskra heilbrigðisstofnana við kaup á tækjum og þjónustu. Þetta er meðal ástæðna þess að Samkeppniseftirlitið (SE) ógilti samrunann á mánudag.

Fyrirtækin starfa bæði í heilbrigðisþjónustu. Í ákvörðun SE kemur fram að samruninn myndi leiða af sér aðgangshindranir fyrir nýja aðila á markaðnum og gæti valdið almenningi auknum kostnaði. Ákvörðunin er kynnt í ítarlegri 114 blaðsíðna skýrslu sem gerð var opinber í vikunni.

Velferðarráðuneytið taldi að við samrunann myndu öll tilboð og afslættir sem undirstofnanir þess fá verða minni. Þar sem fyrirtækin tvö selji íslenskum heilbrigðisstofnunum vörur fyrir meira en fjóra milljarða króna geti það „skipt gríðarlegu miklu máli í hagræðingarmöguleikum viðkomandi stofnana“.

Landspítalinn þarf einnig að endurnýja tækjabúnað sinn umtalsvert á næstu árum og bygging nýs spítala mun hafa í för með sér talsverð útgjöld. Vegna alls þessa komst SE að því að tryggja þyrfti virka samkeppni í viðskiptum með lækningatæki sem geti „varðað hagsmuni skattborgaranna sem nema háum fjárhæðum“.

- þsj / sjá Markaðinn






## SPURNING DAGSINS



*Teitur, var þetta ekki of langt gengið?*

„Nei. Það er aldrei of langt gengið fyrir gott málefni."

Teitur Þorkelsson er upplýsingafulltrúi Rauða krossins á Íslandi. Sjálfboðaliðar söfnuðu allt að 25 milljónum króna í átakinu Gengið til góðs.

Vaxandi magn niturs berst í Þingvallavatn með aukinni umferð um þjóðgarðinn:

# Tærleiki Þingvallavatns niður í B-flokk

**UMHVERFISMÁL** Staðfestar vísbendingar eru um að magn þörunga sé að aukast í Þingvallavatni. Þetta kemur fram í vöktunarskýrslu fyrir árið 2011. Með þessu minnkar tærleiki vatnsins.

Í fundargerð Þingvallanefndar kemur fram að Álfheiður Ingadóttir, formaður nefndarinnar, og Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður hafi hitt Hilmar Malmquist, forstöðumann Náttúrustofu Kópavogs, um miðjan ágúst.

„Þingvallavatn hefur verið í flokki A yfir hreinleika og skyggni en hluti mælinga fellur á árinu 2011 í flokk B. Í skýrsludrögum sem Umhverfisstofnun hefur unnið kemur einnig fram að nitur hefur aukist og er töluvert meira í vatninu og á vatnasvæðinu en áður var talið," segir um fund Álfheiðar og Ólafs með Hilmari.



**ÞINGVALLAVATN** Náttúruperla breytir um ásýnd vegna sóknar þörunga og aukins magns niturs.

Þá kemur fram að eftir að nýi Gjábakkavegurinn var tekinn í notkun sé mikil umferð í gegnum þjóðgarðinn og að hún aukist stöðugt. „Umferðin er mest þegar þurrt er, en mælingar á mengun fara einungis fram þegar rignir. Í framhaldi af erindi formanns sl. haust til umhverfisráðuneytis verður boðað til nýs fundar á næstunni til að fara yfir mælingar á nitri frá umferðinni sem hefur margfaldast." - gar

Sýrlendingar varaðir við:

# NATO stendur með Tyrkjum

**SÝRLAND, AP** „Að sjálfsögðu geta Tyrkir treyst á samstöðu NATO," sagði Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, áður en fundur utanríkisráðherra aðildarríkja bandalagsins hófst í Brussel í gær.

Hann varaði Sýrlendinga þar með við því að halda áfram árásum yfir landamærin til Tyrklands.

Skærur hafa verið á landamærunum undanfarna daga og tyrkneski svarað í sömu mynt. - gb



**BENJAMÍN NETANJAHÚ** Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nýverið.
NORDICPHOTOS/AFP

Netanjahú kemur á óvart:

# Kosið innan fárra mánaða

**ÍSRAEL, AP Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, skýrði frá því í gær að boðað verði til þingkosninga snemma á næsta ári, meira en hálfu ári áður en kjörtímabil núverandi þings rennur út.**

**Ástæðan er ósamkomulag innan stjórnarinnar, sem hefur ekki getað náð samkomulagi um fjárlög næsta árs.**

**Þingkosningar er ekki hægt að halda fyrr en þremur mánuðum eftir að þing er rofið. Reiknað er með að kosningarnar geti orðið í febrúar.** - gb

Þorvaldur Gylfason í Kastljósi:

# Kosningarnar verða bindandi

**STJÓRNMÁL** „Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla eins og þessi er í reyndinni bindandi," sagði Þorvaldur Gylfason hagfræðingur, sem átti sæti í stjórnlagaráði, um kosningarnar 20. október, þar sem kosið verður um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá.

Hann segir Alþingi ekki geta verið þekkt fyrir að ganga gegn yfirlýstum vilja þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu, og þá skipti ekki máli hvort kjörsókn verði góð eða slæm. - gb

# Bændur vilja skjóta bæði álftir og gæsir

**Tjón af völdum andfugla í ræktarlöndum getur verið verulegt hjá hverju búi. Bændur kalla eftir úrræðum til að fást við friðaða fugla. Ódýrara að flytja inn korn en rækta það haldi fram sem horfir. Fuglar hrekja bændur úr kornrækt.**

**LANDBÚNAÐUR** Dæmi eru um að ágangur fugla hreki bændur frá því að rækta korn. Þetta kemur fram í grein Grétars Más Þorkelssonar, búfræðings hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, í nýjasta tölublaði Búnaðarblaðsins Freyju. Vegna þess að bændur hafi gefist upp sé í ár mun minni kornrækt í Austur-Skaftafellssýslu en verið hafi. Sömu sögu sé svo að segja annars staðar af landinu.

„Ef tjón af völdum fugla heldur áfram í þeim mæli sem það hefur verið, verður ódýrara fyrir bændur að kaupa kornið, heldur en að rækta það sjálfir," segir Grétar í grein sinni, en í henni áætlar hann tjón bænda í sýslunni vegna ágangs fuglanna og segir það nema tólf milljónum króna árin 2005 til 2011.

Grétar segir áfall ef bændur gefist upp á kornrækt, enda hafi náðst mikill árangur í kynbótum á korni og nýjum yrkjum síðustu ár. „Ættu bændur því að geta framleitt stærstan hluta þess kjarnfóðurs sem þeir þurfa sjálfir."

Borgar Páll Bragason, verkefnisstjóri í jarðrækt hjá Bændasamtökunum, heldur utan um gagnaöflun samtakanna vegna ágangs fugls hjá bændum. Hann segir tjón afar mismunandi eftir staðsetningu og rekstri, en geti hlaupið frá nokkur hundruð þúsund krónum og yfir milljón á ári hjá hverju búi. Í fyrra hafi meðaltjón hjá þeim búum sem könnun samtakanna náði til numið 800 þúsund krónum. „Það tekur gæsa- eða álftahóp ekki langan tíma að hreinsa upp hektara af korni," segir hann.

Bændur segir Borgar lengi hafa biðlað til stjórnvalda um úrræði vegna þessa ágangs fuglanna, en til þessa hafi sú umleitan ekki mætt miklum skilningi hjá umhverfisráðuneyti eða Umhverfisstofnun. Hann segir bændur vilja fá leyfi til þess að gera tilraunir til að skjóta fuglinn og fæla hann þannig yfir á verðminni tún. „Dæmi eru um það annars staðar frá að slíkt geti virkað," segir hann, en áréttar um leið að ekki sé verið að tala um að „stráfella" gæsina eða álftina. „En menn myndu vilja fá einhver úrræði til að prófa, í kannski þrjú ár eða svo."

Fáist ekki leyfi til slíkra tilrauna segir Borgar að bændur myndu taka því. „En menn vilja að slík svör fáist að fenginni einhverri yfirlegu. Ekki bara svona af því bara." olikr@frettabladid.is



**EKKI AUFÚSUGESTIR TIL SVEITA** Ágangur fugla hefur víða hrakið bændur frá því að rækta korn. Búfræðingur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands segir það áfall ef bændur gefist upp á kornrækt enda kunni að vera ódýrara fyrir bændur að kaupa korn fremur en að rækta það sjálfir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

> Það tekur gæsa- eða álftahóp ekki langan tíma að hreinsa upp hektara af korni.
>
> **BORGAR PÁLL BRAGASON**
> VERKEFNISSTJÓRI HJÁ BÆNDASAMTÖKUM ÍSLANDS

Milljarðar greiddir síðar:

# Eindaga veiðigjalds frestað

**SJÁVARÚTVEGUR** **Ákveðið hefur verið að fresta eindaga á fyrstu greiðslu sérstaks veiðigjalds. Upphaflegi eindaginn var 15. október en verður 1. desember samkvæmt reglugerð frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu.**

**Samkvæmt lögum um veiðigjöld eiga útgerðir rétt á lækkun á sérstöku veiðigjaldi vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum ef skilyrðum ákvæðisins er fullnægt en LÍÚ fór þess á leit á dögunum við ráðuneytið að veittur yrði frestur á greiðslu gjaldsins þar til metið hefur verið og tekið tillit til lækkunar sérstaka veiðigjaldsins.** - shá

Færri í leikskólakennaranámi:

# Skoða styttingu náms í þrjú ár

**ALÞINGI** Björgvin G. Sigurðsson, formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, segir að endurskoða verði nám leikskólakennara. Síðan það var lengt úr þremur í fimm ár hafi aðsókn minnkað um 77 prósent sem skaði leikskólastigið og geri sveitarfélögum erfitt um vik að uppfylla kröfur um hlutfall menntaðra starfsmanna.



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**

„Það er algert fall í aðsókn að þessu námi og ekki er hægt að horfa fram hjá því að lengingin úr þremur árum í fimm hlýtur að vega þungt." Til greina komi að nemendur fái ákveðin réttindi eftir þrjú ár í námi. Katrín Jakobsdóttir, ráðherra menntamála, hefur einnig orðað þá lausn. - kóp






Angela Merkel Þýskalandskanslari fær óblíðar móttökur í Grikklandi:

# Merkel hrósar grísku stjórninni

**GRIKKLAND, AP** „Ég vona og óska þess að Grikkland verði áfram með aðild að evrusvæðinu," sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari í gær, þegar hún kom í stutta heimsókn til Grikklands.

Hún sagðist vinna hörðum höndum að því, ásamt Grikklandi, að svo megi verða og hrósaði grísku stjórninni fyrir þann árangur sem náðst hefur við að koma böndum á ríkisfjármálin.

„Mikið hefur áunnist. Það eru framfarir á hverjum degi," sagði hún eftir að hafa átt fund með Antonis Samaras forsætisráðherra í Aþenu.

Almenningur í Grikklandi er Þjóðverjum reiður fyrir það hve þeir hafa sett Grikkjum ströng skilyrði í ríkisfjármálum.

Aðhaldsaðgerðir hafa bitnað illa á almenningi, en gríska stjórnin bíður nú eftir því hvort Evrópusambandið, Seðlabanki Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telji aðgerðirnar hafa skilað nægilega góðum árangri til þess að óhætt sé að veita Grikkjum frekari fjárhagsaðstoð. - gb



**REIÐI Í GRIKKLANDI** Margir Grikkir eru Þjóðverjum afar reiðir og sýndu það í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

SÓLNING *Renndu við*

Continental

# ÖRUGGUSTU VETRARDEKKIN

**Continental eru öruggustu dekkin samkvæmt helstu dekkjaprófunum**

## GÆÐAPRÓFANIR VETRARDEKKJA

**VELDU ÖRYGGI**

### SVÍÞJÓÐ - TENKIKENS VÄRLD (27. SEPT. 2012)

Sú könnun sem FÍB byggir sína könnun á.

**Ónelgd vetrardekk**

| Sæti | Framleiðandi | Tegund | Stig |
|---|---|---|---|
| **1** | **Continental** | **ContiVikingContact 5** | **108** |
| 2 | Michelin | X-Ice X13 | 103 |
| 3 | Nokian | Hakkapeliitta R | 99 |
| 4 | Bridgestone | Blizzak WS70 | 88 |
| 5 | Toyo | Observe GSi-5 | 80 |

**Nelgd vetrardekk**

| Sæti | Framleiðandi | Tegund | Stig |
|---|---|---|---|
| **1** | **Continental** | **ContiIceContact** | **107** |
| 2 | Goodyear | UltraGrip Ice Artic | 106 |
| 3 | Dunlop | Ice Touch | 102 |
| 4 | Nokian | Hakkapeliitta 7 | 100 |
| 5 | Gislaved | NordFrost 5 | 99 |
| 6 | Hankook | Winter IPike Rs2 | 86 |
| 7 | Nordman | 4 | 84 |
| 8 | Agi | Sarek 2 | 79 |
| 9 | BFGoodrich | g-Force Stud | 77 |

### AUTOBILD (5. OKTÓBER 2012)

| Sæti | Framleiðandi | Tegund |
|---|---|---|
| **1** | **Continental** | **WinterContact** |
| 2 | Bridgestone | Blizzak |
| 3 | Michelin | Alpin |
| 4 | Hankook | Winter i*cept |
| 5 | Semperit | Speed Grip |
| 6 | Dunlop | Sp Winter Sport |
| 7 | Goodyear | UltraGrip |
| 8 | Pirelli | W. Snowcontrol |
| 9 | Nokian | WR D3 |
| 10 | Fulda | Kristall Control |

★★★★★

**CONTINENTAL**
einu vetrardekkin með
**5 stjörnur** í könnun
FÍB 2011-2012

### AUTO REVIEW

FRKV. AF SMITHERS RAPRA (USA) (SEPT 2012)

**Ónelgd vetrardekk**

| Sæti | Framleiðandi | Tegund | Stig |
|---|---|---|---|
| **1** | **Continental** | **ContiVikingContact 5** | **8.6** |
| 2 | Nokian | Hakkapeliitta R | 8.55 |
| 3 | Michelin | X-Ice 2 | 8.35 |
| 4 | Dunlop | Graspic DS-3 | 7.35 |
| 5 | Toyo | Garit G4 | 7.25 |

**Nelgd vetrardekk**

| Sæti | Framleiðandi | Tegund | Stig |
|---|---|---|---|
| 1 | Nokian | Hakkapeliitta 7 | 9.2 |
| **2** | **Continental** | **ContiIceContact** | **8.9** |
| 2 | Michelin | X-Ice North 2 | 8.9 |
| 4 | Goodyear | UltraGrip Extreme | 8.3 |
| 5 | Yokohama | Ice Guard 35 | 7.45 |
| 6 | Hankook | Winter i*Pike | 7.35 |

Kannanirnar byggja á bremsuveglengd og akstureiginleikum í snjó, hálku, bleytu og þurru

### ContiVikingContact 5

Frábær vetrardekk sem eru framleidd úr gúmmíefnablöndu sem viðheldur mýkt og akstурseiginleikum, jafnvel í miklu frosti. Þetta gerir dekkinu kleift að viðhalda besta mögulega gripi í hálku, lengur en önnur ónelgd dekk. Dekkið hefur verið leiðandi í öllum norrænum prófunum undanfarin ár.



### Conti IceContact

Hápróuð negladekk með nýrri tegund nagla Brilliant Plus. Brilliant Plus þolir fimm sinnum meira álag en venjulegir naglar án þess að losna. Brilliant Plus tryggir hámarks grip og styttri hemlavegalengd í hálku.




SÓLNING *Renndu við*

**www.solning.is**

Kópavogur ☎ 544 5000
Njarðvík ☎ 421 1399
Selfoss ☎ 482 2722

Þú færð **CONTINENTAL** vetrardekkin einnig hjá dekkjaverkstæðum **Pitstop** ☎ 568 2020 og **Barðanum** ☎ 568 3080 og öllum betri dekkjaverkstæðum.

## GENGIÐ 09.10.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,06 | 122,64 |
| Sterlingspund | 195,43 | 196,39 |
| Evra | 157,68 | 158,56 |
| Dönsk króna | 21,143 | 21,267 |
| Norsk króna | 21,27 | 21,396 |
| Sænsk króna | 18,302 | 18,41 |
| Japanskt jen | 1,5589 | 1,5681 |
| SDR | 187,74 | 188,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,1636

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tölvur eru á 96 prósentum íslenskra heimila og netaðgangur á 95 prósentum:

# Nánast allir komnir á netið

**TÆKNI** Tölvur eru nú á 96 prósentum íslenskra heimila og aðgangur að neti á 95 prósentum þeirra. Þetta er meðal niðurstaðna nýrrar rannsóknar Hagstofu Íslands á tölvu- og netnotkun Íslendinga.

Netnotendum hér á landi hefur fjölgað nokkuð frá síðasta ári og eru nú tæp 96 prósent landsmanna.

Undanfarin ár hafa netnotendur mælst flestir á Íslandi og Noregi af öllum ríkjum EES.

Nærri helmingur íslenskra netnotenda tengist netinu með farsíma eða snjallsíma, eða 44 prósent. Nærri helmingur þeirra, eða 45 prósent, tengist netinu þannig daglega.

Þá kemur fram að fjórtíu prósent íslenskra netnotenda tengjast netinu utan heimilis með fartölvum, sem er aukning um sjö prósent frá fyrra ári.

Hagstofan hefur gert rannsóknir á tölvu- og netnotkun Íslendinga á hverju ári síðan 2002. Rannsóknin fer jafnan þannig fram að hringt er í handahófskennt úrtak 2.100 manna og spurningar lagðar fyrir. Sams konar rannsókn er gerð í 29 öðrum Evrópuríkjum. - gb




Könnun á atvinnuhögum:

# 70% ESB-íbúa í þjónustugeira

**ATVINNUMÁL** **Þjónustugeirinn hefur eflst verulega síðustu ár í ríkjum Evrópusamandsins og í fyrra voru þar næstum 70 prósent vinnandi einstaklinga. Frá þessu greinir Eurostat. Rúmur helmingur þeirra vann í einkageiranum, en hinir hjá hinu opinbera.**

**Fjórðungur vinnuafls vann í iðnaði og byggingageiranum, en fimm prósent við landbúnað. Hlutfallið var þó afar mismunandi milli ríkja. Hlutfall Íslendinga í þjónustugeiranum var talsvert hærra, eða 76 prósent.** - þj



**Í HÖRPU** Verðlaunahafar hrósuðu margir Jóni Gnarr borgarstjóra fyrir opnunarræðu hans við veitingu friðarverðlauna LennonOno. Lengst til vinstri eru foreldrar Rachel Corrie, Cindy og Craig, þeim við hlið Carol Blue Hitchens (ekkja Christopher Hitchens), svo John Perkins hagfræðingur og rithöfundur, þá tónlistarkonurnar Lady Gaga og Yoko Ono. Jón Gnarr er í púltinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# „Við erum öll nágrannar“

**Verðlaunahafar á friðarhátíð Yoko Ono hrósuðu Jóni Gnarr sem vill að Reykjavík verði laus við allt hernaðarbrölt. Einn vildi klóna hann og Lady Gaga sagði að fleiri ráðamenn þyrftu að vera eins og borgarstjórinn.**

**FRIÐARMÁL** „Við erum öll nágrannar á þessari jörð,“ sagði tónlistarkonan Lady Gaga eftir að hafa veitt viðtöku friðarverðlaunum LennonOno í Hörpu í gær. Vísaði hún til smæðar jarðarinnar í alheiminum og hvatti fólk til að sýna samhygð í verki. Þannig mætti bæta heiminn.

Lady Gaga notar peningaverðlaun sín til að styrkja stuðningssamtök Eltons John fyrir alnæmissjúka og HIV-smitaða. „Og vinn náið með þeim til að tryggja að peningarnir fari í að styðja börn og ungmenni sem fæðast smituð í Bandaríkjunum,“ sagði hún.

Yoko Ono, ekkja bítilsins Johns Lennon, kynnti fimm styrkþega í gær, en veitt er úr LennonOno-sjóðnum annað hvert ár. Í gær var fæðingardagur Johns Lennon og ljósið á friðarsúlunni í Viðey tendrað í gærkvöldi. Það logar fram á dánardægur hans, 8. desember.

Yoko Ono sagði Lady Gaga fordæmi annarra listamanna fyrir að

> Einhvers staðar brosir Rachel yfir því að vera tengd Lennon með þessum hætti.
>
> **CRAIG CORRIE** FAÐIR RACHEL CORRIE

þora að stíga fram og vinna að því að bæta heiminn. „Allt of fáir þora það, sjálfsagt hræddir um að glata vinsældum,“ sagði hún.

Aðrir sem fengu verðlaun voru Rachel Corrie, sem drepin var í Palestínu í mars 2003 þar sem hún reyndi að verja hús barnafjölskyldu sem Ísraelar ætluðu að rífa. Foreldrar hennar veittu verðlaununum viðtöku. „Einhvers staðar brosir Rachel yfir því að vera tengd Lennon með þessum hætti. Kannski brosir hann með henni,“ sagði Craig Corrie, faðir Rachel.

Ekkja blaðamannsins og rithöfundarins Christhopers Hitches veitti viðtöku verðlaunum sem hann fékk fyrir framlag til opinberrar umræðu og bók um stöðu trúarbragða sem „rótar alls ills“ í heiminum. John Perkin, hagfræðingur og rithöfundur tók á móti verðlaunum fyrir bók sína „Confessions of an Economic Hit Man“. Fjarverandi voru svo meðlimir hljómsveitarinnar Pussy Riot sem fengu verðlaun fyrir baráttu sína fyrir bættum mannréttindum í Rússlandi.

Verðlaunahafarnir í gær höfðu margir orð á því hversu góð opnunarræða Jóns Gnarr borgarstjóra Reykjavíkur hafi verið. Hann ræddi meðal annars um þá ósk sína að gera Reykjavík að algjörlega herlausu svæði. Þá rifjaði hann upp hvernig hann hafi bent öðrum erlendum ráðamönnum á brotalamir í mannréttindamálum. Lady Gaga sagðist óska þess að fleiri væru eins og Jón og Carol Hitchens, ekkja Christophers, sagði að helst þyrfti að klóna hann.

olikr@frettabladid.is



**GAMAN SAMAN** Vel fór á með Jóni Gnarr og Lady Gaga í Hörpunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Teygir á stjórnarskránni:

# Meta þarf EES-samstarfið

**ALÞINGI** Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, segir nauðsynlegt að gera mat á kostum og göllum EES-samningsins, en ýmis ákvæði hans séu farin að „rekast í hana“. Hann segir að farið sé að „togna á stjórnarskránni“ og meira muni reyna á samspil hennar við samninginn á næstunni.



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**

Árni sagðist, á þingi í gær, taka undir með Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra um að væntanlega væri engin leið fær önnur en að gera breytingar á stjórnarskránni til að EES-samningurinn standist, eða þá að segja sig úr samstarfinu. - kóp

Norðmenn breyta áherslum:

# Útlendir fangar í sérfangelsi

**NOREGUR** **Norska ríkisstjórnin hyggst gera Kongsvinger-fangelsið, þar sem nú eru tuttugu erlendir fangar, að fyrsta sérfangelsinu fyrir útlendinga. Alls verður þar rými fyrir 97 erlenda fanga. Gert er ráð fyrir að túlkaþjónusta auk annars verði auðveldari og rekstrurinn hagkvæmari.**

**Markmið stjórnvalda er að sem flestir erlendu fanganna verði fluttir til heimalands síns til þess að afplána hluta refsingarinnar þar. Dómsmálaráðherra Noregs, Grete Faremo, segir í viðtali við norska ríkisútvarpið að útlendir fangar, sem vísa eigi úr landi, eigi ekki að tengjast aftur norsku samfélagi.** - ibs




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VÆTUSAMT** Það verður alvöru pollagallaveður um sunnanvert landið í dag. Dregur úr vætu á morgun víðast hvar en má búast við skúrum fram eftir degi og léttir smám saman til, síst eystra.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 13° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 19° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 9° |
| París | 16° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




## **Umsjá** - Við sjáum um þitt tölvukerfi

**Umsjá** Nýherja sér að fullu um rekstur og hýsingu á tölvukerfi þíns fyrirtækis. **Umsjá** Nýherja veitir viðskiptavinum aðgang að afburða þjónustu allan sólarhringinn, allt árið um kring og kostnaður er ávallt fastur og fyrirsjáanlegur. Láttu sérfræðinga okkar kynna þér kosti **Umsjár** og vertu með **ALT undir CTRL**.

Fyrirtækjaþjónusta Nýherja Sími 569 7700 Borgartúni 37 lausnasala@nyherji.is nyherji.is/umsja

NÝHERJI

# Blandaðar deildir geta skapað hættu

**Brýn þörf er á meiri aðskilnaði milli sjúklinga á geðdeildum LSH við Hringbraut. Framkvæmdir vegna nýrrar geðgjörgæsludeildar standa til á næstu mánuðum. Um 400 manns eru á biðlista eftir meðferðarúrræðum á geðsviði. Biðtími er um fjórir mánuðir.**



**LÍTILL AÐSKILNAÐUR** Mjög misveiku fólki er blandað saman inni á geðdeildum Landspítalans og langflestir deila sjúkrastofu með öðrum. Það getur verið veigamikið öryggisatriði að skilja fólk að. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðbúnaði á geðdeildum Landspítalans (LSH) á Hringbraut er um margt ábótavant, að sögn framkvæmdastjóra geðsviðs spítalans. Fjórar legudeildir eru í húsinu; ein fíknideild og þrjár blandaðar móttökugeðdeildir, og litlir sem engir möguleikar til aðgreiningar eru fyrir hendi eftir veikindastigum fólks.

Helsta vandamálið í bráðaþjónustunni er skortur á úrræðum fyrir veikustu einstaklingana og einnig hitt; að misveikir sjúklingar eru hafðir saman á deildum.

### Markar oft upphaf sjúkrasögu

Bráðaþætti geðþjónustu LSH fyrir fullorðna er sinnt í geðdeildarhúsinu við Hringbraut. Þangað koma hinir bráðveiku og sjúkrasaga flestra þeirra Íslendinga sem veikjast af geðsjúkdómi hefst í þeirri byggingu. Göngudeildarþjónustu og annarri meðferð er einnig sinnt í húsnæðinu.

„Hér er margt sem getur betur farið, við erum ekki að draga fjöður yfir það,“ segir Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs. „Það má ýmislegt segja um hann, bæði gott og slæmt, en aðbúnaðurinn hér er ekki eins góður og við viljum, það er heila málið.“

### Aldraðir og árásargjarnir saman

Sem stendur er fólki með afar ólíkar þarfir sinnt á sömu stöðum á deildunum. Páll segir nauðsynlegt að breyta því, vegna allra þeirra sem í hlut eiga.

„Það er jafnvel verið að sinna fólki sem veit varla hvar það er statt í sömu herbergjum og fólk, sem er langt komið í bataferli, er að fá heimsóknir. Með því er í raun verið að ráðast inn í einkalíf mun veikara fólks,“ segir hann. Þá sé öldruðu fólki og mæðrum með lítil börn sinnt í sama rými og mjög órólegum og jafnvel árásargjörnum einstaklingum. Það sé því veigamikið öryggisatriði að skilja það fólk að.

„Það getur skapað mikið vandamál að blanda sjúklingum með ólíkar hjúkrunarþarfir saman eins og gert er á Hringbraut. Þetta verður oftar en ekki til þess að athygli starfsfólks fer að mestu leyti í einn eða tvo veikustu sjúklingana,“ segir Páll, en sjúklingar hafa oft kvartað yfir skorti á athygli og því að hafa lítið sem ekkert við að vera. Reynt hafi verið að koma til móts við það eins og hægt sé.

### Geðgjörgæsla brýnt úrræði

Legudeildirnar á Hringbraut eru á tveimur göngum. Á öðrum er reynt að hafa órólegri sjúklinga; til dæmis fólk í mikilli maníu og þá sem er gætt vegna sjálfsvígshættu, og reynt er að hafa ganginn lokaðan þar sem yfirseta starfsfólks er stundum nauðsynleg.

Því hefur staðið til í nokkurn tíma að setja á laggirnar svokallaða geðgjörgæsludeild og eiga framkvæmdir að hefjast á næstu mánuðum, ef allt gengur að óskum. Einni af móttökudeildunum verður þá breytt til að veita allra veikasta fólkinu þjónustu.

### Þurfa að biðla til almennings

Verkefnið er ekki hugsað í sparnaðarskyni heldur til að bæta aðbúnað sjúklinga og starfsmanna. Áætlað er að framkvæmdirnar muni kosta um 120 milljónir króna og deildinni verður að loka í tvo til þrjá mánuði á meðan á þeim stendur. Ekki hefur verið lögð fram formleg beiðni um fjármögnun til stjórnvalda vegna breytinganna og Páll veit ekki hvort það verður gert.

„Við þurfum auðvitað fjármagn í þessar aðkallandi breytingar og erum að klóra okkur í höfðinu yfir því,“ segir Páll. „Fjármögnunin mun ganga erfiðlega og eflaust þurfum við að biðla til almennings að hluta.“

### Ólíkar þarfir skapa vandamál

Eins og áður sagði mun gjörgæsludeildin sinna allra veikasta fólkinu; þeim sjúklingum sem geta verið hættulegir sjálfum sér og öðrum. Þá er úrræðið einnig hugsað til að standa vörð um virðingu þeirra sem eru hvað veikastir.

Páll segir allt verða gert til að auka öryggi og tryggja þjónustu svo fólki batni sem fyrst og komist á aðrar deildir. Hinar móttökugeðdeildirnar muni einnig njóta góðs af breytingunum.

> Það er jafnvel verið að sinna fólki sem veit varla hvar það er statt í sömu herbergjum og fólk, sem er langt komið í bataferli, er að fá heimsóknir. Með því er í raun verið að ráðast inn í einkalíf mun veikara fólks.
>
> PÁLL MATTHÍASSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI GEÐSVIÐS LSH

### Enn ólað niður á Norðurlöndunum

Forsvarsmenn geðsviðs LSH fengu til sín sérfræðinga frá Bretlandi til að taka deildina út og leggja til breytingar. Teikningar af hinni nýju deild eru fullunnar.

„Okkar aðstaða er líkari þeirri á Bretlandi en hinum Norðurlöndunum hvað þennan hóp varðar,“ segir Páll, en hann starfaði á geðgjörgæsludeild þar í landi. „Á Norðurlöndunum er til dæmis enn algengt að fólk sé ólað niður ef það er órólegt. Við gerum það hins vegar ekki og það gera Bretar ekki heldur.“

### Kallar á heildarendurskoðun

Framtíðarsýn geðsviðsins er að eingöngu verði einmenningsherbergi á deildunum, en meirihluti þeirra er nú tveggja manna. Vissulega er reynt að raða fólki saman eins vel og hægt er, en það dugar þó ekki alltaf til.

„Deildin verður eins og einn nagli í naglasúpuna. Með henni munum við svo þurfa að endurskoða verkferla og heildarmynd því við erum alltaf að leita að leiðum til að hrista upp í kerfinu og ýta undir nýjar og betri vinnuaðferðir.“

Geðsviðið sinnir langstærstum hluta sérfræðiþjónustu fyrir geðsjúka á landinu og allri sérhæfðri sjúkrahúsþjónustu. Niðurskurður á sviðinu síðustu fjögur ár hefur verið um 23 prósent, en að mati Páls hefur hann náðst án þess að skerða þjónustu við sjúklinga og þeirra öryggi sé áfram tryggt.




Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is


## Geðdeildir LSH sinntu 5.619 sjúklingum í fyrra

| Móttökugeðdeildir | Fjöldi rúma | Fjöldi sjúklinga 2011 | Meðallegutími |
|---|---|---|---|
| 32A | 18 | 317 | 11 |
| 32C | 17 | 301 | 11 |
| 32CB (bráðadeild) | 2 | 234 | 1 |
| 33C | 16 | 273 | 13 |
| Fíknideild 33A | 15 | 375 | 8 |
| Alls | 68 | 1.507 | 8,8 dagar |

ÚR ÁRSSKÝRSLU GEÐSVIÐS ÁRIÐ 2011

**39.135** komur á allar geðdeildir LSH

**13.411** komur á dagdeildir LSH

**1.190** einstaklingar lágu inni

**5.619** einstaklingum var sinnt

## Kleppur í 100 ár



### Órólegu deildirnar á Kleppi – 1951

„Í lok styrjaldarinnar var hafist handa við að byggja tvær deildir sem ætlaðar voru erfiðustu og órólegustu sjúklingunum. Helgi Tómasson [yfirlæknir á Kleppi] hafði lengi barist fyrir byggingu þessara deilda enda sagði hann að þær hefði vantað þegar Nýi-Kleppur var vígður árið 1929. […] Þessi bygging bætti úr brýnni þörf og vinnuaðstaða öll batnaði. Nýtt hugtak, „órólega deildin á Kleppi“, bættist í orðaforða þjóðarinnar […].“

***Úr bók Óttars Guðmundssonar, Kleppur í 100 ár.***

Á MORGUN:
Saga sjúklings á Hringbraut






### Lítið um ný lyf

Engin ný tímamótageðlyf hafa komið fram á sjónarsviðið á síðustu tíu árum. Að sögn Páls hefur þekking á lyfjunum aukist undanfarið, þar á meðal hvaða vandamál geta fylgt þeim, meðal annars aukin meðvitund á ávanahættu róandi lyfja eins og hefur verið fjallað mikið um í fjölmiðlum undanfarin misseri.

### Mikill meirihluti sjúklinga ánægður

Sjúklingar á geðsviði eru almennt ánægðir með þjónustuna, samkvæmt skoðanakönnun sem gæðaráð sviðsins hefur gert undanfarin ár. Niðurstöðurnar í fyrra voru svipaðar og árið á undan, en um 84% sjúklinga telja þjónustuna hjálplega, viðeigandi og alúðlega. Áfram er þó kvartað undir skorti á einhverju að fást við og hluti sjúklinga upplifir sig óöruggan á legudeildum. Þá er starfsfólk geðsviðs ívið ánægðara með sitt umhverfi heldur en almennt gengur og gerist á LSH.

### Biðlistar mikið vandamál

Geðsvið spítalans hafa þá sérstöðu að þar eru bæði biðlistar eftir innlögn og einnig eftir útskrift vegna þess að framhaldsúrræði skortir. Um 400 manns eru á biðlista eftir þjónustu á göngudeildum Landspítalans. „Við önnum ekki eftirspurn og það er rúmlega fjögurra mánaða bið eftir að komast í meðferð á göngudeild,“ segir Páll. „Það er mikið vandamál. Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu ætti að sinna stærri hluta af einfaldari vandamálum, því að þetta gengur ekki svona.“





Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið
Þjóðskrá

Beiðni um breytingu á eiginnafni/nöfnum manns 18 ára og eldri
samkvæmt 13. gr. laga um mannanöfn nr. 45/1996

Núverandi fullt nafn: GOUDA

Kennitala: 540405-0340
Lögheimili: ELDHÚSBORÐ LANDSINS

Eiginnafn/-nöfn verði þannig: GÓÐOSTUR

Fullt nafn verði þannig: ÍSLENSKUR GÓÐOSTUR

Gjald fyrir nafnbreytingu er kr. 6.600 og greiðist eftir útgáfu leyfisbréfs.
Ef umbeðið eiginnafn er ekki á mannanafnaskrá þarf tilskilið gjald kr. 3.000 að fylgja með beiðni.
Nafnbreytingar eru einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á.

Ástæður fyrir umsókn þessari eru:

MÉR VAR BARA FARIÐ AÐ FINNAST ASNALEGT AÐ VERA MEÐ
ÚTLENSKT NAFN ÞEGAR ÉG ER Í RAUN RAMMÍSLENSKUR.

Meðfylgjandi umsókn þessari eru eftirtalin gögn:

☐ Fæðingarvottorð umsækjanda ef hann er fæddur erlendis
☒ Annað NÝJAR UMBÚÐIR!

10/10 '12
Dagsetning

772-4007
Heimasími/gsm-sími

GODOSTUR@MS.IS
Netfang

Gouda
Undirritun umsækjanda

Aðsetur og póstfang
Borgartúni 24
150 Reykjavík

Sími:
569 2900

Bréfasími:
569 2949

Kennitala:
420506-1550

# STAÐA FYRIRTÆKJA GAGNVART LÁNVEITENDUM

Hvað má betur fara í háttsemi og viðskiptaháttum?

**HÁDEGISVERÐARFUNDUR**

Félag atvinnurekenda stendur fyrir opnum hádegisverðarfundi um stöðu fyrirtækja gagnvart lánveitendum á íslenskum markaði. Hvaða vandamál blasa við? Þarf að bæta viðskiptahætti? Hver er afstaða fyrirtækjanna?

**DAGSKRÁ:**

- Vandamál sem koma upp í tengslum við uppgjör og/eða endurnýjun lánasamninga, Ragnar Halldór Hall, hæstaréttarlögmaður.
- Réttarstaða fyrirtækja og viðskiptahættir fjármálafyrirtækja, Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FA.
- Reynslusaga fyrirtækis.

Fundurinn verður haldinn á veitingahúsinu Nauthól, fimmtudaginn 11. október kl. 12:00–13:30.

Verð á hádegisverði 2.000 kr. fyrir félagsmenn FA en 2.900 kr. fyrir aðra. Skráning á bjarndis@atvinnurekendur.is

FÉLAG ATVINNUREKENDA





# AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

**AVS rannsóknasjóður hefur að markmiði að styrkja verkefni, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Sjóðurinn auglýsir nú eftir umsóknum í verkefni með þetta að markmiði. Skilafrestur umsókna er til kl. 17, 1. desember 2012. Umsóknum ber að skila rafrænt á netfangið avs@avs.is og bréflega á póstfangið AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Háeyri 1, 550 Sauðárkrókur**

**Styrkir sem sjóðurinn veitir falla undir tvo flokka:**

**a. Styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna**
Styrkir til afmarkaðra rannsókna- og/eða þróunarverkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Veittur er styrkur til eins árs í senn og skal í umsókn gera grein fyrir verkþáttum og fjármögnun. Hver styrkur getur numið allt að átta milljónum króna.
Hægt er að sækja um styrki til umfangsmeiri verkefna (framhaldsverkefna), sem unnin eru á lengri tíma, eða allt að þremur árum, en sækja þarf um styrk á hverju ári. Hafi verkefnið áður verið styrkt, þarf að gera grein fyrir fullnægjandi framvindu verkefnisins áður en styrkumsókn er afgreidd.

**b. Smá- eða forverkefni**
Hægt er að sækja um styrki til smærri verkefna eða verkefna til undirbúnings stærri verkefna á sviði rannsókna og/eða þróunar. Styrkupphæð er allt að einni milljón króna og skal verkefninu lokið innan tólf mánaða frá úthlutun.

**c. Atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum**
Veittir eru styrkir til verkefna, sem stuðla að nýjum störfum og aukinni verðmætasköpun í sjávarbyggðum. Horft er til ýmissa verkefna, sem geta tengst t.d. framboði á sjávarfangi, ferðaþjónustu, nýjum vörum eða þjónustu. Hámarkstími verkefna er 12 mánuðir og hámarksupphæð styrkja er þrjár milljónir króna.

**Um alla styrki gildir að framlag sjóðsins má ekki fara fram yfir 50% af heildarkostnaði og sjóðurinn tekur ekki þátt í að styrkja fjárfestingar.**

**Nánari upplýsingar og umsóknarblað er að finna á heimasíðu sjóðsins www.avs.is.**

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytisins og veitir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi • Háeyri 1 • 550 Sauðárkrókur • sími 453-6161 • www.avs.is

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi





SAFT

KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ GAGNRÝNUM HÆTTI

Heimili og skóli

www.saft.is


Samkomulag um þjóðaratkvæðagreiðslu Skota:

# Kosið um sjálfstæði




**ALEX SALMOND** Forsætisráðherra heimastjórnar Skotlands. NORDICPHOTOS/AFP

**SKOTLAND** Breska stjórnin og skoska heimastjórnin hafa náð samkomulagi um þjóðaratkvæðagreiðslu í Skotlandi, þar sem Skotar fá tækifæri til að segja skoðun sína á því hvort lýsa eigi yfir sjálfstæði.

Kosningarnar verða haldnar í síðasta lagi árið 2014.

Þau Nicola Sturgeon, aðstoðarforsætisráðherra heimastjórnar Skotlands, og Michael Moore, Skotlandsmálaráðherra bresku ríkisstjórnarinnar, sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu um þetta í gær. **- gb**



**MALALA YOUSOUFZAI** Borin af vettvangi í sjúkrabörum, en er sögð munu ná sér af sárum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skotin fyrir að gagnrýna

**Malala Yousoufzai er aðeins fjórtán ára en vel þekkt í Pakistan fyrir baráttu sína fyrir menntun stúlkna. Í gær varð hún fyrir skotárás talibana í skólavagni.**

> Þetta var nýr kafli í ósiðsemi og við verðum að ljúka þessum kafla. Við gerðum þessa árás.
>
> **AHSANULLAH AHSAN**
> TALSMAÐUR TALIBANAHREYFINGARINNAR

**PAKISTAN, AP** Skólavagn fullur af börnum var í þann mund að leggja af stað frá skólalóð í bænum Mingora í austanverðu Pakistan í gær þegar maður nokkur kom að bílnum og spurði eftir stúlku, sem heitir Malala Yousoufzai. Önnur stúlka benti á hana, en þá dró maðurinn upp byssu og skaut þær báðar.

Malala fékk skot í bæði háls og höfuð, en er ekki sögð lífshættulega særð. Talið er að hin stúlkan muni einnig ná sér. Þær eru báðar á sjúkrahúsi.

Þótt Malala sé aðeins fjórtán ára gömul er hún vel þekkt í Pakistan fyrir baráttu sína fyrir menntun stúlkna. Hún er einnig þekkt fyrir að tala opinskátt um voðaverk talibana. Í fyrra var hún tilnefnd til alþjóðlegra friðarverðlauna barna.

Árásarmaðurinn var talibani, en talibanahreyfingin er mjög andsnúin því að stúlkur fái menntun. Talibanahreyfingin hefur lýst yfir ábyrgð sinni á árásinni, og segir að barátta Malala hafi verið ósiðleg.

„Þetta var nýr kafli í ósiðsemi, og við verðum að ljúka þessum kafla,“ sagði Ahsanullah Ahsan, talsmaður talibanahreyfingarinnar, í símaviðtali við fréttastofuna AP. „Við gerðum þessa árás.“

Talibanar hafa áður hótað henni og fjölskyldu hennar.

Malala var aðeins ellefu ára gömul þegar hún byrjaði að blogga undir dulnefni fyrir BBC á tungumáli sínu, sem er urdu. Á blogginu skrifaði hún um það hvernig er að búa við hernám talibana, sem réðu lögum og lofum á heimaslóðum hennar í Swat-dalnum.

Eftir að talibanar voru svo reknir úr Swat-dalnum árið 2009 fór hún að tala opinskátt undir eigin nafni um talibanahreyfinguna og um nauðsyn menntunar fyrir stúlkur.

Á síðasta ári tók hún þátt í málþingi barna á vegum UNICEF í Swat-dalnum og talaði þá um mikilvægi þess að börn létu rödd sína heyrast.

Kamila Hayat hjá Mannréttindanefnd Pakistans hrósaði Malala fyrir að standa upp í hárinu á ofbeldismönnunum og senda þau skilaboð til umheimsins að pakistanskar stúlkur hafi hugrekki til að berjast fyrir réttindum sínum.

Hún sagðist samt óttast að árásin verði til þess að foreldrar annarra barna muni koma í veg fyrir að þau segi hug sinn.

„Þetta eru öfl sem vilja fara með okkur aftur til myrku aldanna,“ segir Hayat. **gudsteinn@frettabladid.is**

# BURT ÚR BÆNUM

**MEÐ HÓPINN ÞINN** **FLUGFELAG.IS** | **75** | ÁR Á FLUGI




**VS.**




**NÁNARI UPPLÝSINGAR á hopadeild@flugfelag.is eða í síma 570 3075.**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR með því að hrista saman hópinn í alveg nýju landslagi. Starfsmannafélagið gæti komið sér upp vinabæjarfélagi. Það er lærdómsríkt að sjá hvernig vinnufélagarnir fóta sig í öðrum landshlutum. Gerðu árshátíðina ógleymanlega eða komdu liðinu á óvart með spennandi óvissuferð.

**Frábær ferðatilboð til allra áfangastaða okkar innanlands og líka til Færeyja.**

*FLUGFÉLAG ÍSLANDS*

## Forsetakosningarnar í Bandaríkjunum

# Fjármagnið spillir málefnaumræðunni

**Bandarísku stjórnmálaráðgjafarnir Bob Carpenter og Rick Ridder hafa um árabil unnið hvor fyrir sinn stjórnmálaflokkinn í kosningum, en þeir eru engu að síður nokkuð sammála um hvernig kosningabaráttan hefur gengið fyrir sig.**

Þeir Carpenter og Ridder fóru yfir stöðuna í bandarísku kosningabaráttunni á opnum fundi sem Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og bandaríska sendiráðið á Íslandi stóðu fyrir í gær.

Þeir telja stöðu Baracks Obama forseta fyrir lokasprettinn afar sterka þar sem hann eigi vísan stuðning mun fleiri kjörmanna. Hann þurfi til dæmis aðeins að sigra í öðru hvoru stærstu lykilríkjanna svokölluðu, Flórída eða Ohio, til að tryggja sigurinn. Hjá repúblikananum Mitt Romney þarf því allt að ganga í haginn svo hann eigi möguleika á sigri.

Fréttablaðið hitti þá fyrir og spurði út í stöðu mála. Þeir eru sammála um margt, en þeir harma til dæmis báðir hve stórt hlutverk fjársterkir styrktarsjóðir hafa leikið. Vegna þeirra hafi málflutningur frambjóðendanna sjálfra átt erfitt með að ná eyrum kjósenda.



**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is

### Bob Carpenter
Repúblikani

### Rick Ridder
Demókrati

**1. Hvernig hefur frambjóðendum gengið að koma málefnastöðu sinni til skila í baráttunni?**

**Bob Carpenter:** **1.** Þeir fjalla ekki eins mikið um málefni og í nokkrum síðustu kosningum og baráttan er persónulegri en áður. Efnahagsmál eru í forgrunni, en þeir fara ekki eins djúpt ofan í málin og þyrfti.

**Rick Ridder:** **1.** Ég tel að það sé alls ekki verið að ræða hin mikilvægu málefni. Áherslan er vissulega á efnahagsmál, en það eru líka önnur málefni sem snerta almenning sem eru hunsuð, allt frá réttindum samkynhneigðra til þátttökunnar í stríðinu í Afganistan.

**2. Aldrei hefur verið safnað og eytt jafn miklum fjármunum í forsetakosningar. Spila fjármunir, meðal annars úr ótengdum styrktarsjóðum (SuperPACs), of stórt hlutverk í baráttunni?**

**Bob Carpenter:** **2.** Algerlega. Mér finnst framganga styrktarsjóðanna vera að grafa undan málflutningi frambjóðendanna. Þeirra orð hverfa í hávaðanum frá ótengdu aðilunum og kjósendur eiga erfitt með að fá þeirra skilaboð beint. Sjóðirnir gefa tóninn í baráttunni og sá tónn hefur verið illkvittinn að þessu sinni.

**Rick Ridder:** **2.** Já, vissulega. En það sem skiptir máli er að almenningsálitið hefur frekar fylgt framkomu og málflutningi, en því sem er í auglýsingum. SuperPAC-sjóðirnir skapa umhverfi þar sem sífellt erfiðara verður fyrir frambjóðendur að koma sínum boðskap á framfæri. Þeir ráða engu um það sem kemur fram í auglýsingum sjóðanna. Svo er líka afar lítið um jákvæðar auglýsingar í gangi þar sem frambjóðendurnir þurfa að eyða miklu púðri í að svara ásökunum frá SuperPac-sjóðunum.

**3. Haldið þið að einstök tilefni eins og slæm frammistaða Obama í kappræðum, eða upptakan þar sem Romney gagnrýndi 47% landsmanna fyrir að vera háð ríkinu, geti skipt sköpum í baráttunni?**

**Bob Carpenter:** **3.** Þetta var í fyrsta sinn sem Romney kom fram fyrir þjóðina til að kynna sig og sín mál. Hingað til hefur hann talað við kjósendur Repúblikana, en þarna gat hann sýnt að hann hafði sannarlega vald og þekkingu á málefnunum. Obama stóð sig illa en það eru tvennar kappræður eftir og nægur tími fyrir báða til að rísa eða falla oft. Romney sýndi hins vegar að hann getur valdið því að vera forseti og það hefur sannfært marga.

**Rick Ridder:** **3.** Eitt atvik getur vissulega skipt sköpum, en ég held að ummæli Romneys um 47 prósentin muni hafa meiri áhrif en frammistaða Obama í kappræðunum. Ummæli Romneys féllu vel að þeirri mynd sem liðsmenn forsetans drógu upp af Romney, en það sama er ekki hægt að segja um frammistöðu Obama, sem hefur líka færi á að ná vopnum sínum í næstu tveimur kappræðum.

**4. Nú er baráttan tvískiptari en áður og færri kjósendur sem verið er að berjast um. Sést það á baráttunni?**

**Bob Carpenter:** **4.** Á þessum tímapunkti eru af 538 kjörmannaatkvæðum 106 sem keppnin stendur um. Forsetinn er með 251 sem eru líklega hans og hann þarf bara 19 í viðbót. Baráttan hefur staðið í mörg ár þannig að langflestir eru þegar búnir að gera upp hug sinn. Til að höfða til miðjunnar verður að skerpa á stefnumálunum.

**Rick Ridder:** **4.** Klárlega. Þessi barátta snýst um þrjár milljónir kjósenda úr hópi 200 milljóna skráðra kjósenda. Það eru óákveðnir í lykilríkjunum. Þetta er minni hópur vegna þess hve skörp skil hafa verið dregin milli frambjóðendanna.

**5. Er möguleiki á sviptingum á lokasprettinum?**

**Bob Carpenter:** **5.** Við reiðum okkur á bandarískan almenning og því er aldrei að vita. Obama er með fjölmennustu ríkin á sínu bandi, en Flórída og Ohio eru mikilvægust sem enn er keppt um. Ef Obama vinnur annað hvort þeirra ríkja mun hann halda embættinu. Romney á alltaf möguleika en það verður allt að ganga upp. Hann mun nýta síðustu vikurnar vel og berjast en Obama er með vindinn í bakið eins og er.



**Rick Ridder:** **5.** Þetta mun ganga fram og til baka, en ég spái því að Obama muni vinna, en þegar allt er tekið með, til dæmis frambjóðendur annarra flokka, mun hann sennilega ekki fá meira en helming atkvæða. Obama er með bakið upp við vegginn og þannig stendur hann sig jafnan best.



SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Yeti 2.0 TDI, 4x4** kostar aðeins frá kr:

**4.650.000,-**

Í **ŠKODA Yeti** er sérhver ökuferð einstök. Yeti er sterkur en samt nettur og tekst auðveldlega á við allar aðstæður.

Undir vélarhlífinni er Yeti með aflmikla og sparneytna 2.0TDI dísilvél sem eyðir aðeins frá 6 lítrum á 100km.

**Umboðsmenn**

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

Fyrirlestur í Háskólabíó í dag:

## Rocard ræðir Norðurslóðir

**NORÐURSLÓÐIR** Michel Rocard, sérlegur sendimaður forseta Frakklands í málefnum heimskautanna, flytur fyrirlestur um alþjóðlega samvinnu á norðurskautssvæðinu í Háskóla Íslands í dag. Fyrirlesturinn er haldinn í hátíðasal Háskólans og hefst klukkan tólf.

Heimsókn Rocards, sem er fyrrum forsætisráðherra Frakklands, er í tengslum við sérstakt samstarf Íslands og Frakklands um rannsóknir á norðurskautssvæðinu. **- þj**

Bandarísk þingnefnd vill loka á kínverska upplýsingatæknifyrirtækið Huawei og farsímaframleiðandann ZTE:

# Hér ræður reynslan af Huawei framhaldinu

**UPPLÝSINGATÆKNI** Bandarísk þingnefnd sem fjallar um öryggismál leggst gegn því að kínversku tæknifyrirtækin Huawei og ZTE fái að eiga viðskipti í Bandaríkjunum. Fyrirtækin eru sögð ógna öryggi landsins vegna mögulegra áhrifa frá stjórnvöldum í Kína og hættunnar á njósnum.

Tæknirisinn Huawei er næstumsvifamesti framleiðandi netbeina (e. router) í heiminum, á eftir sænska fyrirtækinu Ericsson. ZTE er í fimmta sæti í heiminum á sviði farsíma.

Huawei hafnaði í gær aðdróttunum þingnefndarinnar. Í yfirlýsingu Williams Plummer, aðstoðarforstjóra Huawei, sagði hann fráleitt að fyrirtækið myndi hætta viðskiptahagsmunum með ólögmætu framferði. Þá hvöttu stjórnvöld í Kína bandarísk stjórnvöld til að „láta fordóma til hliðar“ og reyna fremur að stuðla að efnahagslegri samvinnu ríkjanna.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone á Íslandi, býst ekki við því að nýtt álit bandarísku þingnefndarinnar breyti nokkru í afstöðu fyrirtækisins til kínverska tæknirisans Huawei. „Vodafone Global mælir sterklega með þeim og okkar reynsla af þeim er góð,“ segir hann. „Sú reynsla verður að ráða för í okkar fjárfestingum og tækniuppbyggingu.“

Þá segist Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri NOVA, telja ásakanirnar á hendur Huawei langsóttar, þótt sjálfsagt sé að fylgjast með þróun mála. Hún telur að viðskiptahagsmunir kunni að vega þungt í afstöðu Bandaríkjamanna til kínversku tæknifyrirtækjanna. **- óká**



**SKÝRSLAN KYNNT** Mike Roges nefndarformaður kynnir skýrslu sem telur kínversk tæknifyrirtæki ógna öryggi í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ALLT TIL REIÐU** Vindur var of mikill til að þorandi þótti að ráðast í stökkið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ofurhuginn Baumgartner:

## Þurfti að fresta stökkinu mikla

**BANDARÍKIN Austurríski stökkvarinn Felix Baumgartner þurfti að hætta við að stökkva til jarðar í gær úr 36 kílómetra hæð.**

**Veðurskilyrði þóttu ekki nógu hagstæð og ekki er útlit fyrir skárra veður næstu daga.**

**Baumgartner þurfti að fresta stökkinu fyrr um daginn, en ákvað svo að halda áfram og var kominn um borð í loftbelgshylkið, sem hann hugðist stökkva úr, þegar fresta þurfti stökkinu á nýjan leik. - gb**

Hiti sjávar hækkar í heiminum:

## Fiskar minnka um fjórðung

**VÍSINDI** Vísindamenn við háskóla í Bresku-Kólumbíu í Kanada hafa komist að því að fiskar geta minnkað um allt að 24 prósent við hlýnun hafsins.

Gert er ráð fyrir að minnkunin geti orðið mest í Atlantshafi og Indlandshafi.

Aukið hitastig hafsins getur dregið úr súrefnismagni þess, að því er greint er frá á fréttavef BBC. Rannsókn vísindamannanna leiddi í ljós að við aukið hitastig hafsins aukast efnaskipti fiskanna. Aukin efnaskipti kalla á meira súrefni en fiskarnir fá ekki nóg súrefni til að vaxa.

Vísindamennirnir segja frekari rannsókna þörf vegna takmarkandi þátta í þessari rannsókn. **- ibs**


RÁÐSTEFNA REYKJAVÍK
12.-13. OKTÓBER 2012
Í HRINGSALNUM, LANDSPÍTALA HÁSKÓLASJÚKRAHÚSI
Skaðleg áhrif hávaða
á rödd, heyrn og líðan
í námsumhverfi barna
UPPLÝSINGAR & SKRÁNING Á:
WWW.RODD.IS







©DISNEY
VIÐ VILJUM SJÁ ÞIG
Arion banki, í samstarfi við Umferðarstofu, sendir á næstu dögum öllum börnum fæddum árið 2006 endurskinsmerki að gjöf. Önnur börn sem langar í merki geta nálgast þau í næsta útibúi Arion banka á meðan birgðir endast.
Komdu í heimsókn því við viljum sjá þig.
Disney KLÚBBURINN
UMFERÐARSTOFA
Arion banki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ekki hægt að gera nauðsynlegar úrbætur á geðdeild án aðkomu almennings:

## Aðstöðulausir gjörgæslusjúklingar

Engin sértæk úrræði eru fyrir hendi hér á landi fyrir fólk sem er bráðveikt á geði, engin gjörgæsla eða sérstök deild þar sem vakað er yfir þeim sem geta reynst sjálfum sér og jafnvel öðrum hættulegir. Þessi hópur dvelur nú með fólki sem er komið vel á veg í bata, jafnvel öldruðum eða ungum mæðrum.

Það er auðvitað óviðunandi með öllu að aðstæður veikasta hópsins skuli í raun vera bágastar og þetta ástand er ekki aðeins ótækt fyrir veikasta fólkið heldur einnig hina sem eru minna veikir og upplifa ekki það öryggi sem þeir ættu að búa við inni á geðdeild.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Fréttablaðið birtir í dag fyrstu greinina af sex þar sem Sunna Valgerðardóttir fjallar um aðbúnað geðsjúkra Íslandi. Í grein dagsins í dag eru þessar aðstæður í brennidepli. Fram kemur að brýn þörf sé á meiri aðskilnaði milli sjúklinga á geðdeildum á Landspítalanum við Hringbraut.

Hugur forráðamanna geðsviðs stendur til að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæði geðdeildarinnar við Hringbraut til þess að þar verði hægt að koma á fót geðgjörgæslu. Hins vegar er fjármögnun þess verkefnis ekki tryggð og telur Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs, að biðla þurfi til almennings að hluta. Það eru stór orð.

Á geðsviði hefur verið skorið niður um nærri fjórðung frá efnahagshruninu fyrir fjórum árum. Að mati framkvæmdastjórans hefur niðurskurðurinn ekki skert þjónustu við sjúklinga eða dregið úr öryggi þeirra. Hins vegar er ljóst að aðbúnaður sjúklinga á geðsviði er alls ekki nægilega góður.

Notendur þjónustu geðsviðs eru viðkvæmir. Það skiptir því miklu fyrir þann hóp að aðbúnaður sé þannig að þeim líði eins vel og kostur er, að tilfinning þeirra sé að þeir eigi skjól meðan á innlögn þeirra stendur.

Þrátt fyrir ófremdarástand sýnir könnun að 84% sjúklinga á geðsviði telja sig fá hjálplega og viðeigandi og alúðlega þjónustu þrátt fyrir að þeir telji sig skorta viðfangsefni og að hluti sjúklinga upplifi sig óöruggan á legudeildum.

Um notendur þjónustu geðsviðs er því farið eins og þorra þeirra sem nota heilbrigðisþjónustuna á Íslandi sem ber nánast án undantekninga saman um að þjónustan sé frábær þrátt fyrir að niðurskurðurinn í heilbrigðiskerfinu sé kominn að þolmörkum. Hjá sjúklingum á geðdeildum, eins og annars staðar, byggir ánægjan fyrst og fremst á því hversu heilbrigðiskerfið hefur á að skipa framúrskarandi starfsfólki, fólki sem dag hvern leggur sig fram um að hlynna að og þjóna sjúklingum þannig að batamöguleikar þeirra séu sem bestir og líðan eins góð og kostur er miðað við aðstæður. Ekki aðeins beinir notendur heilbrigðisþjónustunnar, sjúklingarnir, og aðstandendur þeirra, heldur samfélagið allt stendur í þakkarskuld við þetta fólk.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



flutt
í Skútuvog 11
( Beint á móti Húsasmiðjunni og Blómavali )
Stofnað 1988
Neyðarþjónustan
Lásasmiðurinn
www.las.is
Verslun: Skútuvogi 11 • 104 Reykjavík • 510 8888

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flokkur skynseminnar?

Stjórnmálaorðræðan breytist lítið. Um það vitnar eftirfarandi tilvitnun í Gunnar Braga Sveinsson, formann þingflokks Framsóknarflokksins: „Það var nóg að hafa hægri öfgarnar fyrir nokkrum árum, nú eru það þessar sósíalísku vinstri öfgar sem ráða öllu. Menn eiga bara að fara veg skynseminnar í þessum málum og fara að efla atvinnu.“ Gunnar hlýtur að telja sinn flokk á vegi skynseminnar og kannski Framsókn ætti að fá lánað gamalt slagorð Trabant-klúbbsins: „Skynsemin ræður.“



### Orðmargir Norðmenn

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, kallað á þingi eftir því að gerð yrði úttekt á kostum og göllum EES-samningsins. Hann vísaði í sambærilega úttekt hjá Norðmönnum, en taldi kannski ekki þörf á jafn ítarlegri skýrslu hér á landi enda væru Norðmenn „þekktir fyrir langar og miklar skýrslur“ eins og hann orðaði það. Svo mörg voru þau orð.

### Mælifræðilega kýrskýrt

Áhugasamir geta nú sent inn umsagnir til innanríkisráðuneytisins um drög að reglugerð um mælifræðilegt eftirlit með gjaldmælum leigubíla. Lesendum til hægðarauka má lesa fyrstu greinina hér: „Gjaldmælir leigubifreiðar er búnaður sem vinnur ásamt merkjavaka sem mælitæki. Mælir hann tímalengd og reiknar vegalengd á grundvelli merkis sem kemur frá vegalengdarmerkjavakanum. Að auki reiknar hann og sýnir fargjaldið sem greiða skal fyrir ferð á grundvelli reiknaðrar vegalengdar og/eða mældrar tímalengdar ferðarinnar.“




kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ábyrg stjórnmál

Stjórnmál



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Margt hefur áunnist frá efnahagshruninu á haustdögum 2008 og ýmislegt hefur verið vel gert. Engu að síður er mikil þrekraun fram undan. Greiða þarf niður skuldir á næstu árum og varðveita þannig efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Það verður ekkert áhlaupaverk, en samt vel gerlegt ef ástunduð eru ábyrg stjórnmál næsta áratuginn. Helsta hættan er sú að flokkarnir falli í hefðbundið far og lofi stórfelldum nýjum útgjöldum úr ríkissjóði. Því miður eru fyrstu kosningatilboðin komin fram bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu. Staðreyndin er sú að þetta eru innistæðulaus fyrirheit og auka aðeins á vandann.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verður halli á rekstri ríkissjóðs sem nemur 60 milljörðum króna á næsta ári. Í vaxtagjöld fara 15% af tekjum ríkisins eða um 88 milljarðar króna. Á komandi kjörtímabili 2013-17 er gert ráð fyrir að vaxtagjöldin verði samtals um 370 milljarðar króna. Til samanburðar eru barnabætur næsta árs áætlaðar 10,7 milljarðar króna. Vaxtagjöldin verða aðeins til þess að skerða þjónustu hins opinbera, nú eða síðar. Fyrir peninga sem fara til þess að greiða gamlar skuldir fæst engin velferð. Eina skynsama leiðin er að lækka skuldir og lækka vaxtakostnaðinn. Þegar það hefur verið gert er hægt að auka við í velferðarkerfinu.

Fjármálaráðherra hefur sett fram það markmið að greiða niður skuldir á viðunandi stig á tíu árum. Til þess að svo megi verða þarf að lækka þær um 75 milljarða króna á hverju ári. Að auki eru uppsafnaðar lífeyrisskuldbindingar sem virðist óhjákvæmilegt að falli á ríkið, alls um 430 milljarðar króna. Augljóst er að auka þarf tekjur ríkisins og lækka útgjöld til þess að ná fram nauðsynlegum afgangi. Annars er voðinn vís ef áfram verður lifað um efni fram. Það er hægt að auka veiðar á þorski umtalsvert á næstu árum og nýta aðrar náttúruauðlindir meira. En það þarf að endurskipuleggja rekstur hins opinbera og finna leiðir til þess að veita svipaða þjónustu og velferð með minni kostnaði. Ábyrg stjórnmál eru stóra pólitíska verkefnið sem blasir við í aðdraganda næstu alþingiskosninga.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn 10. október gegn þunglyndi

Heilbrigðismál
Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra



Í dag eru liðin 20 ár frá því að alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn var haldinn í fyrsta sinn og er sjónum nú beint að þunglyndi. Dagurinn er vakningardagur, ætlaður til að upplýsa og fræða fólk um mikilvægt málefni sem kemur okkur öllum við og skapa jákvæða umræðu um geðheilsu. Þrátt fyrir árangursríkar leiðir til að meðhöndla þunglyndi, skortir víða á aðgengi fólks að meðferðarúrræðum og hefur verið bent á að hjá sumum þjóðum fái innan við 10% þeirra sem á þurfa að halda viðeigandi meðferð.

Áætlað er að um 20% þjóðarinnar líði fyrir þunglyndi á einhverjum tíma ævinnar en þrátt fyrir að það sé svo algengt gerir fólk sér oft litla grein fyrir eðli sjúkdómsins. Þunglyndi fer ekki í manngreinarálit og getur lagst á fólk á öllum aldri, þótt oft geri það vart við sig snemma á ævinni eða um 18–30 ára aldur. Oft fylgir þunglyndi langvinnum líkamlegum sjúkdómum.

Velflestir þeirra sem þjást af þunglyndi leita fyrst til heilsugæslunnar og margir fá þar meðferð. Miklu skiptir að fagfólk heilsugæslunnar sé vel í stakk búið til að greina þunglyndi, veita meðferð eða vísa fólki á þá hjálp sem best kemur að gagni. Í tengslum við átakið Þjóð gegn þunglyndi er sinnt fræðslustarfi fyrir fagfólk og haldin námskeið fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að bæta færni þess í að greina og meðhöndla þunglyndi.

Á liðnum árum hafa áherslur í geðheilbrigðismálum breyst mikið og má segja að orðið hafi vitundarvakning um mikilvægi geðheilbrigðis og geðræktar. Fjölmargir vinna að forvarnarverkefnum sem styðja við geðheilbrigði og má þar nefna Embætti landlæknis, heilsugæsluna, sveitarfélög og ýmis notenda- og félagasamtök sem hafa sinnt sálfélagslegri þjónustu við geðsjúka í ríkum mæli.

Embætti landlæknis ýtti nýlega úr vör viðamiklu verkefni undir yfirskriftinni Heilsueflandi skólar þar sem unnið er markvisst að heilsueflingu á öllum skólastigum og veitt ráðgjöf um hvernig stuðla megi að farsælum samskiptum, jákvæðum skólabrag og vellíðan nemenda og starfsfólks. Þá stendur embættið að verkefninu Vinir Zippýs sem er alþjóðlegt forvarnarverkefni á sviði geðheilsu fyrir börn á aldrinum 5-7 ára. Annað verkefni sem embættið hefur þróað að undanförnu er forvarnarnámsefni gegn ofbeldi í nánum samskiptum unglinga sem ber heitið Örugg saman, ætlað unglingum í efstu bekkjum grunnskóla og miðar að því að auka vitund um einkenni andlegs, líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis og efla jákvæð samskipti.

Árið 2005 var undirrituð af hálfu Íslands yfirlýsing og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum kennd við Helsinki. Þar er geðheilbrigði sett í öndvegi og geðrækt, meðferð, umönnun og endurhæfing vegna geðrænna vandamála gerð að forgangsverkefnum hjá aðildarlöndum Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Heilbrigðisyfirvöldum ber að draga vagninn, móta stefnu og skilgreina áherslur og verkefni á sviði geðheilbrigðismála en mikilvægt er að sú vinna fari fram í nánu samstarfi við hagsmunaaðila. Í drögum að heilbrigðisáætlun til ársins 2020 er áætlað að unnin verði stefna í geðheilbrigðismálum og átak gert í að vinna gegn fordómum, mismunun og félagslegri einangrun vegna geðraskana.

Með aukinni þekkingu á geðheilbrigði og fræðslu til almennings hafa fordómar í garð þeirra sem glíma við geðraskanir látið undan síga. Átak hefur verið unnið af sveitarfélögum, heilbrigðis- og menntakerfinu, hagsmunaaðilum, notenda- og félagasamtökum og einstaklingum sem láta sig þessi mál varða og hafa í gegnum tíðina unnið ómetanlegt starf við að breyta hugarfari og opna umræðuna um geðsjúkdóma. Margir einstaklingar hafa opnað reynsluheim sinn og rætt af einlægni og kjarki um baráttu sína og hefur það án efa haft áhrif á umræðuna og dregið úr fordómum.

Geð er eitthvað sem við eigum öll sameiginlegt. Gott heilsufar byggist jafnt á því að stunda geðrækt og að leggja rækt við líkamann. Höfum því hugfast að geðrækt er nauðsynlegur þáttur í almennri heilsueflingu landsmanna.

# Ekki misskilja spurningarnar

Ný stjórnarskrá
Smári McCarthy
lýðræðissinni



Kosningarnar 20. október næstkomandi snúast ekki um hvort það eigi að taka upp nýja stjórnarskrá. Það er gengið út frá því að það verði samin ný stjórnarskrá og hún fari í gegnum ferli hjá Alþingi. Eins og staðan er í dag hefur Alþingi eitt vald til að setja nýja stjórnarskrá, en það er gert með því að frumvarp er samþykkt á þingi, því næst er þingi slitið, þingkosningar eru haldnar í kjölfarið og nýtt þing staðfestir fyrra frumvarp óbreytt.

En um hvað er þá kosið 20. október?

Spurningarnar sex fjalla um hvaða eiginleika ný stjórnarskrá mun hafa.

Fyrsta spurningin fjallar um hvort það eigi að leggja tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar nýju stjórnarskránni, eða hvort hún eigi að vera samin frá A til Ö í forsætisnefnd Alþingis. Það að svara nei þýðir ekki að þú viljir ekki nýja stjórnarskrá, enda er ekki verið að spyrja að því, heldur hvort þú viljir frekar flokkspólitíska samsuðu á nýrri stjórnarskrá en stjórnarskrá sem var samin í gegnum einstakt þátttökulýðræðislegt ferli sem rúmlega þúsund manns komu að.

Frumvarp stjórnlagaráðs er fyrir margar sakir stórmerkilegt.

Alls staðar í heiminum veit fólk af því sem gerðist á Íslandi, og fólk talar um það af stakri öfund hversu frábært ferlið var, bæði með þjóðfundinn og stjórnlagaráð, þar sem almenningur fékk beina aðkomu að gerð á nýrri stjórnarskrá. Ef betra ferli er mögulegt er það mannkyninu óþekkt enn. Það er ekki betra að Alþingi krukki í frumvarpinu, enda væri Alþingi þá að taka ákvarðanir um eigin valdmörk.

Það hefur farið óneitanlega í taugarnar á mér hversu margir misskilja þessar kosningar. Sumir, sérstaklega úr röðum Sjálfstæðisflokksins, hafa verið vísvitandi að hvetja fólk til að mæta ekki á kjörstað, eða ef þau mæta, að segja nei við öllu, eða annað álíka. Fyrir mér hljómar þetta mjög barnalega.

Væri ekki réttara að kynna sér málefnin og svara þeim málefnalega?

Spurningar eins og „finnst þér að öll atkvæði eigi að vega jafnt“ og „finnst þér að almenningur eigi að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu“ eru spurningar sem er alveg þess virði að eyða nokkrum mínútum í að hugsa um.

Ég hef pælt mikið í þessu, eins og sem betur fer margir aðrir, og mitt svar 20. október er ekkert leyndarmál: já, já, nei, já, já, já.

Endilega kynnið ykkur frumvarp stjórnlagaráðs, kynnið ykkur spurningarnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni, og mætið svo á kjörstað!



# Sáttahönd í Gálgahrauni

Skipulagsmál

Gunnsteinn Ólafsson
tónlistarmaður



Hart er tekist á þessa dagana um Gálgahraun á Álftanesi. Vegagerðin situr að samningum við verktaka til að leggja nýjan veg um hraunið. Skammt er þess að bíða að stórvirkar vinnuvélar verði gangsettar og einstök náttúruperla eyðilögð. Andstæðingar framkvæmdarinnar hafa bent á ótvírætt verndargildi hraunsins, það sé á náttúruminjaskrá samkvæmt undirritun ráðherra. Ráðaherraundirskriftin er bæjaryfirvöldum í Garðabæ samt ekki pappírsins virði: þau sitja við sinn keip, harðákveðin í að leggja veg yfir merkustu söguslóðir bæjarins. Í hrauninu eru fornir stígar frá landnámi, klettar sem Kjarval máluði og jarðhringur sem gæti verið frá heiðnum tíma, að ógleymdu verðmæti hraunsins sem ósnortins víðernis í þéttbýli.

Margir furða sig á þessari miklu vegarlagningu. Undrun vekur t.d. að aldrei var annað vegstæði kannað fyrir nýjan Álftanesveg en um Gálgahraun, sem þó nýtur ótvírætt verndar samkvæmt náttúruverndarlögum um vernd eldhrauna. Í umhverfismati var heldur engin tilraun gerð til þess að sníða agnúa af núverandi vegi og finna viðunandi lausn þeim megin.

Styrinn stendur um 500 metra vegkafla framhjá nýreistum húsum í Prýðahverfi. Hans vegna á að fara með Álftanesveg út í hraunið, tveggja kílómetra leið. Hægt væri að hafa veginn á sama stað og leggja hann í skála eða stokk við hverfið. Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ hafnar þeirri leið. Í viðtali við Morgunblaðið 27. september sl. segir hann: „Auðvitað væri það ágætt að taka veginn í stokk og hlífa öllu en veruleikinn er sá að við höfum ekki marga milljarða til slíkra framkvæmda.“ Með þessum orðum slær bæjarstjórinn ryki í augu almennings. Í fyrsta lagi gefur hann til kynna að Garðabær standi straum af framkvæmdinni en ekki ríkið. Í öðru lagi er kostnaðarhugmynd bæjarstjórans út úr öllu korti. Árið 2001 var gert umhverfismat vegna stokks á Hallsvegi í Reykjavík. Þar segir að „lauslega áætlað sé aukinn kostnaður vegna 400 m langs vegstokks í Hallsvegi og mislægra gatnamóta við Víkurveg áætlaður um 480 milljónir króna“ (um 900 milljónir á núverandi verðlagi samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands). Þarna er um sams konar stokk að ræða eins og kæmi til greina að reisa á 500 metra kafla við Prýðahverfi. Kostnaðaráætlun vegagerðarinnar vegna nýs Álftanesvegar með mislægum gatnamótum hljóðaði upp á 865 milljónir króna. Lægsta tilboð verktaka var 660 milljónir króna. Mislægu gatnamótin við Prýðahverfi mætti leysa með einföldu hringtorgi sem sparar tugi ef ekki hundruð milljóna. Þannig myndi gamli Álftanesvegurinn í stokki ekki kosta umtalsvert meira en nýi vegurinn um Gálgahraun. Hvers vegna var þessi möguleiki aldrei kannaður?

> Mislægu gatnamótin við Prýðahverfi mætti leysa með einföldu hringtorgi sem sparar tugi ef ekki hundruð milljóna. Þannig myndi gamli Álftanesvegurinn í stokki ekki kosta umtalsvert meira en nýi vegurinn um Gálgahraun.

Friður um nýjan Álftanesveg næst ekki nema menn slíðri sverðin og leiti sátta. Yfirvöld í Garðabæ hafa með friðlýsingum innan bæjarmarkanna sýnt í verki að þau eru hliðholl náttúrunni. Það er því óskiljanlegt að mesta náttúruundrið innan bæjarmarkanna, sjálft Gálgahraun, skuli nú verða eyðilagt að tveimur þriðju með vegum og húsalóðum. Með því að kanna til hlítar nýjan Álftanesveg í núverandi vegstæði, annað hvort ofan jarðar eða í stokki, myndu Vegagerðin og Garðabær rétta fram langþráða sáttahönd í málinu.

Þeir sem vilja mótmæla nýjum Álftanesvegi um Gálgahraun geta skráð nafn sitt á www.alftanesvegur.is. Einnig má fylgjast með gangi mála á facebook-síðunni Verndum Gálgahraun.


## Götumarkaðurinn á Garðatorgi



**Laugardaginn 20. október fer markaðurinn af stað aftur og verður síðan alla föstudaga og laugardaga til jóla.**

Skráning fer fram í blómabúðinni Sóleyjarkoti, soleyjarkot@soleyjarkot.is eða í síma 8621820 og 8663171, virka daga frá kl 12-17.

Verð m/borði kr. 4.000 á laugardögum og kr. 3.000 á föstudögum.

Söluaðilar velkomnir með allt í bland, handverk sem og notað og nýtt.

**Götumarkaðurinn Garðatorgi, Garðabæ**




# Hvað er í húfi 20. október?

Ný stjórnarskrá

Skúli Helgason
alþingismaður



Þann 20. október fer fram mikilvægasta þjóðaratkvæðagreiðsla lýðveldistímans. Þá mun þjóðin kveða upp úr með það hvort endurskoðun stjórnarskrárinnar eigi að byggja á því frumvarpi sem stjórnlagaráð skilaði af sér – eða ekki. Sú ákvörðun að taka frumkvæði að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar úr höndum Alþingis og fela sérvöldum fulltrúum þjóðarinnar var rétt – hún var skynsamleg í ljósi þess að Alþingi hefur mistekist í áratugi að ná pólitískri samstöðu um þá heildarendurskoðun sem boðuð var 1944 en hún var líka rökrétt í ljósi þess að það samræmist illa nútímakröfum um faglega stjórnsýslu og vörn gegn hagsmunatengslum að sitjandi alþingismenn móti stjórnskipulegan ramma um eigið starfsumhverfi. Enginn er dómari í eigin sök. Stór hluti frumvarpsins – nærri 40 greinar af 114 – fjallar sérstaklega um Alþingi, hlutverk þess og umgjörð og Alþingi kemur að auki við sögu í lykilköflum frumvarpsins um undirstöður stjórnskipunarinnar; mannréttindi og náttúru, forsetaembættið, ráðherra og ríkisstjórn og utanríkismál.

### Um hvað er kosið?

20. október gefst þjóðinni tækifæri til að segja milliliðalaust álit sitt á mörgum stærstu viðfangsefnum stjórnmálanna undanfarna áratugi og það álit getur haft úrslitaþýðingu varðandi þann farveg sem þessi mál fara í. Þar ber hæst þjóðareign á auðlindum, jöfnun atkvæðisréttar, persónukjör í þingkosningum, ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur og stjórnskipulega stöðu þjóðkirkjunnar.

Atkvæðagreiðslan er mikilvæg því við erum í raun að taka afstöðu til fyrstu alíslensku stjórnarskrárinnar, því gildandi stjórnarskrá er í stórum dráttum samhljóða þeirri sem við fengum í arf frá Dönum á 19. öld þó vissulega hafi verið gerðar breytingar á stjórnarskránni síðan þar sem mest munaði um mannréttindakaflann sem kom inn í stjórnarskrána árið 1995. Við lýðveldisstofnun 1944 voru gefin fyrirheit um að fljótlega í kjölfarið færi fram heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Alþingi hefur ekki auðnast þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir á undanförnum áratugum að ná þverpólitískri samstöðu um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og má ljóst vera að þar stóð m.a. varðstaða um tiltekna sérhagsmuni í veginum.

### Auðlindaákvæði gefur tóninn

Ég styð jöfnun atkvæðisréttar, aðskilnað ríkis og kirkju, að þjóðin hafi sjálfstæðan rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál og jafnframt að kjósendur eigi að geta valið röð frambjóðenda með persónukjöri í kjörklefanum. En fyrir mér er mikilvægasta ákvæði frumvarpsins að finna í 34. grein þess um náttúruauðlindir þar sem segir að auðlindir í náttúru Íslands sem ekki eru í einkaeigu, séu sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Ákvæðið kveður einnig á um að við nýtingu auðlindanna skuli hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi og að leyfi til hagnýtingar auðlinda skuli veita gegn fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Þá er kveðið á um að slík leyfi skuli veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiði aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum. Ákvæðið á sér sterkan samhljóm í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar þar sem m.a. er vísað til álits Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

### Framtíð fiskveiðistjórnunar

Ég tel að ef frumvarpið verður samþykkt og spurningin um þjóðareign auðlinda fær meirihluta atkvæða 20. október þá muni það hafa mikla þýðingu varðandi endurskoðun fiskveiðistjórnunar á Íslandi og draga fram andstæður núverandi kvótakerfis og kröfunnar um jafnræði við úthlutun nýtingarleyfa. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar getur markað endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins nýjan farveg þar sem kallað verði eftir lausnum sem uppfylla þessa kröfu með skýrari hætti en gert var í þeim kvótafrumvörpum sem lögð hafa verið fram á undanförnum misserum. Krafan um jafnræði samræmist illa því fyrirkomulagi að takmörkuðum gæðum eins og kvótum til veiða úr sameiginlegum fiskistofnum í þjóðareign sé að stærstum hluta úthlutað til forgangshóps á grundvelli stjórnvaldsákvörðunar. Jafnræðiskrafan leggur á herðar okkur þær skyldur að skapa skilyrði þess að mismunandi aðilar geti keppt um aðgengi að hinum takmörkuðu gæðum á jafnræðisgrunni. Öflugur leigumarkaður með aflaheimildir, sem tryggir eðlilega verðmyndun kvóta, er þar nærtækur kostur en verkefni stjórnvalda verður að finna farsælt jafnvægi milli annars vegar krafna um jafnræði og atvinnufrelsi og hins vegar um arðsemi og stöðugleika, í þessari mikilvægu atvinnugrein.

### Ekki láta aðra velja fyrir þig

Það er full ástæða til að hvetja landsmenn til þátttöku í atkvæðagreiðslunni 20. október. Sá sem ekki tekur þátt leyfir hinum sem mæta á kjörstað að ákveða fyrir sína hönd hver eigi að vera ramminn um stjórnskipan landsins – og slíkt framsal valds er mikil ábyrgðarhluti. Stjórnarskráin er mikilvægasta löggjöf þjóðarinnar og við eigum öll að láta okkur hana varða. Þess vegna er þetta ekki bara mikilvægasta þjóðaratkvæðagreiðsla lýðveldisins, þetta kunna að vera einhverjar afdrifaríkustu kosningar sem fram hafa farið í þessu landi frá því við öðluðumst sjálfstæði fyrir tæpum sjö áratugum.

# Vegna umræðu um meint ólögmæti verðtryggðra lána

Fjármál

Gísli Örn Kjartansson
lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu

Páll Friðriksson
lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu





Nokkur umræða hefur átt sér stað undanfarið um að veiting verðtryggðra húsnæðislána kunni að brjóta í bága við lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga (e. markets in financial instruments directive – hér eftir nefnd MiFID-tilskipunin). Í því ljósi töldum við rétt að fjalla í stuttu máli um álitaefnið út frá gildissviði tilskipunarinnar og laganna, en með gildissviði er átt við það málefnasvið sem lög og aðrar réttarreglur fjalla um.

MiFID-tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt þann 1. nóvember 2007 með fyrrnefndum lögum um verðbréfaviðskipti. Gildissvið tilskipunarinnar nær til fjármálafyrirtækja sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta (e. investment firms) og skipulegra verðbréfamarkaða. Gildissviðið nær því til dæmis ekki yfir starfsemi stofnana eins og Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóða eða fjármálafyrirtækja sem ekki hafa heimild til verðbréfaviðskipta. Í viðauka með MiFID-tilskipuninni er skilgreind sú starfsemi fjármálafyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem fellur undir gildissvið hennar. Yfirlit yfir þá starfsemi er einnig að finna í 1. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Meðal þeirrar starfsemi sem lögin kveða á um að teljist til verðbréfaviðskipta er móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina, viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning, eignastýring og fjárfestingarráðgjöf.

Markmið MiFID-tilskipunarinnar er að vernda viðskiptavini fjármálafyrirtækja vegna viðskipta þeirra með fjármálagerninga. Til að ná því markmiði eru lagðar ýmsar skyldur á fjármálafyrirtæki sem sinna verðbréfaviðskiptum fyrir viðskiptavini sína, svo sem við framkvæmd fyrirmæla um kaup eða sölu á fjármálagerningi eða vegna eignastýringar. Í slíkum tilvikum þurfa fjármálafyrirtæki meðal annars að gæta þess að hagsmunaárekstrar skaði ekki hagsmuni viðskiptavina sinna, meta þekkingu og reynslu þeirra og tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir þá með tilliti til verðs, kostnaðar og hraða viðskipta.

Hvorki í MiFID-tilskipuninni né í lögum um verðbréfaviðskipti er kveðið á um skyldur fjármálafyrirtækja, sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta, í tengslum við hefðbundna lánastarfsemi, þ.m.t. lánveitingar til húsnæðiskaupa, og verður því að telja að verulegur vafi ríki um að slík starfsemi falli undir gildissvið tilskipunarinnar og laganna. Sem dæmi verður ekki séð að viðskiptavinur sem fær umsókn um verðtryggt húsnæðislán samþykkta hjá viðskiptabanka og gefur í kjölfarið út veðskuldabréf, þar sem hann gengst í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu og setur fasteign sína að veði, hafi þar með stundað verðbréfaviðskipti í fyrrnefndum skilningi MiFID-tilskipunarinnar og verðbréfaviðskiptalaganna. Við þetta bætist að í svörum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við spurningum um ýmis ákvæði MiFID-tilskipunarinnar er beinlínis kveðið á um að fasteignaveðlán og önnur veðlán (e. mortgage) og veiting þeirra falli ekki undir gildissvið tilskipunarinnar (sjá hér: http://ec.europa.eu/internal_market/securities/docs/isd/questions/questions_en.pdf).

Með hliðsjón af framangreindu telja greinarhöfundar að MiFID-tilskipunin og lög um verðbréfaviðskipti hafi ekki jafnvíðtækt gildissvið og haldið hefur verið fram í umræðunni. Því verður ekki séð að hefðbundin lánastarfsemi falli undir gildissvið tilskipunarinnar og laganna.

*Skoðanir sem koma fram í greininni eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að endurspegla skoðun Fjármálaeftirlitsins.*

Kórar | Íþróttafélög | Skólaferðalög | Félagasamtök

# Ertu að hefja fjáröflun?

## Allt á einum stað! Við hjálpum þér að gera fjáröflunina árangursríka.

Góð fjáröflun þarf að vera vel skipulögð, markviss og arðbær. Með aðstoð okkar getur hópurinn verið með mismunandi fjáraflanir í gangi allt árið og skilað hámarksárangri.









**www.sofnun.is**

Með allt fyrir þína fjáröflun

- sofnun@sofnun.is -

# Samkeppnisstaða ferðaþjónustunnar

Ferðaþjónusta

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar



Íslenskri ferðaþjónustu ríkir nú óvissa og kvíði vegna þess að í fjárlagafrumvarpinu er kveðið á um að virðisaukaskattur á gistingu skuli hækka úr 7% í 25,5% frá og með 1. maí nk. Þessi hækkun virðisaukaskatts leiðir til 17,3% hækkunar verðs og í skýrslu KPMG, sem unnin var fyrir Samtök ferðaþjónustunnar, er gert ráð fyrir að erlendum ferðamönnum muni við þá verðhækkun fækka um 8,6%. Þar að auki er ljóst að þeir hópar sem viðkvæmastir eru fyrir verði eru oft þeir sem mesta þjónustu kaupa sbr. ráðstefnur og hvataferðir. Það er því líklegt að tekjur lækki meira en farþegafjöldinn segir til um.

Í fjárlagafrumvarpinu er einnig gert ráð fyrir afnámi vörugjaldalækkunar sem bílaleigur hafa getað nýtt sér frá árinu 2000 og hafa leitt til þess að í dag nota 41% allra erlendra ferðamanna bílaleigubíl og hefur með því móti verið hægt að dreifa ferðamönnum um allt land. Minni fyrirtæki, sem geta ekki tekið á móti rútuhópum, treysta alfarið á ferðamenn á bílaleigubílum. Þessi aukna dreifing ferðamanna um landið hefur verið mikið hreyfiafl og aukið þjónustustig og atvinnu í flestum byggðum landsins. Gert er ráð fyrir 20% samdrætti í fjölda bílaleigubíla vegna þessa.

Alger óvissa ríkir um allt þetta þar til fjárlög verða samþykkt í desember. Þessi óvissutími er aðalsölutímabil ferðaþjónustunnar og verða fulltrúar ferðaþjónustufyrirtækja á ferðinni á öllum helstu kaupstefnum heimsins án þess að vita hvort verðlag muni stórhækka á næsta ári eða ekki. Fólk í ferðaþjónustu trúir því ekki að meirihluti þingmanna muni samþykkja að gefa ferðaþjónustunni þennan skell nú þegar hún er að ná sér á strik, skilar sífellt meiri tekjum og sér fram á að aukin arðsemi geti skilað sér í vöruþróun, auknum gæðum og endurnýjun. Með þessari hækkun verður þeirri framtíðarsýn svipt burt.

Í Morgunblaðinu 27. september sl. skrifar utanríkisráðherra í ágætri grein „fjárfestar fælast sveiflur og óöryggi og þeir sækja í stöðugt umhverfi". Undir þetta tekur ferðaþjónustan. Helsta ósk fyrirtækjanna er einmitt að geta rekið fyrirtæki sín í stöðugu og öruggu umhverfi. Í ferðaþjónustu eru gerðir samningar um verð með löngum fyrirvara og vörur og þjónusta verðlögð í bæklingum sem sendir eru út um allan heim. Það hefur alltaf verið lögð áhersla á það við stjórnvöld hverju sinni að allar breytingar á sköttum og gjöldum þurfi að liggja fyrir a.m.k. 20 mánuðum áður en þær eiga að taka gildi. Það vekur athygli að Ísland hefur óskað eftir því við Evrópusambandið að við hugsanlega inngöngu verði 5 ára aðlögun á tekjumissi vegna áfengissölu. Það er einmitt slík aðlögun sem ferðaþjónustan óskar eftir. Fyrirliggjandi er nefnilega gerbreyting á öllum rekstrarforsendum fyrirtækjanna.

Auk stöðugleika kalla fyrirtækin á að vera samkeppnishæf við nágrannalönd. Það er athyglisvert að skoða virðisaukaskatt í Evrópu. Meðalvirðisaukaskattur á gistingu þar er 10%. Sá hæsti er í Danmörku, 25%, en mikill samdráttur er í danskri ferðaþjónustu og kenna Danir háum virðisaukaskatti um, sérstaklega þegar nágrannalönd hafa verið að lækka skattinn og taka þar með til sín aukna markaðshlutdeild. Þjóðverjar lækkuðu virðisaukaskatt á gistingu úr 19% í 7% árið 2010 þegar kreppa fór að í Evrópu til að missa ekki viðskiptin yfir til Frakklands og annarra nágrannalanda sem voru og eru á því róli. Það hefur orðið mikil aukning gistinátta í Þýskalandi síðan þessi lækkun varð. Finnar stórlækkuðu virðisaukaskatt á veitingahús 2010 og hafa aukið markaðshlutdeild sína eftir það. Allt þetta sýnir okkur hversu miklu skiptir að skatturinn sé hóflegur og í samræmi við löndin í kringum okkur.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa boðið fram aðstoð við að finna auknar tekjur í ríkissjóð og hafa m.a. bent á gríðarlegan fjölda leyfislausra fyrirtækja og mikla svarta atvinnustarfsemi sem hefur fengið að blómstra óáreitt. Það yrði vænlegra fyrir alla að þessum málum verði komið í lag í staðinn fyrir að skattpína heiðarleg fyrirtæki út af markaðnum.

# Hvers vegna nýjan Álftanesveg?

Skipulagsmál

Pálmi Freyr Randversson
Garðbæingur og borgarhönnuður



> Hvernig væri að bíða eftir byggðinni og sjá hvernig tímarnir breytast?

Til stendur að leggja nýjan Álftanesveg í gegnum Garðahraun eins og flestum ætti að vera kunnugt. En er þörf á nýjum Álftanesvegi? Á akstur í gegnum Garðabæ til Álftaness að eiga sér stað á vegi sem býður upp á hraðakstur og óhindrað umferðarflæði? Er hægt að bæta umferðaröryggi með öðrum lausnum en nýjum vegi? Hvernig lítur dæmið út þegar/ef Garðabær og Álftanes sameinast? Væri þá ekki eðlilegra að tengja svæðin saman með rólegri bæjargötu frekar en því sem fyrirhugað er?

Nýr Álftanesvegur, með tilheyrandi mislægum gatnamótum, hljóðmönum, vegöxlum, aðreinum, fráreinum og annarri vegagerð, verður tilbúinn í júlí 2014. Forsendur fyrir lagningu vegarins eru uppbygging Garðaholtsins og umferð 20.000 bíla á sólarhring árið 2024. Núna fara um það bil 4.000 bílar eftir Álftanesvegi á dag. Umferðarflæði er því ekki vandamálið. Umferðaröryggi er hins vegar ábótavant á núverandi vegi og vert að huga að. Þróunin í löndunum í kringum okkur og sömuleiðis innanlands undanfarin ár hefur verið á þá leið að draga frekar úr umferðarhraða og forðast hraðbrautaskipulag einmitt til að stuðla að bættu umferðaröryggi. Núverandi Álftanesvegur er tilvalinn til að þróa í þessa átt. Þrenging götunnar, styttri sjónlengdir, hraðahindranir, margar tegundir umferðar á sama svæði og almenn meðvitund ökumanna um að vera akandi í mannlegu umhverfi er að flestra mati sú lausn sem hentar. Hlutverk Vegagerðarinnar hefur hingað til ekki verið að kynna lausnir af þessu tagi. Vegagerðin heitir Vegagerðin af ástæðu. Það er hlutverk skipulagsyfirvalda í Garðabæ að koma fram með fleiri möguleika og velta þeim upp með bæjarbúum.

Hvernig væri að bíða eftir byggðinni og sjá hvernig tímarnir breytast? Ef til vill mun þéttari byggð skapa betri aðstæður fyrir góðar almenningssamgöngur. Kannski breytast líka forsendur fyrir sjálfri byggðinni í nánustu framtíð.

Endurbættur Álftanesvegur í núverandi vegstæði gæti orðið mikilvæg borgargata í stað þess að vera jaðarvegur til hraðaksturs sem klýfur byggðina frá hrauninu og sjónum. Þannig mistök er verið að leiðrétta í öðrum borgum og er tækifæri fyrir Garðabæ til að læra af reynslu annarra í þessu tilliti. Munum að Vegagerðin býður með skóflurnar en Garðabær fer með skipulagsvaldið.

Þetta snýst um í hvernig bæ við viljum búa.

Gott úrval af notuðum bílum



Kia Ceed LX
Skr. 06.2011
Ekinn 36.000 km
Bensín, beinsk
Verð kr. 2.290.000



VW Polo
Skr. 09.2004
Ekinn 105.000 km
Bensín, beinsk
Verð kr. 750.000



Suzuki Swift GL 4x4
Skr. 05.2011
Ekinn 36.000 km
Bensín, beinsk
Verð kr. 2.190.000



Ford Mondeo
Skr. 03.2004
Ekinn 106.000
Bensín, beinsk.
Verð kr. 1.080.000



Suzuki Swift
Skr. 06.2011
Ekinn 42.000 km
Bensín, beinsk
Verð kr. 2.190.000



Peugeot 407 SR
Skr. 10.2005
Ekinn 108.000 km
Bensín, sjálfsk
Verð kr. 1.290.000



Suzuki Grand Vitara Luxury
Skr. 06.2010
Ekinn 37.000 km
Bensín, sjálfsk
Verð kr. 3.890.000



Suzuki Grand Vitara Premium
Skr. 06.2010
Ekinn 44.000 km
Bensín, beinsk.
Verð kr. 3.490.000



Suzuki Grand Vitara Sport
Skr. 06.2008
Ekinn 100.000 km
Bensín, beinsk
Verð kr. 2.450.000

SUZUKI

Komdu og skoðaðu úrvalið

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is




MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. október 2011 | 17. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

...við prentum!
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



# ÚR ÚTKEYRSLU Í FRAMKVÆMDASTJÓRASTÓLINN

- Viðtal við Atla Frey Einarsson, framkvæmdastjóra DHL
- DHL fagnar um þessar mundir 30 ára starfsafmæli hér á landi
- Magn hraðsendinga bendir til þess að efnahagslífið sé að taka við sér

## Eigandi Viðskiptablaðsins skilar 14 milljóna hagnaði

Myllusetur ehf., sem á og rekur Viðskiptablaðið og tengda fjölmiðla, hagnaðist um 14 milljónir króna í fyrra. Það er töluvert minna en árið áður en félagið hagnaðist þá um 20,9 milljónir króna. Ástæða samdráttarins er sú að fjármunatekjur drógust saman á síðasta ári, fjármagnsgjöld hækkuðu og félagið greiddi 2,8 milljónir króna í tekjuskatt, en það greiddi engan slíkan árið 2010. Þetta kemur fram í ársreikningi Mylluseturs sem var skilað inn til ársreikningaskrár í síðustu viku. Eigendur Mylluseturs eru Pétur Árni Jónsson, sem á 67 prósent, og Sveinn Biering Jónsson, sem á 33 prósent.

Eignir Mylluseturs eru metnar á 56,8 milljónir króna og jukust um 8,3 milljónir króna á síðasta ári. Þar munar mestu um bifreið sem eignfærð var á árinu. Þorri eigna félagsins er sem áður í útistandandi viðskiptakröfum. Ekki var gerð tillaga um arðgreiðslu vegna síðasta árs og því styrktist eiginfjárstaða félagsins um sem nemur hagnaði þess. Bókfært eigið fé er 17,7 milljónir króna.

Skuldir Mylluseturs voru 39,1 milljón króna um síðustu áramót. Þar af voru 22,5 milljónir króna vegna virðisaukaskatts, ógreiddra launa og launatengdra gjalda. - þsj

## Amazon og Google fjölguðu starfsfólki um 50 prósent

Netfyrirtæki drífa áfram fjölgun starfa í upplýsinga- og samskiptatæknigeiranum í heiminum. Alls fjölgaði störfum í geiranum um fjögur prósent árið 2010 og sex prósent árið 2011. Langmest var ráðið hjá netfyrirtækjum, en fjölgunin hjá þeim einum nam 29 prósentum á árinu 2011. Þar skipti langmestu að Amazon.com og Google fjölguðu bæði starfsmönnum sínum um 50 prósent milli áranna 2010 og 2011. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem birt var í síðustu viku.

Flestir sem vinna við upplýsinga- og samskiptatækni eru staðsettir í Bandaríkjunum, eða yfir þrjátíu prósent þeirra sem teljast til geirans. Um sextán prósent eru í Japan og um níu prósent í Þýskalandi. OECD telur að geirinn muni alls eyða 4.406 milljörðum dala, um 539.074 milljörðum króna, á árinu 2012 í rekstur. - þsj



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Mánaðarleg nýskráning bíla

Nýskráning bíla jókst mikið á árunum 2002 fram á mitt ár 2006 þegar nýskráning bíla náði hámarki eða 3.394 skráningar. Topparnir á myndinni sýna að nýskráningar eru fjölmennastar í júní ár hvert en yfirleitt minnstar í desembermánuði. Veruleg fækkun í nýskráningum átti sér stað í kjölfar bankahrunsins árið 2008 en sé tekið mið af júní-skráningum eða toppunum frá hruni hefur þó nokkur aukning átt sér stað í skráningum frá þeim tíma.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS http://data.is/TqVnh5

### Nýskráning bíla og væntingarvísitala Capacent

Nokkur samsvörun er á milli nýskráninga bíla og væntingavísitölu Capacent. Myndin sýnir 12 mánaða meðaltal af fjölda skráðra bíla í hverjum mánuði (hægri ás) samanborið við 12 mánaða meðaltal á Væntingavísitölu Capacent (vinstri ás). Væntingavístalan mælir væntingar neytenda til efnahags- og atvinnulífsins og þegar vísitalan er undir 100 stigum eru fleiri neytendur svartsýnir en bjartsýnir. Eins og myndin sýnir hafa væntingar neytenda glæðst frá 2010 og sömuleiðis hefur nýskráningum bíla fjölgað.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS OG CAPACENT http://data.is/TqS6ye

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 10. október**
- Nýjar upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands

**Fimmtudagur 11. október**
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir - hagtölur SÍ
- Útboð ríkisvíxla

**Föstudagur 12. október**
- Trúfélagsbreytingar
- Atvinnuleysi í september 2012
- Smásöluvísitala RSV
- Greiðslumiðlun - hagtölur SÍ

**Mánudagur 15. október**
- Mannfjöldi á 3. ársfjórðungi 2012
- Tryggingafélög - hagtölur SÍ

**Þriðjudagur 16. október**
- Fiskafli í september 2012

**Miðvikudagur 17. október**
- Vinnumarkaður á 3. ársfjórðungi 2012
- Samdræmd vísitala neysluverðs í sept. 2012

**Fimmtudagur 18. október**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

*Markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísi* vísir

# Drómi vill milljarð frá Kaupþingstoppum

***Drómi fer í mál við gamla æðstráðendur Kaupþings. Fengu 400 milljónir að láni til að kaupa jarðir á Mýrum. Stendur í yfir 900 milljónum og er í vanskilum. Slitastjórn fékk jarðirnar kyrrsettar.***

DÓMSMÁL
**Stígur Helgason** | stigur@frettabladid.is

Drómi hefur höfðað mál á hendur fimm fyrrverandi yfirstjórnendum Kaupþings til innheimtu rúmlega 900 milljóna króna skuldar vegna jarðakaupa við Langá á Mýrum. Jarðirnar voru ætlaðir undir sumarhús sem aldrei risu.

Fimmmenningarnir sem um ræðir eru forstjórinn Hreiðar Már Sigurðsson, stjórnarformaðurinn Sigurður Einarsson, Ingólfur Sigurðsson, sem var forstjóri bankans á Íslandi, Magnús Guðmundsson, sem var forstjóri bankans í Lúxemborg, og Steingrímur P. Kárason, sem var yfirmaður áhættustýringar bankans fyrir hrun.

Málið er jafnframt höfðað á hendur félaginu Hvítsstöðum ehf., sem skuldin hvílir á, og dótturfélagi þess, Langárfossi ehf.

Fimmmenningarnir eiga hver fimmtung í Hvítsstöðum. Upphaflega voru eigendurnir sex, en Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, fyrrverandi yfirmaður eigin viðskipta Kaupþings, hefur selt sig út úr því.

Hvítsstaðir voru stofnaðir árið 2002 til að kaupa fjórar jarðir á Mýrum af Sparisjóði Mýrasýslu. Félagið fékk 400 milljóna króna lán til kaupanna hjá Sparisjóðnum og SPRON. Þau hafa nú flust til Dróma.

Lánin voru í japönskum jenum og hækkuðu mjög eftir bankahrunið. Hæst stóðu þau í 1,1 milljarði. Nú er sem áður segir farið fram á endurgreiðslu á rúmum 900 milljónum.

Mennirnir eru samtals í persónulegum ábyrgðum fyrir allri lánsfjárhæðinni.

Eignarhlutir allra mannanna fimm í Hvítsstöðum voru kyrrsettir að kröfu slitastjórnar Kaupþings í júní í fyrra. Þetta var gert til að tryggja heimtur upp í kröfur á hendur þeim vegna persónulegra ábyrgða á lánum til hlutabréfakaupa í bankanum.

Eignin var sú eina sem fannst á nafni Magnúsar Guðmundssonar hér á landi en aðrar eignir hinna fjögurra voru líka kyrrsettar.

## FIMMMENNINGARNIR Í EFSTA LAGI KAUPÞINGS



### Hreiðar Már Sigurðsson

Hreiðar er fæddur árið 1970 og var forstjóri Kaupþingssamstæðunnar á alþjóðavísu frá 2002 til 2008. Hann er með viðskiptafræðimenntun frá Háskóla Íslands og starfaði hjá Kaupþingi frá 1994. Frá 1998 til 2002 var hann yfir Kaupþingi í New York. Hann er nú búsettur í Lúxemborg.

### Sigurður Einarsson



Sigurður er fæddur árið 1960. Hann var starfandi stjórnarformaður Kaupþingssamstæðunnar frá 2003 til 2008 og þar áður forstjóri. Hann er hagfræðingur frá Kaupmannahafnarháskóla og starfaði hjá Kaupþingi frá 1994. Sigurður, sem nú er búsettur í London, er sonur Einars Ágústssonar, fyrrverandi varaformanns Framsóknarflokksins, þingmanns og utanríkisráðherra.



### Magnús Guðmundsson

Magnús Guðmundsson er fæddur árið 1970 og var forstjóri Kaupþings í Lúxemborg frá 1998 til 2008. Eftir það stýrði hann Banque Havilland, sem varð til úr Kaupþingi í Lúxemborg eftir fall Kaupþings. Hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands ásamt Hreiðari árið 1994. Magnús býr nú í Lúxemborg.

### Ingólfur Helgason



Ingólfur er fæddur árið 1967 og var forstjóri Kaupþings á Íslandi frá 2005 til 2008. Hann menntaði sig í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og starfaði hjá Kaupþingi frá 1993. Hann býr nú í Lúxemborg.



### Steingrímur P. Kárason

Steingrímur Páll er fæddur árið 1968 og var yfir áhættustýringu Kaupþings frá 1998 til 2008. Hann er með doktorsgráðu í vélaverkfræði frá MIT-háskóla í Bandaríkjunum. Steingrímur, eins og margir fyrrverandi yfirmenn Kaupþings, er nú búsettur í Lúxemborg.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53919 03/2011




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Ragnar Guðjónsson hefur starfað við fjármögnun sjávarútvegs í 40 ár.

Ragnar er viðskiptastjóri í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Korthafar geta nú fengið sjálfkrafa afslætti:

# Nýtt greiðslukerfi hjá Valitor


STEFÁN PÁLSSON

Valitor hefur tekið í notkun nýtt greiðslukortakerfi sem opnar meðal annars á þann möguleika að korthafar fái sjálfkrafa afslætti þegar þeir nota kort sín.

„Þetta er nýtt fríðindakerfi sem við höfum verið að þróa síðustu misseri. Þetta virkar þannig að fríðindaklúbbar, eins og til dæmis Stöð 2 Vild, eða útgefendur korta, eins og til dæmis bankarnir, geta boðið klúbbfélögum eða korthöfum alls konar fríðindi sem tengjast kortanotkun,“ segir Stefán Pálsson, markaðs- og sölustjóri Vildarkerfa, sjálfstæðs dótturfélags Valitor sem hefur þróað nýja kerfið.

Nýja kerfið gerir það að verkum að korthafar fá þau fríðindi sem þeim standa til boða sjálfkrafa en þurfa ekki að óska eftir þeim sérstaklega eða treysta á að afgreiðslufólk muni eftir þeim. „Það þarf ekki að biðja um afsláttinn heldur gerist þetta sjálfkrafa. Posinn í raun sér um þetta. Síðan er hægt að hafa alls konar útgáfur af fríðindum. Þú getur verið með punkta sem fólk safnar og getur svo notað, beinan afslátt, afslátt á ákveðnum dögum eða tímum eða í raun hvað sem er,“ segir Stefán. - mþl

Hagar hafa hækkað um 30 prósent frá skráningu:

# Reginn rauf tíu króna múrinn

Gengi bréfa í fasteignafélaginu Reginn rauf tíu króna múrinn í gær eftir að það hafði hækkað um 0,6 prósent yfir daginn. Þegar félagið var skráð á í Kauphöllina í júlí síðastliðnum var gengi bréfanna 8,25 krónur á hlut. Gengi bréfa í Högum hækkaði um 0,52 prósent og stendur í 19,3 krónum á hlut. Þegar félagið var skráð á markað í desember 2011 var gengi bréfa í því 13,5 krónur á hlut. Markaðsvirði Haga hefur því hækkað um þrjátíu prósent á innan við ári.

Þá lækkuðu bréf í Icelandair um 0,42 prósent í gær og eru nú 7,03 krónur á hlut. Bréf í Össuri lækkuðu líka, eða um 1,52 prósent, og eru nú 194,5 krónur á hlut. - þsj







# Úttektin reyndi á greiðslugetu Arion

***Deutsche Bank tók 35 milljarða króna út úr Arion banka í mars. Úttektin reyndi á getu bankans til að greiða út slíka upphæð. Á endanum var hægt að verða við beiðninni án vandkvæða.***

**BANKAR**
Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Þegar dótturfélag Lýsingar greiddi Deutsche Bank 35 milljarða króna í mars síðastliðnum, sem áður höfðu verið vistaðir inni á bankareikningi í Arion banka, reyndi á getu bankans til að geta greitt út slíka upphæð. Álagið sem skapaðist var þess eðlis að það var sérstaklega tiltekið í árshlutauppgjöri bankans. Í svari Arion banka við fyrirspurn Markaðarins um málið segir að sterkt eiginfjár- og lausafjárhlutfall hafi gert það að verkum að „hægt var að verða við þessari beiðni um úttekt innlánsins án nokkurra vandkvæða“.

Í uppgjöri Arion banka fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2012 segir að bankinn hafi upplifað ákveðið álag á greiðslugetu sína þegar stór innstæða var tekin út úr bankanum með „mjög skömmum fyrirvara“. Um er að ræða 35 milljarða króna greiðslu sem dótturfélag Lýsingar, Pera ehf., greiddi til þýska bankans Deutsche Bank. Hluti greiðslunnar var fjármagnaður með sölu á gjaldeyri fyrir um fimmtán milljarða króna sem Deutsche Bank fór í kjölfarið með úr landi. Viðskiptablaðið greindi frá því í lok september að Straumur fjárfestingabanki hefði verið mótaðili í gjaldeyrisviðskiptunum sem gerði Deutsche Bank kleift að fara út með svo mikið fé án þess að það hefði áhrif á gengi krónunnar. Ástæða þess var sú að innstreymi gjaldeyris var jafnt eða svipað og útstreymið.

Á uppgjörum Arion banka sést vel að upphæðin sem greidd var til Deutsche Bank var greidd út af reikningum bankans. Í hálfsársuppgjöri Arion banka kemur fram að innstæður hjá bankanum hafi dregist saman um samtals 44,8 milljarða króna á fyrri hluta þessa árs. Heimildir Markaðarins herma að það sé að langstærstum hluta vegna þess að Deutsche Bank hafi tekið 35 milljarða króna út úr bankanum.

Pera ehf., sem heldur utan um tugmilljarða króna lánafyrirgreiðslu frá Deutsche Bank fyrir móðurfélag sitt Lýsingu, skuldaði þýska bankanum 91,3 milljarða króna um síðustu áramót. Þrátt fyrir að eigið fé Peru væri neikvætt um 21,9 milljarða króna á þeim tíma átti félagið handbært fé upp á 36 milljarða króna. Það fé var notað til að greiða Deutsche Bank. Lýsing er í eigu Klakka ehf., sem áður hét Exista. Stærsti eigandi Klakka er Arion banki með 44,9 prósent hlut. Auk hans eiga þrír stórir erlendir vogunarsjóðir stóra hluti í Klakka.


**GEKK UPP** Sterkt eiginfjár- og lausafjárhlutfall Arion banka gerði það að verkum að hægt var að verða við beiðni Deutsche Bank um úttekt innlánsins án nokkurra vandkvæða. Höskuldur Ólafsson er bankastjóri Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SVAR ARION BANKA VIÐ FYRIRSPURN MARKAÐARINS**

„Eins og fram kom í árshlutareikningi Arion banka fyrir fyrsta ársfjórðung 2012 þá gerðist það á fyrstu mánuðum ársins að viðskiptavinur bankans tók út stórt innlán með stuttum fyrirvara. Um var að ræða innlán sem af áhættustýringu bankans var flokkað sem innlán sem tengdist gjaldeyrishöftum, þ.e.a.s. innlán sem líklegt væri að yrði tekið út af reikningum bankans við afléttingu gjaldeyrishafta.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að byggja upp fjárhagslegan styrk Arion banka meðal annars vegna þeirrar óvissu sem enn er í ytra umhverfi bankans. Óvissu sem tengist t.d. lagalegu umhverfi bankans, lögmæti erlendra lána og gjaldeyrishöftum. Árangur þeirrar vinnu sést ekki síst á sterku eiginfjárhlutfalli og lausafjárhlutfalli bankans. Vegna traustrar stöðu þessara mikilvægu þátta í starfsemi Arion banka var hægt að verða við þessari beiðni um úttekt innlánsins án nokkurra vandkvæða.

Eftir stendur að gæði innlánasafns bankans í dag eru betri en áður þar sem líkur á stórum úttektum sem þessari eru minni en áður og áfram eru lykilhlutföll bankans sterk. Eiginfjárhlutfall Arion banka var 22,3% undir lok annars ársfjórðungs og því vel yfir 16% kröfu FME. Á sama tíma var lausafjárhlutfall bankans 32%, umtalsvert yfir 20% kröfu FME.“

Móðurfélag 15 rekstrarfyrirtækja skilar uppgjöri:

# Norvik tapaði hálfum milljarði króna í fyrra

**UPPGJÖR**
Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Norvik hf. tapaði 500 milljörðum króna á síðasta ári. Eignir félagsins voru metnar á 19,9 milljarða króna um síðustu áramót og eigið fé þess var 6,7 milljarðar króna. Þessi staða gæti þó breyst þar sem enn á eftir að gera upp afleiðusamninga sem Norvik gerði við einn af föllnu íslensku bönkunum. Fari það uppgjör á versta veg fyrir félagið mun skuld þess vegna samninganna verða 2,6 milljarðar króna. Þetta kemur fram í ársreikningi Norvikur sem skilað var inn til ársreikningaskrár nýverið.

Norvik er að mestu í eigu Jóns Helga Guðmundssonar, sem oft er kenndur við Byko, og fjölskyldu hans. Félagið á 100 prósenta eignarhlut í alls fimmtán dótturfélögum. Þeirra verðmætust eru Kaupás (sem á og rekur m.a. Nóatún og Krónuna), Byko, SIA BIKO Lat í Lettlandi, SIA Vika Wood í Lettlandi og Jarl Timber AB í Svíþjóð. Kaupás hagnaðist um 532 milljónir króna í fyrra en 352 milljóna króna tap var á rekstri Byko.


**EIGANDI** Jón Helgi Guðmundsson, fjölskylda hans og félög í þeirra eigu eru eigendur Norvikur.

Endurskoðandi Norvikur gerir ábendingu við ársreikninginn, án þess að gera fyrirvara við álit sitt, þar sem óvissa ríkir um hugsanlegar skuldbindingar félagsins vegna afleiðusamninga. Í reikningnum segir að á „árinu 2009 rifti félagið afleiðusamningum við einn af föllnu íslensku bönkunum vegna vanefndar af hálfu bankans. Mat stjórnenda er að samningarnir séu ógildir og séu því ekki skuld hjá félaginu. Mat stjórnenda grundvallast á því að bankinn geti ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningunum og hafa nýlegir hæstaréttardómar stutt það mat stjórnenda. Slitastjórn bankans vinnur að málaferlum gegn Norvik hf. vegna þessa. Miðað við árslokagengi 2011 og aðrar forsendur í samningunum næmi meint skuld um 2,6 milljörðum króna“.



**FJARÐAÁL** Alcoa rekur álverið á Reyðarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Álrisinn Alcoa í kröggum:

# Breytingar gætu bætt stöðuna

Gengi hlutabréfa álrisans Alcoa hefur fallið í verði um 50% síðustu átján mánuði vegna lækkandi heimsmarkaðsverðs á áli. Búist var við því að í gær, eftir að Markaðurinn fór í prentun, að tilkynnt yrði um tap á rekstri á þriðja ársfjórðungi. Bloomberg segir svo frá.

Virði Alcoa nú er tæpir tíu milljarðar dala, en greiningarfyrirtækið Davenport & Co. segir hins vegar að hægt sé að auka virði samsteypunnar um 63% með því að skilja á milli fjögurra þátta rekstursins, námuvinnslu, álbræðslu, framleiðslu á álþynnum og loks framleiðslu á þróaðri hlutum og lausnum líkt og túrbínuspöðum og trukkahjólum.

Tveir síðastnefndu hlutarnir eru taldir verðmætari saman, heldur en öll samstæðan er nú.

Álverð náði 34 mánaða botni í ágúst og er ekki gert ráð fyrir að verðið næstu þrjú ár fari yfir það sem náðist í fyrra.

Talskona Alcoa neitaði að tjá sig um virði fyrirtækisins. - þj



**SÍMINN** Síminn er með stærstu hlutdeild í fjölda símtala af íslensku símafyrirtækjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjarskipti á Íslandi:

# 2.000.000 farsímtöl dag hvern

Íslenskir farsímanotendur hringdu alls tæplega 766 milljón símtöl í fyrra, að því er fram kemur á vef Póst- og fjarskiptastofnunar. Það er um þriggja prósenta aukning frá árinu 2010 og jafngildir rúmlega tveimur milljónum símtala á degi hverjum að jafnaði.

Flest símtölin voru í farsíma innanlands, eða 640 milljónir, 107 milljónir voru í talsíma innanlands og 19 milljónir símtala voru til útlanda.

Síminn var með tæplega 300 milljónir af fyrrgreindum símtölum, Nova með 221 milljón símtala og Vodafone með 213. Önnur fyrirtæki voru með minna. - þj

Tap og neikvætt eigið fé hjá Birtíngi í fyrra:

# Ráðist í miklar hagræðingaraðgerðir

Útgáfufélagið Birtíngur tapaði 20,9 milljónum króna í fyrra. Það tap bætist við 55,9 milljóna króna tap þess árið áður. Eigið fé Birtíngs var neikvætt um 83,2 milljónir króna um síðustu áramót. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi félagsins. Birtíngur gefur meðal annars út Mannlíf, Vikuna, Hús og híbýli og Séð og heyrt. Félagið er að mestu í eigu félaga Hreins Loftssonar en auk þess eiga 365 miðlar 16,9 prósenta beinan hlut í því.

Rekstrartekjur Birtíngs drógust saman um tólf milljónir króna á síðasta ári og voru 614 milljónir króna. Félagið skuldaði samtals 342,3 milljónir króna en eignir þess voru metnar á 259,1 milljón króna. Í skýringu í ársreikningi Birtíngs þar sem fjallað er um óvisst rekstrarhæfi félagsins segir að „þrátt fyrir að tap hafi verið af rekstri félagsins og að eigið fé sé neikvætt í árslok eru vísbendingar um að viðsnúningur hafi orðið á rekstrinum eftir umtalsverðar skipulagsbreytingar og hagræðingaraðgerðir ásamt með sölu á tapseiningum. [...] Samt sem áður telur stjórn félagsins brýnt að vinna áfram að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins í því skyni að tryggja rekstrarhæfi þess. Frá áramótum 2012 hafa verið gerðir nýir samningar við helstu lánardrottna og áfram hefur verið unnið að hagræðingu í rekstri.“ - þsj



**BIRTÍNGUR** Félög í eigu Hreins Loftssonar eiga meirihlutann í Birtíngi. 365 miðlar eiga 16,5 prósenta beinan hlut í félaginu.




# Samruni hefði getað kostað skattborgara háar fjárhæðir

*Samkeppniseftirlitið ógilti samruna tveggja fyrirtækja á sviði heilbrigðisþjónustu. Hefði skipt gríðarlega miklu máli fyrir hagræðingarmöguleika innan geirans og getað varðað „hagsmuni skattborgaranna sem nema háum fjárhæðum“.*

**SAMKEPPNISMÁL**

Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Samkeppniseftirlitið (SE) ógilti á mánudag samruna Veritas Capital og Fastus ehf., sem bæði reka starfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu. Taldi eftirlitið að við samrunann yrði til fyrirtæki sem öðlast myndi markaðsráðandi stöðu í sölu á flóknum lækningatækjum sem myndi leiða af sér aðgangshindranir fyrir nýja aðila. Auk þess sýndi ítarleg rannsókn SE þá niðurstöðu að Landspítalinn og aðrir viðskiptavinir þess byggju ekki yfir nægilegum kaupendastyrk til að „draga úr mætti hins sameinaða fyrirtækis“.

Velferðarráðuneytið taldi enn fremur að við sameiningu fyrirtækjanna myndu öll tilboð og afslættir sem stofnanir þess fá verða minni. Þegar þetta er skoðað, ásamt því að Landspítalinn þarf að endurnýja tækjabúnað sinn umtalsvert á næstu árum auk þess sem bygging nýs spítala mun hafa í för með sér talsverð útgjöld, þá komst SE að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að tryggja virka samkeppni í viðskiptum með lækningatæki sem getur „varðað hagsmuni skattborgaranna sem nema háum fjárhæðum“. Þetta kemur fram í ákvörðun eftirlitsins sem birt var í byrjun vikunnar.

Veritas Capital er móðurfélag félaga sem reka starfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu og rekur meðal annars dótturfélögin Medor ehf. sem selur lækningatæki, Vistor sem selur meðal annars lyf í heildsölu og Distica ehf. sem sérhæfir sig í dreifingu á lyfjum og öðrum vörum fyrir heilbrigðisþjónustu. Fastus selur hins vegar lækningatæki, auk rekstrarvara fyrir hótel- og veitingageirann.

Í skýrslu SE kemur fram að bæði velferðarráðuneytið og Landspítalinn telji að samruni Veritas og Fastus muni „hafa í för með sér skaðleg áhrif á samkeppni“. Ráðuneytið segir enn fremur, í svari sínu við fyrirspurn SE um málið, að „við að sameina þessi tvö fyrirtæki minnkar samkeppni og þar með verða öll tilboð og afslættir minni. Sé þetta skoðað í ljósi þess að sameinað fyrirtæki er að selja [...] þremur stofnunum [LSH, FSA og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins] vörur fyrir meira en fjóra milljarða getur það skipt gríðarlega miklu máli í hagræðingarmöguleikum viðkomandi stofnana“.

Í svari Landspítalans við fyrirspurn eftirlitsins kom fram að „samruninn getur haft veruleg áhrif ekki síst í rannsóknarvörum þar sem sami aðili er kominn með umboð fyrir þrjá af fimm stærstu rannsóknartækjaframleiðendum í heiminum. Þarna getur skapast markaðsráðandi staða sem getur leyft ráðandi aðilum að lækka verð og ýta samkeppnisaðilum út af markaðnum“.

Það var því mat SE að þeir markaðir sem fyrirtækin tvö starfa á séu mikilvægir fyrir almenning og að það sé á endanum hann sem „bæði nýtur heilbrigðisþjónustunnar og greiðir þann kostnað sem af hlýst með einum eða öðrum hætti. Að undanförnu hefur komið fram að tækjabúnaður Landspítalans og annarra heilbrigðisstofnana í landinu sé í mörgum tilfellum úr sér genginn vegna sparnaðar í tækjakaupum undanfarin ár, ekki síst í kjölfar efnahagshrunsins. Áætlað er að spítalinn verði að endurnýja tækjabúnað sinn umtalsvert á næstu árum auk þess sem bygging nýs Landspítala mun hafa í för með sér töluverð útgjöld á þessu sviði. Virk samkeppni í viðskiptum með lækningatæki getur því varðað hagsmuni skattborgaranna sem nema háum fjárhæðum“.

SE ákvað því að ógilda samrunann.



**NEI** Samkeppniseftirlitið taldi markaðina sem fyrirtækin starfa á mikilvæga og að samruninn gæti haft víðtækar afleiðingar fyrir almenning í för með sér. Páll Gunnar Pálsson er forstjóri eftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## VERITAS HAGNAST VEL Á SÍÐUSTU ÁRUM

Veritas Capital er í eigu Stormtrés ehf. (75 prósent) og Ares fjárfestingafélags (25 prósent). Eigendur Stormtrés eru Hreggviður Jónsson (82 prósent) og Jóhann Arngrímur Jónsson (12 prósent). Eigandi Ares fjárfestingafélags er Straumborg ehf. (80,44 prósent), fjárfestingafélag að mestu í eigu Jóns Helga Guðmundssonar og barna hans, og Trausttaks ehf. (19,56 prósent), félags í eigu Gunnars Þórs Benjamínssonar og Jóhönnu Linnet. Veritas Capital hagnaðist um 755 milljónir króna í fyrra og eigið fé félagsins nam tæpum fjórum milljörðum króna um síðustu áramót. Alls seldi fyrirtækið vörur fyrir 13,7 milljarða króna. Hagnaður Veritas á árinu 2010 var 1,1 milljarður króna. Samanlagt hefur fyrirtækið því hagnast um tæpa tvo milljarða króna á tveimur árum.

Alls eiga þrettán hluthafar jafnan 7,6 prósenta hlut í Fastusi ehf. Félagið hefur ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2011 en árið á undan hagnaðist það um 106,2 milljónir króna.



**EVRUR** Seðlabankinn hóf að bjóða upp á fjárfestingaleiðina í byrjun þessa árs. NORDICPHOTOS/GETTY

60 milljarðar inn í gegnum fjárfestingaleiðina:

# Þrettán milljarða króna afsláttur

Alls hafa komið tæpir 60 milljarðar króna inn í landið í gegnum fjárfestingaleið Seðlabanka Íslands. Samtals hafa þeir aðilar sem hafa komið með fé inn í landið með þessum hætti fengið rúmlega tuttugu prósenta afslátt af þeim eignum sem þeir hafa keypt fyrir féð. Þetta kemur fram í tölum sem Seðlabankinn birti í síðustu viku. Fjárfestingaleið Seðlabanka Íslands, sem á að flýta fyrir afnámi gjaldeyrishafta, virkar þannig að ef fjárfestar skuldbinda sig til að koma með helming þeirrar upphæðar sem þeir vilja flytja inn landið og skipta henni á því gengi sem er í boði hjá viðskiptabönkum hverju sinni, og eru tilbúnir til að binda fjárfestinguna hérlendis í fimm ár, fá þeir afslátt af hinum helmingi fjárfestingarinnar.

Alls hafa fjárfestar komið með 295 milljónir evra, sem eru um 59 milljarðar króna samkvæmt útreikningum Markaðarins á meðaltalsgengi þeirra króna sem Seðlabankinn býðst til að kaupa í útboðum sínum og meðaltalsgengi krónu gagnvart evru á bankamarkaði á sama tíma. Ef sá afsláttur sem fylgir fjárfestingaleiðinni væri ekki fyrir hendi myndu viðkomandi fjárfestar hafa fengið 46,2 milljarða króna fyrir evrurnar sínar, eða um þrettán milljörðum krónum minna en þeir fengu í raun. Alls hefur 231 tilboði fjárfesta verið tekið í gegnum þessa leið frá upphafi árs. Á meðal þeirra sem hafa komið inn með fé með þessum hætti eru félög í eigu bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona, dótturfélag Samherja og danskir eigendur Húsasmiðjunnar. - þsj

**231** tilboði fjárfesta verið tekið í gegnum þessa leið frá upphafi árs.

## MEST FJÁRFEST Í HLUTABRÉFUM

Undirliggjandi fjárfestingar fjárfestingarleiðarinnar skiptast með þeim hætti að hlutabréf hafa verið 56 prósent kaupanna, skuldabréf 30 prósent, fasteignir 13 prósent og kaup í verðbréfasjóðum eitt prósent. Samanlagðar fjárfestingar á grundvelli fjárfestingarleiðarinnar nema 295 milljónum evra sem samsvarar u.þ.b. 59 milljörðum ISK. Fjárfestingarnar nema 3,6 prósent af vergri landsframleiðslu ársins 2011.

Ávöxtunarleikurinn
keldan NASDAQ OMX vísir Libra vib

**FJÖLDI SPILARA**
3.739

**FJÖLDI VIÐSKIPTA**
34.475

**HEILDARVELTA**
29 MILLJARÐAR

**FLEST VIÐSKIPTI**

| | |
|---|---|
| OSSRu | 2837 |
| HAGA | 2667 |
| ICEAIR | 2655 |
| REGINN | 2421 |
| MARL | 2216 |
| EUR | 1475 |
| CHF | 1343 |
| isl_althvaxtar | 1285 |
| iv_althltbr | 1236 |
| USD | 1177 |

**EFSTU SPILARAR**

| | |
|---|---|
| Bjarni Kolbeinsson | ▲ 2,56 |
| Halldór Grétarsson | ▲ 2,25 |
| Gísli Halldórsson | ▲ 2,1 |
| Páll Kvaran | ▲ 1,47 |
| Ármann Einarsson | ▲ 1,24 |
| Jónína Olsen | ▲ 1,06 |
| Vignir Jónsson | ▲ 0,88 |
| Tómas Árni Jónsson | ▲ 0,85 |
| Óli Þór Ásgeirsson | ▲ 0,79 |
| Ólafur Snorrason | ▲ 0,72 |

**Skipting eftir eignaflokkum**



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## EDINBORG FLOTTUST

**Edinborg var valin fram yfir London, París og Barcelona þegar veitt voru verðlaunin World Travel Awards í Portúgal um síðustu helgi. Edinborg er því sá staður sem fólk ætti að hafa í huga sé það á leið í borgarferð.**

















# Í DÝRÐ HAUSTLITA

**Á LEIÐ Í VETRARHÁTTINN** *Náttúran skartar sínum fegursta haustskrúða en brátt bíður vetrarkjóllinn. Haustlitaferð til Þingvalla endurnærir líkama og sál.*

Að hugsa sér að eiga slíkt land sem Íslendingar eiga og geta gengið áreitnislaust út á árbakkann til að horfa á það undur veraldar sem ísaldarurriðinn er," segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, nýkominn úr göngu niður Almannagjá með forseta Alþjóðaknattspyrnusambandsins (FIFA) og forystumönnum KSÍ.

„Í göngutúrnum stönsuðum við á álunum við Öxará og sáum þó nokkra gríðarstóra urriða á leið upp ána og að fossinum þar sem þeir takast á um hrygningar í frjóvgunarferlinu. Það var magnað sjónarspil og Þingvellir í glæsilegum búningi," segir Ólafur snortinn af fegurð og lífríki helgasta lands Íslendinga.

„Það er óvíða fegurra en á Þingvöllum á haustin. Litskrúð haustdýrðarinnar er þó komið yfir hámark sitt og rauði liturinn að mestu horfinn. Yfirbragðið er engu að síður töfrandi í gulum og brúnum litatónum," segir Ólafur og horfir í átt til formfagurra Botnssúlna, Ármannsfells og Hrafnabjarga sem nú hafa gránað niður í rætur og skarta fannhvítu sjali.

„Þingvallaferðir þurfa síst að líða undir lok þótt sumri hafi hallað. Hitastigið fer þó kólnandi og gott að vera vel búinn. Hér er margt að sjá og fegurðin yndisleg," upplýsir Ólafur.

Hann segir framlag þjóðgarðsins í verkefninu „Ísland allt árið" vera opnun fræðslumiðstöðvarinnar í allan vetur, en hún er opin daglega frá klukkan 9 til 17.

„Þar er hægt að hlýja sér, komast á salerni, fá sér kaffisopa og skoða fallegar bækur. Þaðan er svo ævintýri að ganga niður nýju brautina í Almannagjá sem er að mestu leyti frágengin eftir að glufa opnaðist í gjánni vorið 2011," segir Ólafur.

Frá Reykjavík er um 35 mínútna akstur til Þingvalla og margt sem gleður augað á leiðinni.

„Til Þingvalla er endurnærandi að koma, í friðinn og kyrrðina sem einkennir Ísland. Ferðamenn eru fáir á þessum árstíma. Því þarf ekki að ganga mörg skref til að verða einn í heiminum og vitni að undurfögrum haustblæ sem setur svip á landið þegar það býr sig undir vetrarsvefninn."

■ **thordis@365.is**

**SKUNDUM Á ÞINGVÖLL** Ólafur Örn Haraldsson er þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Þar er haustdýrðin allsráðandi og draumur að dvelja um stund.
MYND/EINAR Á. E. SÆMUNDSEN










# EKKI BARA VÍNHÉRAÐ

*Bordeaux í Frakklandi er vínáhugamönnum að góðu kunnugt en svæðið býður upp á meira en vín.*

Bordeaux er nafn sem margir hafa heyrt og kannast við enda eru milljónir vínflaskna merktar þessu franska héraði. Það vill þó oft gleymast að Bordeaux er líka nafn á borg í suðvesturhluta Frakklands sem er spennandi áfangastaður fyrir ferðalanga. Borgin og nágrenni hennar eru full af sögulegum og menningarlegum minjum, svo sem kastölum, kirkjum og styttum. Svæðið hefur upp á margt að bjóða og flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Fyrir vínáhugamenn ætti það að vera mikil upplifun að koma til þessa þekkta héraðs þar sem ársframleiðsla er um það bil 960 milljón vínflöskur frá tugum þúsunda framleiðenda. Landslagið er fallegt og tilvalið að hjóla um sveitir héraðsins. Þannig má kanna öll litlu þorpin, hitta íbúana og upplifa menninguna.

Kastalar eru á hverju strái þannig að engu er líkara en að fólk sé statt í ævintýri. Margir kastalanna eru á vínekrum og eru opnir almenningi sem getur þá fengið leiðsögn um vínræktarsvæðið og framleiðsluferlið. Jafnvel er boðið upp á vínsmökkun.

Bordeaux er merkileg borg fyrir margar sakir. Hún er ein af elstu borgum Frakklands og fræg fyrir arkitektúr sinn. Borgin er skráð á heimsminjaskrá UNESCO og í henni eru skráð 362 söguleg minnismerki og elstu byggingar hennar eru frá tímum Rómverja.

Auk alls þessa er ágætt að versla í borginni. Í hjarta hennar er Rue Sainte-Catherine sem er 1,2 kílómetra löng göngugata full af verslunum, veitingastöðum og kaffihúsum. Frakkar eru einmitt þekktir fyrir matargerð sína og má njóta hennar á fjölmörgum veitingastöðum borgarinnar. Ostrur, „foie gras", alls konar paté ásamt glasi af léttvíni úr héraðinu er uppskrift að góðum, frönskum málsverði.



**ÆVINTÝRA-KASTALAR** Kastalar eru á hverju strái í Bordeaux-héraði í Frakklandi og því gæti fólk upplifað sig eins og í ævintýri í ferðalagi um sveitir þess. NORDIC PHOTO/GETTY


## Karlakórinn Stefnir í Mosfellsbæ vill bæta við söngmönnum

Söngskrá Stefnis byggir á metnaði og skemmtilegu lagavali.

Söngstjórinn okkar, Julian Hewlett, tók við kórnum í haust og verður með okkur í leik og starfi í vetur.

Æfingar eru á þriðjudagskvöldum kl. 19:30 í Krikaskóla. Raddæfingar eru annað hvert mánudagskvöld á sama tíma.

Fyrirhuguð er söngferð til Færeyja í vor. Nýliðar borga engin félagsgjöld fyrsta árið.

Áhugasamir hafi samband við Guðmund í síma 863 4104, Julian í síma 699 1967 eða mæti beint á æfingu.

Við tökum vel á móti þér!









**STOLT** Marianne er hér stolt við saumavélina sína sem hefur gefið henni nýtt tækifæri í lífinu.

# ÍSLENDINGAR GERA ÞETTA MÖGULEGT

**ÞAKKLÁTT STARF** *Rauði krossinn á Íslandi var með söfnun um síðustu helgi fyrir börn og ungt fólk á átakasvæðum í heiminum. Marianne Nganda er ein þeirra ungmenna sem hefur fengið nýtt líf með hjálp Rauða krossins.*

Marianne Nganda man ekki hvernig hún fékk örið sem hún hefur undir hægra auganu. Hún veit hins vegar hvernig það gerðist. Borgarastyrjöldin í Síerra Leóne var í fullum gangi þegar frændi hennar flúði með hana inn í frumskóginn undan árás skæruliða. „Pabbi dó þegar ég var enn ófædd. Þegar ég var þriggja ára fór mamma inn í bæ til að útvega mat og þar var hún tekin föst og myrt," segir Marianne. „Frændi minn tók mig þá að sér. Hann bar mig á bakinu á flóttanum, en ég datt og skar mig."

Marianne er stödd í menntaathvarfi Rauða krossins í Moyamba í Síerra Leóne þar sem hún hefur verið síðan í júní. Hún stendur við saumavélina og brosir sínu blíðasta. „Frændi minn vildi mjög gjarnan að ég færi í skóla en hann hafði ekki efni á því. Ég hef því aldrei farið í skóla fyrr. Vinkona mín lét mig vita af athvarfi Rauða krossins eftir að hún útskrifaðist héðan," segir Marianne, sem er átján ára. Hún á þriggja ára dreng sem er með frændfólki í höfuðborginni Freetown.

Í Moyamba-athvarfinu eru 150 ungmenni á aldrinum 14-18 ára, fimmtíu drengir og eitt hundrað stúlkur. Þær eru samtals með 111 börn. Þau yngstu fara í leikskóla við athvarfið en eldri börnin eru með ættingjum eða fólki í nálægum þorpum.

Krakkarnir í Moyamba eiga að baki erfiða æsku. Sum voru á götunni, önnur hjá fjarskyldum ættingjum og enn önnur unnu þrælavinnu í námum. Árið sem þau fá að vera í menntaathvarfi Rauða krossins er tækifæri þeirra til að komast út úr vítahring erfiðisvinnu og vonleysis.

„Eftir að ég útskrifast ætla ég að fara aftur í þorpið mitt og láta aðra vita af athvarfinu og hvetja þá til að sækja um," segir Marianne. „Það vantar alveg klæðskera í þorpið. Ég ætla að koma upp eigin klæðskeraverkstæði. Nú á ég örlítinn sjóð sem ég get notað til að koma verkstæðinu á laggirnar."

Við upphaf námsins fékk Marianne, líkt og hinir krakkarnir, áhaldabox frá Rauða krossinum. Í því var meðal annars forláta saumavél og ýmis önnur tól sem tengjast klæðskurði. Marianne segir að námið hafi þegar breytt lífi sínu til hins betra. Hún hugsar til þeirra sem ekki hafa enn notið þess að nema við athvarfið.

„Það má alls ekki loka athvarfinu! Það skiptir miklu máli, það er svo mikilvægt fyrir alla sem þurfa að fá tækifæri í lífinu. Athvarfið ætti að vera hér til eilífðar," segir Marianne.

„Hér hef ég lært mikið. Ég get stafað nafnið mitt og talað óhrædd við fólk. Mér líður vel, ég er hamingjusöm og ég finn fyrir gleði. Á hverjum degi biðjum við fyrir þeim sem gefa peninga til að þetta sé mögulegt. Það er virkilega gleðilegt að hitta fólk frá Rauða krossinum á Íslandi því við vitum að Íslendingar gera þetta allt mögulegt."



**Í LEIKSKÓLA** Leikskóli fyrir börn stúlknanna í athvarfinu, sem eru nær allar einstæðar mæður þótt þær séu sjálfar börn að aldri.



**HÁRGREIÐSLA** Hárgreiðslunemar læra að flétta hár.


F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# GEÐHJÁLP

MIÐVIKUDAGUR 10. OKTÓBER 2012



**FRÆÐSLA OG RÁÐGJÖF MIKILVÆG**

30 til 60 prósent þeirra sem taka geðlyf finna fyrir aukaverkunum í formi kynlífstruflana. Fræðsla og ráðgjöf er mikilvæg í því sambandi.

**Bls. 3**



**SKORTUR Á ÁREIÐANLEGUM UPPLÝSINGUM**

Það vantar áreiðanlegar upplýsingar um algengi geðsjúkdóma.

**Bls. 4 og 5**



**FLESTIR DAGAR ERU GÓÐIR**

Borgarfulltrúinn Björk Vilhelmsdóttir hefur lengi glímt við þunglyndi. Hún hefur engu að síður lifað farsælu lífi og náð góðum árangri í starfi.

**Bls. 6**



**ÖFLUG GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA Í BREIÐHOLTI**

Með stofnun Geðheilsustöðvar Breiðholts hefur þjónusta við þá sem eiga við geðræn vandamál að stríða verið aukin til muna.

**Bls. 7**



**Þau Þorsteinn, Íris og Andri eru sammála um það að fólk sem hefur takmarkanir á einhverjum sviðum hafi oft náðargáfu á öðrum.** MYND/VALLI

# Allir snillingar eru klikk

● Þau Andri Freyr Viðarsson, Þorsteinn Magnússon og Íris Hólm eiga það sameiginlegt með fjölda annarra að hafa glímt við geðraskanir en hafa engu að síður átt velgengni að fagna. Þau telja jafnvel að veikindin hafi að einhverju leyti verið þeim til framdráttar. Vera Einarsdóttir settist niður með þeim yfir kaffi og súkkulaði.

**„Allir snillingar í heiminum eru klikkaðir. Ef allir væru „venjulegir" myndi enginn ríða á vaðið og það yrði engin framþróun," segir útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson. „Það að greinast með geðsjúkdóm þarf ekki að þýða að fólk geti ekki náð árangri í lífinu. Dæmin sanna hið gagnstæða og fjöldi fólks hefur náð hæstu hæðum á hvaða vettvangi sem er þrátt fyrir geðsjúkdóma," segir lögfræðingurinn Þorsteinn Magnússon. „Ég er ekki viss um að ég hefði leiðst út í að semja og syngja texta ef ég hefði ekki glímt við mínar raskanir," segir söngkonan Íris Hólm.** *Svona hefst spjallið og blaðamanni leikur forvitni á að vita meira:*

*Nú hafið þið öll notið velgengni í starfi. Hver er ykkar bakgrunnur og hvernig hefur ykkur tekist að fóta ykkur á vinnumarkaði?*

„Ég var mjög félagsfælinn sem barn og unglingur. Ég greindist svo með áráttu- og þráhyggjuröskun og kvíðaröskun árið 1997," segir Þorsteinn Magnússon, lögfræðingur hjá lögmannsstofunni LEX. „Við það bættist þunglyndi en þetta hangir allt svolítið saman. Um það leyti sem ég greindist var ég kominn mjög langt niður og var óhjákvæmilegt að ég leitaði mér aðstoðar. Ég horfðist í augu við vandann, fór tímabundið á lyf og hefur gengið ágætlega síðan. Mér hefur yfirleitt gengið vel í námi og starfi en einkennin hafa háð mér í einkalífi. Eftir að ég varð meðvitaður um sjúkdóminn og eftir að ég lærði að þekkja einkennin hef ég yfirleitt getað brugðist við og siglt í gegnum lægðir."

Hugurinn er atvinnutæki Þorsteins og honum finnst oft gott að hafa krefjandi viðfangsefni í vinnunni. „Þá tekst mér yfirleitt að útiloka neikvæðar hugsanir á meðan." Þorsteinn segir áráttu- og þráhyggju oft fylgja fullkomnunaráráttu sem getur stundum komið sér vel í starfi eins og lögmennsku sem krefst mikillar nákvæmni. „Um leið þarf maður að passa að ganga ekki of langt í smámunaseminni."

„Ég var búin að glíma við ýmislegt frá því ég var barn," segir Íris Hólm. „Ég greindist svo með jaðarpersónuleikaröskun árið 2010. Um svipað leyti var ég líka greind með þunglyndi sem síðar kom í ljós að var í raun afleiðing af ADHD sem ég var ekki greind með sem barn, heldur fyrst í fyrra." Íris er söngkona hljómsveitarinnar Irisation og hefur keppt í Söngvakeppni sjónvarpsins síðastliðin tvö ár. Hún semur bæði lög og texta og telur ólíklegt að hún hefði leiðst út í mikla sköpun ef ekki hefði verið fyrir þær raskanir sem hún hefur glímt við. „Vissulega varð ég vonsvikin og jafnvel reið þegar ég komst að því að ég var með ADHD. Læknarnir sögðu liggur við: „Hvernig gastu ekki hafa fattað það sjálf." Eflaust hefði verið gott að grípa inn í fyrr og setja mig á þau lyf sem ég tek í dag. Eftir á að hyggja hefði ég þó ekki viljað taka lyf sem barn og unglingur því þá hefði þörfin fyrir að skapa og semja kannski ekki vaknað. Fólk talar um að textarnir mínir séu dökkir og ljótir en með því að semja fæ ég útrás og líður betur. Þegar ég byrjaði á lyfjum fann ég hvernig sköpunarþráin dofnaði en þegar ég aðlagaðist þeim kom hún sem betur fer til baka."

Veikindin hafa þó staðið Írisi fyrir þrifum á hinum almenna vinnumarkaði. „Ég reyndi um tíma að vinna alls kyns átta til fjögur/níu til fimm störf en það hentaði mér illa. Þessum röskunum fylgir mikill verkkvíði og frestunarárátta og suma daga kom ég mér ekki af stað. Ef ég hringdi mig inn veika átti ég svo erfitt með að horfa framan í samstarfsfólk mitt daginn eftir sem varð að vonlausum vítahring. Að því leyti tel ég mig heppna að hafa tónlistina, sem sumir vilja reyndar ekki kalla alvöru vinnu. Vinnutíminn er sveigjanlegri sem hentar mér betur."

„Ég var mikið einn fyrst eftir að ég flutti frá Reyðarfirði til Reykjavíkur. Ég dró fyrir alla glugga og lokaði mig inni yfir hryllingsmyndum, rokkmúsík og teiknimyndablöðum. Mamma hafði áhyggjur af mér og sendi mig til geðlæknis sem komst að því að ég væri haldinn kvíða og vott af félagsfælni. Það var örugglega rétt hjá honum, en annars held ég að þessir karlar geti fundið eitthvað að öllum. Fyrir það fá þeir jú borgað," segir útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson.

*Þú berð það nú ekki með þér í dag.*

„Ja, það kemur kannski meira fram í fjölmenni. Ég fíla til dæmis ekki að hafa mikið meira en fjóra heima hjá mér í einu." Andri tók lyf um tíma en er án þeirra í dag. „Ég held samt að ég sé snargeðveikur – sem er gott því annars væri ég örugglega ekki að gera það sem ég er að gera í dag." Andri skeit á sig í menntaskóla eins og hann orðar það sjálfur og fór ungur að vinna. „Þetta voru svona „nine to five" störf í bókbandi, á fjölritunarstofu og í einhverju kjúklingaógeði. Mér fannst það alger horror og vonaði alltaf að það kæmi engin pöntun til mín og að enginn yrti á mig." Andri byrjaði svo með útvarpsþátt á X-inu og segir að fyrstu skrefin í fjölmiðlum hafa verið skelfileg. „Ég vonaði alltaf að enginn væri að hlusta." Ómeðvitað breytti Andri, sem hafði umsjón með þættinum Freysa, um rödd. „Ég fór að tala hærra og leið einhvern veginn betur með það. Ég kom líka alltaf fram með grímu í fyrstu og lét aldrei taka af mér mynd öðruvísi. Líklega hefur það

# Stígum út fyrir þægindahringinn

KÆRI LESANDI

Í tilefni 10. október sem er Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn tileinkum við hjá Geðhjálp blaðið okkar þunglyndi. Við vinnum á hverjum degi með fólki sem tekst á við geðsjúkdóma og líðanarraskanir og viljum að samfélagið allt geri það líka.

Við erum almennt góð við hvert annað, hugulsöm og langar að sýna athygli og veita samkennd við líðan. Við kunnum hins vegar verr að tala saman um andlega líðan en líkamlega.

Engum finnst erfitt að spyrja: „Hvernig ertu í hendinni? Tennisolnboginn enn að drepa þig? Æ, geturðu ekkert verið við tölvuna út af þessu? Hvernig gengur þá að vinna, ha? Ekki vel? Þú verður að fara að drífa þig til læknis, sjúkraþjálfara, borgar ekki vinnan það? Já, svona drífa sig!“

Hvernig hljómar svo þetta samtal í ykkar eyru: „Hvernig ertu svo af þunglyndinu? Hvernig er líðanin? Geturðu ekkert mætt í vinnuna? Æ, en leiðinlegt. Og hvað – hvað getur þú gert? Þekkir þú einhver bjargráð sem hafa áður hjálpað þér? Ertu ekki að tala við neinn? Ha! Veit enginn í þínu nánasta umhverfi kannski að þér líður hræðilega?“



Nei, því miður tölum við bara ekki svona. Kannski við okkar allra nánustu en sárasjaldan við næsta mann; þann sem situr við hlið okkar í vinnunni eða við hittum oft á fundum. Við sjáum stundum að eitthvað er að en út af feimni og óöryggi þá spyrjum við ekki.

Við getum hjálpast að og búið til ný norm en þá þarf að stíga út úr þægindahringnum. Þetta er ekki bara einhver heilög skylda og dæmi um góðverk. Verðmætin sem felast í fólki með til dæmis þunglyndi eru of mikil til þess að það sé bara á könnu sjúkrahúsa og fagaðila að láta sig málið varða. Vinnuveitendur, opinberir starfsmenn í ráðuneytum og stjórnmálamenn þurfa að staldra við og reikna dæmið til enda. Við hin þurfum að þrýsta á þessi skilaboð, ganga á undan með góðu fordæmi og hjálpast að.

KÆR KVEÐJA
**Björt Ólafsdóttir,**
formaður Geðhjálpar.

## DAGSKRÁ 10. OKTÓBER

Í tilefni Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 10. október er blásið til skemmtigöngu og boðið upp á skemmtidagskrá í Gamla bíói – leikhúsi miðvikudaginn 10. október frá 16.30 til 19.

- **16.30–17.00** Skemmtiganga frá Skólavörðuholti. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur undir.
- **17.00–17.30** Gamla bíó opnar. Kynning á geðheilbrigðisþjónustu og hagsmunasamtökum.
- **17.30–17.40** Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, setur dagskrá.
- **17.45–17.55** Tónasmiðja Lífsýnar spilar lög af nýjum diski sínum, Kveðju.
- **17.55–18.25** Styrktarafhendingar fræðslu- og forvarnasjóðsins Þú getur!
- **18.25–18.35** Ragnheiður Gröndal.
- **18.35–18.45** Sigríður Klingenberg.
- **18.45–18.55** Davíð og Stefán.
- **18.55–19.05** Edgar Smári Atlason.
- Hugsanlegur leynigestur.
- Kynnir verður Hrafnhildur Halldórsdóttir, þáttastjórnandi Samfélagsins í nærmynd.

**Útgefandi:** Geðhjálp **Umsjónarmaður auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512-5462. **Ábyrgðarmaður**: Svandís Nína Jónsdóttir.



Þorsteinn, Íris og Andri hafa hvert um sig fundið sína leið til að takast á við líf og starf.

brotið ísinn.“ Andri hefur nú umsjón með morgunþættinum Virkir morgnar á Rás 2 ásamt Guðrúnu Dís Emilsdóttur eins og alþjóð veit. Þá er nýhafin þriðja þáttaröðin af Andra á flandri í Ríkissjónvarpinu. Hann hefur því vanist sviðsljósinu og gríman er fallin. „Nú er það fólkið sem kemur til mín sem er með kvíðahnút í maganum. Ég er kominn skrefi lengra og leiðbeini því hróðugur hvernig á að tala í míkrafóninn og læt eins og það hafi aldrei gert annað.“

*Er það kannski mýta að fólk með geðraskanir „skili ekki sínu til samfélagsins“ eins og stundum er sagt?*

„Já, algerlega. Allir snillingar í heiminum eru klikkaðir. Ef allir væru „venjulegir“ myndi enginn ríða á vaðið með neitt og það yrði engin framþróun,“ segir Andri Freyr. „Mér finnst reyndar orðið geðveiki hafa svo tvöfalda merkingu. Allt sem er ógeðslega töff er geðveikt. Þú sérð geðveika mynd í bíó eða ferð á geðveika tónleika en um leið er þetta orð svo neikvætt hlaðið. Það eru allir klikkaðir. Bara mismikið og á ólíkum sviðum. Þeir sem eru ekkert klikkaðir eru bara boring,“ segir Andri. „Já sjáðu Walt Disney til dæmis,“ skýtur Íris inn í. „Hann var lesblindur og með athyglisbrest. Hann tjáði sig með því að teikna og hvar værum við án hans í dag? Þeir sem hafa takmarkanir á einu sviði hafa oft náðargáfu á öðru.“

„Vissulega geta geðsjúkdómar hamlað fólki og sumir verða öryrkjar en ef fólk horfist í augu við vandann og tekur á honum held ég að það séu oft góðar líkur á bata og velgengni,“ segir Þorsteinn. „Ég tók að gamni með mér lista sem ég fann á netinu yfir frægt fólk sem hefur glímt við þunglyndi, kvíða og áráttu og þráhyggju. Þar á meðal er fólk sem náð hefur miklum frama í atvinnulífi, farsælir þjóðarleiðtogar, íþróttafólk í fremstu röð og fjöldinn allur af heimsfrægu listafólki. Má þar nefna Woody Allen, Winston Churchill, David Letterman og Barbru Streisand. Þá fann ég umfjöllun um rannsókn sem John Hopkins-háskólinn gerði í kringum 1990. Þar var verið að rannsaka tíðni þunglyndis hjá mismunandi starfsstéttum og kom í ljós að hún var mest á meðal lögmanna,“ segir Þorsteinn.

*Ætli það sé orsök eða afleiðing starfsins?*

„Ja, það er ómögulegt að segja,“ segir hann og hlær. „Þetta er kannski svona hrikalega leiðinlegt. Reyndar var varpað fram ýmsum vangaveltum varðandi þetta. Margir telja að eitthvað í starfsumhverfinu ýti undir þunglyndi en auk þess virðast týpurnar sem velja sér þennan starfsvettvang oftar vera fullkomnunarsinnar.“ „Já, svo er líka helvítis álag á ykkur alla daga. Megið ekki segja neitt og eruð með slæma samvisku,“ segir Andri.

> „Það eru allir klikkaðir. Bara mismikið og á ólíkum sviðum. Þeir sem eru ekkert klikkaðir eru bara boring.“
>
> **Andri Freyr Viðarsson**
> útvarpsmaður

*Oftast er rætt um ókostina í tengslum við andlega sjúkdóma og vanlíðan, en sjaldnar um mögulega kosti eða tækifæri. Er mögulegt að velgengni ykkar í lífinu sé að hluta til vegna erfiðleikanna sem þið hafið gengið í gegnum?*

„Öll reynsla getur verið góð ef þú nýtir hana þannig. Við höfum öll heyrt klisjur eins og „það sem drepur mann ekki herðir mann“ og „menn eflast við hverja raun“, og það er kannski margt til í þessu,“ segir Þorsteinn. „Já, ég væri ekki ég sjálf nema hafa gengið í gegnum það sem ég hef gengið í gegnum og er bara nokkuð ánægð með mig svona flesta daga. Auðvitað fer ég stundum niður en ég held að öðruvísi læri maður ekki að meta það góða og skemmtilega í lífinu,“ segir Íris.

*En húmorinn – skiptir hann máli?*

„Já, algerlega,“ segir Íris. „En þetta er vandmeðfarið. Ég hafði ekki sérstakan húmor fyrir þessu til að byrja með en finnst ágætt að geta slegið þessu upp í grín í dag. Þegar ég hóf nám fyrir skemmstu var ég svakalega glöð og ánægð og þá var grínast með hvort þetta væri kannski bara manía. Ég var reyndar ekkert sérstaklega hrifin af því enda fór ég þá að efast um sjálfa mig og hvort tilfinningarnar væru raunverulegar.“

*En finnst ykkur mikilvægt að opinberar persónur stígi fram og segi frá því að þær glími við geðraskanir.*

„Já, ekki spurning. Þannig vinnum við gegn fordómum og erum kannski öðrum hvatning. Mér finnst fordómarnir þó vera á nokkru undanhaldi og oft eru það eigin fordómar og afneitun sem reynist erfiðast að vinna bug á,“ segir Þorsteinn. „Já, ég kannast sannarlega við það,“ segir Íris. „Ég leit sjálfa mig hornauga lengi vel og vildi ekki ræða þetta við neinn. Það var ekki fyrr en ég sá að líðan mín var farin að hafa slæm áhrif á aðra sem ég fór að gera eitthvað í mínum málum.“ „Já, maður á það til að vera ansi duglegur að rakka sig niður. Ég hef oft staðið mig að því eftir útsendingu að hugsa: Þú ert svo mikið fífl og fáviti, Andri. Af hverju varstu að segja þetta. En svo er það kannski einmitt það sem fólk var sérstaklega ánægt með,“ segir Andri.

*Ekki alls fyrir löngu sá Þorsteinn ástæðu til að upplýsa vinnuveitendur sína um veikindi sín.* „Þó þetta hái mér ekki sérstaklega í starfi þarf ég að passa upp á álag og fleira. Það var viss kvíði í mér en mér þótti það mikils virði að því var vel tekið. Ég skynjaði engar efasemdir um að ég væri samt sem áður fær um að sinna mínu starfi.“ Þorsteinn segir það sömuleiðis hafa reynst sér vel að hafa góð áhugamál. „Ég fékk þá flugu í höfuðið fyrir nokkrum árum að endurvekja gamlan draum um að verða góður hlaupari og vinna afrek á því sviði. Ég fór að æfa frjálsar og á einu og hálfu ári komst ég á topp tíu í sumum greinum. Á þeim tíma tók ég lítið eftir einkennunum. Ég tók sömuleiðis góða törn í sumar og varð ekkert var við þunglyndiseinkenni á meðan. Ég held að það skipti því máli að finna jafnvægi í lífinu. Ef málin eru almennt í góðum farvegi gengur yfirleitt líka betur í starfi.“



## GEÐORÐIN TÍU

1. Hugsaðu jákvætt, það er léttara.
2. Hlúðu að því sem þér þykir vænt um.
3. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir.
4. Lærðu af mistökum þínum.
5. Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina.
6. Flæktu ekki líf þitt að óþörfu.
7. Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig.
8. Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup.
9. Finndu og ræktaðu hæfileika þína.
10. Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast.

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

## FRÆÐSLUNÁMSKEIÐ

### fyrir fólk með geðklofa og aðstandendur

Námskeiðið verður haldið á vegum geðsviðs LSH og verður **alla föstudaga frá 19. október - 23. nóvember kl. 13-16,** í samkomusal LSH að Kleppi.

**Einkenni geðklofa**
Ólafur Bjarnason sérfræðingur í geðlækningum

**Meðferðarúrræði og eftirfylgd**
Kristófer Þorleifsson sérfræðingur í geðlækningum

**Meðferð við geðklofa**
Halldóra Jónsdóttir sérfræðingur í geðlækningum

**Um nauðungarvistanir og sjálfræðissviptingar**
Kristófer Þorleifsson sérfræðingur í geðlækningum

**Iðjuþjálfun og hlutverk í endurhæfingu**
Svanborg Guðmundsdóttir iðjuþjálfi

**Að vinna með erfiðar tilfinningar**
Elías Jón Sveinsson hjúkrunarfræðingur

**Fjölskyldan og félagsleg réttindi**
Anna Guðrún Halldórsdóttir félagsráðgjafi

**Sálfræðileg meðferð við geðklofa**
Guðrún Íris Þórsdóttir sálfræðingur

**Bataferlið**
Margrét Eiríksdóttir geðhjúkrunarfræðingur

**Einstaklings- og fjölskylduhjúkrun**
Hallfríður Eysteinsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Notendur og endurhæfing**
Bergþór Grétar Böðvarsson fulltrúi notenda og gestir

**Mikilvægi hreyfingar fyrir fólk með geðklofa**
Svandís Sigurðardóttir sjúkraþjálfari,
Rafn Haraldur Rafnsson og
Kristjana Ósk Sturludóttir íþróttafræðingar

Þátttaka tilkynnist fyrir **17. október**
í síma 543 4200 virka daga kl. 8-16
eða á netfangið; helgao@landspitali.is

**Námskeiðið er ókeypis**

# Geðsjúkdómar og kynlíf

● Talið er að um 30 til 60 prósent þeirra sem taka geðlyf finni fyrir aukaverkunum í formi kynlífstruflana. Sólrún Ósk Lárusdóttir sálfræðingur segir umræðuna um þessi mál verða að vera opna og nærgætna.

Geðheilbrigði og kynheilbrigði eru bæði hluti af lýðheilsu og í raun nátengd fyrirbæri. Geðsjúkdómar, einkenni þeirra og meðferð geta haft veruleg áhrif á kynlíf en áhrifin eru fjölbreytt, einstaklingsbundin og ólík eftir því um hvaða geðsjúkdóm er að ræða. Við greiningu á þunglyndi er til að mynda minnkaður áhugi á kynlífi eitt þeirra einkenna sem horft er til. Að auki einkennist þunglyndi meðal annars af depurð, orkuleysi, lágu sjálfsmati og pirringi sem getur haft áhrif á getu fólks til að mynda og viðhalda ástarsamböndum. Félagsfælni getur haft veruleg áhrif á tækifæri fólks til að mynda náin tengsl og þeir sem þjást af kvíðaröskunum glíma sumir við kynlífsandúð og bráðasáðlát. Rannsóknir benda til að algengt sé að einstaklingar með geðklofa eigi við kynlífsvanda að etja og að þeir eigi erfitt með að mynda náin sambönd sem aftur hefur neikvæð áhrif á lífsgæði þeirra.



Geðsjúkdómar, einkenni þeirra og meðferð geta haft veruleg áhrif á kynlíf en áhrifin eru fjölbreytt, einstaklingsbundin og ólík eftir því um hvaða geðsjúkdóm er að ræða. NORDICPHOTOS/GETTY

### AUKAVERKANIR LYFJA

Talið er að um 30-60% þeirra sem taka geðlyf finni fyrir aukaverkunum í formi kynlífstruflana. Þunglyndislyf geta til að mynda dregið úr næmi í kynfærum, valdið fullnægingarerfiðleikum eða dregið úr kynlöngun. Annars vegar er talað um bein áhrif geðlyfja á kynlíf (t.d. breytingar á kynlöngun, ristruflanir, sístaða) og óbein áhrif (t.d. þreyta, sljóleiki og þyngdaraukning). Neikvæð áhrif geðlyfja á kynlíf geta valdið því að fólk neitar að taka lyf sem þó eru nauðsynleg til meðferðar á sjúkdómnum. Þó geta áhrif geðlyfja á kynlíf einnig verið jákvæð með því að létta á hamlandi áhrifum geðsjúkdómsins.

Fyrir utan áhrif veikinda og lyfja eiga þeir sem glíma við geðsjúkdóma oft erfiða reynslu að baki sem hefur áhrif á kynlíf þeirra. Rannsóknir sýna að einstaklingar með geðraskanir hafa oftar en aðrir orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Þá hafa margir alist upp við erfiðar og óstöðugar fjölskylduaðstæður og ekki haft góðar fyrirmyndir að nánum samböndum eða fengið tækifæri til að mynda slík sambönd sjálfir á mótunarárum sínum.

### AÐSTOÐ VEGNA KYNLÍFSVANDA

Kynlíf er einn af mikilvægum þáttum félagslegrar heilsu fólks með langvinna geðsjúkdóma en stofnanir og starfsfólk geðheilbrigðisþjónustu eiga oft erfitt með að koma til móts við þarfir skjólstæðinga sinna á þessu sviði. Í könnun frá 2008 um þjónustuþarfir meðal notenda göngudeildarþjónustu á Kleppi kom fram að um fjórðungur aðspurðra taldi sig þurfa á aðstoð að halda vegna kynlífsvanda og tæp 40% vildu fá aðstoð til að byggja upp náin tengsl við aðra manneskju. Flestum fannst hins vegar þessi þjónustuþörf vera óuppfyllt. Almennt virðast kannanir benda til að einstaklingar með geðraskanir upplifi að fagaðilar í geðheilbrigðisþjónustu ræði lítt um þennan mikilvæga þátt í lífinu.

### OPIN UMRÆÐA NAUÐSYNLEG

Það er mikilvægt að fólk sé vel upplýst um áhrif geðsjúkdóma á kynlíf, hvort sem það eru sjúklingar, aðstandendur eða starfsfólk á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar. Æskilegt væri að setja samræmdar verklagsreglur þar sem skjólstæðingar væru upplýstir og/eða spurðir að fyrra bragði um kynlífsvanda og áhrif sjúkdómsins og/eða lyfja á þessu sviði. Í kjölfarið gæti fylgt fræðsla, ráðgjöf eða breytingar á meðferð. Einnig þyrfti að auka kynfræðslu í sinni víðustu merkingu til geðfatlaðra sem myndi ná til kynlífsvanda, kynferðislegs ofbeldis og þess að mynda og vera í nánum samböndum. En fyrst og fremst þarf umræðan að vera opin, hreinskilin og nærgætin.

*Höfundur: Sólrún Ósk Lárusdóttir sálfræðingur.*

## ÁHÆTTUÞÆTTIR ÞUNGLYNDIS

Það er mismunandi milli svæða í heiminum hverjir eiga sérstaklega á hættu að fá þunglyndi. Um allan heim eru þó nokkrir áhættuþættir sem gera suma líklegri en aðra til þess að verða þunglyndir.

1. Kyn; konur reynast tvisvar til þrisvar sinnum líklegri til þess að verða þunglyndar en karlar.
2. Efnahagslegur ójöfnuður; það er að segja fátækt.
3. Félagslegur ójöfnuður; svo sem lágt menntunarstig.
4. Erfðir; ef einhver nákominn er þunglyndur eru tvisvar til þrisvar sinnum meiri líkur á að viðkomandi þrói með sér þunglyndi einhvern tímann á ævinni.
5. Ofbeldi.
6. Sambandsslit eða hjónaskilnaður; en það á sérstaklega við um karlmenn.
7. Önnur langvarandi veikindi.



# Skortur á áreiðanlegum upplýsingum um algengi geðsjúkdóma



Svandís Nína Jónsdóttir

Líkt og flestir gera sér grein fyrir getur þunglyndi og kvíði lagst á alla, líka börn og unglinga. Þetta eru þó ekki sjálfsögð sannindi því lengi vel hélt fagfólk að börn yrðu ekki þunglynd. Fyrir þann tíma voru þunglyndiseinkenni í börnum og unglingum oftar en ekki afgreidd sem tímabundin depurð eða birtingarmynd hormónabreytinga. Þetta hefur sem betur fer breyst hin síðustu ár þó menn séu ekki á eitt sáttir um þá þróun.

**ALGENGI ÞUNGLYNDIS OG KVÍÐA**

Að undanförnu hefur mikið farið fyrir umræðunni um aukið þunglyndi og kvíða meðal almennings hér á landi. Því til staðfestingar nægir að fletta í vefmiðlum landsins en fyrirsagnir á borð við „Aukin notkun þunglyndislyfja“ eða „Kostnaður hins opinbera vegna þunglyndislyfja hækkar“ eru mjög tíðar. Það sem gerir þessa umræðu nokkuð einkennilega er að upplýsingarnar sem stuðst er við eru nokkuð misvísandi. Þannig var áætlað í heilbrigðisáætlun stjórnvalda fram til 2010 að heildaralgengi geðraskana á Íslandi væri um 22%, en samkvæmt því mætti þá gera ráð fyrir að um 50.000 Íslendingar, fimm ára og eldri, þjáist af einhvers konar geðtruflun á hverjum tíma. Ekki fylgir nánari skýring á því hvað „heildaralgengi“ þýðir í þessu samhengi en óneitanlega hljómar þetta nokkuð hátt. Þegar litið er í tölur úr tölfræðigagnagrunni Tryggingastofnunar ríkisins um notkun þunglyndislyfja kemur eilítið önnur mynd í ljós. Samkvæmt niðurstöðum þar fengu 11% einstaklinga ávísað þunglyndislyfi árið 2007, sem er töluvert lægri tala en þessi 22% sem vísað er til í heilbrigðisáætluninni. Vissulega taka upplýsingarnar frá TR til þrengri flokks geðlyfja (þ.e. einungis er verið að tala um þunglyndislyf) en í ljósi þess að þunglyndislyf eru vinsælustu geðlyfin á markaðnum í dag er ólíklegt að hlutfall notenda hækki verulega þó tekið sé tillit til breiðari lyfjanotkunar.

En hvaða ályktun má draga af þessu? Ef það er rétt sem stendur í heilbrigðisáætluninni að heildaralgengi geðraskana sé um 22% og að 11% einstaklinga hafi fengið ávísað þunglyndislyfi árið 2007 er hægt að leiða líkur að tvennu: annað hvort mæta lyfjaávísanir ekki eftirspurn (þó leiðrétt sé fyrir fleiri lyfjategundum) eða upplýsingarnar um heildaralgengi geðraskana standa höllum fæti.

## Mynd 1

Hlutfall grunnskólanema á landinu í 9. og 10. bekk sem segja andlega heilsu sína slæma




## Mynd 2

Hlutfall 15-21 árs gamalla framhaldsskólanema á landinu sem segja andlega heilsu sína vera slæma eða lélega




## Mynd 3

Hlutfall grunnskólanema í 9. og 10. bekk sem segjast hafa tekið eða taka nú geðlyf




**Við þökkum stuðninginn**

Landsvirkjun

REYKJALUNDUR endurhæfing

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

ASÍ Alþýðusamband Íslands

SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR

Arion banki

### ALGENGI ÞUNGLYNDIS OG KVÍÐA MEÐAL BARNA OG UNGLINGA

Ekki er um auðugan garð að gresja þegar litið er til opinberra talna um algengi þunglyndis og kvíða meðal barna og unglinga. Þó er umræðan um efnið í vefmiðlum keimlík umræðunni um þunglyndi fullorðinna. Þar er að finna margar vísanir í meinta aukningu í lyfjanotkun ungmenna þó opinberar tölur styðji það ekki endilega. Í tölfræðigagnagrunni TR kemur fram að á árunum 2003-2007 fengu að meðaltali 5,3% 10-19 ára gamalla stráka og 5,8% stúlkna á sama aldri ávísað þunglyndislyfi. Ekki er að sjá mikla aukningu í þessum aldurshópi milli ára ef hvert ár er skoðað sérstaklega. Samt sem áður var það niðurstaða vinnuhóps á vegum landlæknisembættisins (árin 1999-2001) að ætla megi að um 12% barna og unglinga glími við geðraskanir á hverjum tíma fyrir sig og að um helmingur þeirra eigi við mjög alvarlega geðfötlun að stríða. Þessar niðurstöður eru studdar í annarri, nýlegri skýrslu frá landlæknisembættinu en þar segir að um 12-15% barna og unglinga glími við vægan geðrænan vanda á hverjum tíma og þar af séu um 2-5% þeirra erfið tilfelli. Erfitt er að átta sig á merkingu þessara talna og hvaðan þær koma. Er um áætlanir að ræða sem byggja m.a. á erlendum rannsóknum eða er verið að styðjast við annars konar upplýsingar? Og hvaða upplýsingar þá? Hvernig metum við og mælum þunglyndi í börnum og unglingum? Er einungis miðað við börn sem hafa tekið inn geðlyf eða er um víðtækari upplýsingar að ræða?

Á mynd 1 sjáum við hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla sem segja andlega heilsu sína slæma, en hlutfallið sem segir svo er um 4% árið 2009, fer í 6,6% ári seinna en stendur nú í 3,7% árið 2012. Slíkt hið sama má segja um 15-21 árs gamla framhaldsskólanema en á bilinu 3,5-5,2% þeirra töldu andlega heilsu sína slæma árin 2004-2010 (mynd 2). Þegar litið er til þess hversu hátt hlutfall ungmenna hefur tekið eða tekur nú geðlyf (mynd 3) sjáum við að þær tölur eru lægri en vísað er til í skjölum og skýrslum frá landlæknisembættinu og velferðarráðuneytinu en á bilinu 3,1-3,5% ungmenna í 9. og 10. bekk sögðust vera á geðlyfjum árin 2006-2009. Líkt og kemur fram í öðrum myndritum er um óverulegar breytingar í lyfjanotkun að ræða á milli ára. Þessar niðurstöður benda engan veginn til þess að geðlyfjanotkun barna og unglinga sé í mikilli uppsveiflu, nema síður sé.

### HVAÐA LÆRDÓM MÁ DRAGA AF ÞESSARI UMFJÖLLUN?

Í fyrsta lagi má ljóst vera að það er skortur á áreiðanlegum upplýsingum um algengi geðsjúkdóma meðal almennings hérlendis, þá sérstaklega þegar kemur að börnum og unglingum. Er tíðni þunglyndis að aukast eða ekki? Ef tekið er mið af umfjöllun um efnið í þeim skjölum sem hér er vísað í virðast vísbendingarnar frekar vera á þá leið að vandinn sé vanmetinn. Ef 12-15% barna eiga við geðrænan vanda að stríða á hverjum tíma en 5% þeirra nota lyf, gæti þá ekki verið að ungmennin séu ekki að fá

„Það má ljóst vera að skortur er á áreiðanlegum upplýsingum um algengi geðsjúkdóma meðal almennings hérlendis, þá sérstaklega þegar kemur að börnum og unglingum."

**Svandís Nína Jónsdóttir**

### HVERNIG META BÖRN OG UNGLINGAR EIGIN ANDLEGA HEILSU?

Rannsóknafyrirtækið Rannsóknir og greining ehf. hefur árlega lagt spurningalista fyrir alla grunnskólanema í unglingadeildum landsins frá árinu 1992, þar sem þau eru spurð m.a. um andlegt og líkamlegt heilbrigði, fjölskylduaðstæður, líðan í skóla og vímuefnaneyslu. Hér verður gripið niður í svör barnanna við spurningum um andlega líðan sína og geðlyfjanotkun. Eins og kemur fram í myndritunum hér til hliðar er ekki að sjá miklar breytingar á líðan þeirra yfir tíma, ef einstaka ársbundnar sveiflur eru undanskildar.

þá hjálp sem þau þurfa? Svör ungmenna við spurningum um andlega líðan sína og geðlyfjanotkun dregur úr áætluðu hlutfalli barna sem nota geðlyf að staðaldri, en hlutfall þeirra sem segir svo fer ekki yfir 3,8% í könnunum á tveimur tímapunktum. Á hinn bóginn telja færri ungmenni andlega heilsu sína slæma en kemur fram í mati fagaðila í skýrslum ofangreindra heilbrigðisaðila.

Eitt er þó alveg skýrt og það er að þörfin fyrir áreiðanlegar upplýsingar um andlegt heilbrigði barna og unglinga er verulega ábótavant og brýnt er að bætt verði úr því hið fyrsta.



Geðhjálparhúsið er að Túngötu 7. MYND/VALLI

# Kastljósi beint að þunglyndi

Þunglyndi er einn þyngsti og dýrasti sjúkdómurinn á heimsvísu, jafnt í þróuðum ríkjum sem í þróunarlöndum, vegna minnkaðra lífsgæða og glataðra vinnudaga. Á alþjóðageðheilbrigðisdaginn 10. október 2012 vekjum við athygli á því um heim allan að hægt er að meðhöndla þunglyndi og ná bata.

Fleiri en 350 milljónir manna á öllum aldri og í öllum samfélögum eru þunglyndir. Þrátt fyrir að til séu gagnlegar meðferðir við þunglyndi er aðgengi að meðferð vandamál í flestum ríkjum. Í sumum fátækari ríkjum fá færri en 10% þunglyndra viðeigandi meðferð. Efnahagskreppan sem ríður yfir heiminn með tilheyrandi atvinnuleysi, auknum skuldum og auknu óöryggi hefur enn aukið á vandann.

### VAKANDI FYRIR EINKENNUM ÞUNGLYNDIS

Talið er að um 12-15 þúsund Íslendingar séu þunglyndir á hverjum tíma. Þótt þunglyndi sé svo algengt, gera margir sér litla grein fyrir eðli sjúkdómsins eða misskilja birtingarmyndir hans. Þunglyndi er ekki merki um dugleysi, ekki fremur en sykursýki eða of hár blóðþrýstingur.

Þunglyndi hefur margvísleg einkenni, sem öll hafa í för með sér að draga úr lífsgleði og framtaki. Það dregur úr þreki einstaklings til að sinna daglegum skyldum, rækta fjölskyldu og vini. Ef þunglyndið greinist ekki leiðir það til þjáninga og viðvarandi röskunar á starfsgetu og lífsnautn. Þegar verst lætur getur þunglyndið stefnt lífi fólks í óefni, jafnvel sjálfsvígshættu. Því er mikilvægt að opna augun fyrir einkennum sjúkdómsins.

### AÐSTOÐ ER FYRIR HENDI

Á alþjóðageðheilbrigðisdaginn 2012 eru stjórnvöld og almenningur um heim allan hvött til þess að ræða um þunglyndi sem útbreiddan sjúkdóm sem hefur áhrif á einstaklinga, fjölskyldur þeirra og samferðafólk, og gera sér grein fyrir því að aðstoð er fyrir hendi. Við ættum öll að vera meðvituð um fyrstu merki þunglyndis – það getur haft áhrif á alla, bæði unga sem aldna.

**Heimild: World Federation for Mental Health og www.landlaeknir.is**


## Við þökkum stuðninginn

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
N1
Neutral
LANDMÓTUN
Stilling
LYFJA - Lifið heil
actavis hagur í heilsu



„Við búum í góðu velferðarsamfélagi en mættum hlúa betur að þeim sem eru verst staddir vegna sjúkdóma sinna," segir Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi. MYND/VALLI

# Flestir dagar eru góðir dagar

● Stuðningsumhverfi fyrir geðsjúka er almennt gott hér á landi en margir hafa ekki efni á því. Pólitíkin er ekki geðgóð – en maður á ekki að láta sjúkdóm ráða för sinni, sé þess kostur.

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi hefur um langt skeið glímt við þunglyndi. Hún var greind á fullorðinsaldri en segir sjálf að líklega hafi hún glímt við þunglyndi frá unglingsárum sínum. „Fólk er almennt hrætt við geðsjúkdóma því þeir eru jú alvarlegir. Því er svo mikilvægt að segja að flestir dagar séu góðir dagar, að minnsta kosti hjá flestum, þó þeir séu með geðsjúkdóma. Það gleymist oft og það eru helstu skilaboðin sem mér finnst mikilvægt að koma á framfæri."

Björk segir einnig mikilvægt að hafa í huga að þrátt fyrir þunglyndi hafi hún náð góðum árangri á starfsvettvangi sínum og almennt lifað afar farsælu lífi með hjálp lyfjameðferða og samtalsmeðferða. „Ef maður fókusar á styrkleika sinn og það jákvæða í lífinu þegar við vinnum gegn fordómum og viðhorfi gagnvart geðsjúkdómum, þá getum við sagt að flestir dagar séu góðir dagar. Auðvitað verða sumir svo veikir og í svo langan tíma að erfitt er að fá góða daga. En hjá fjöldanum sem greinist með geðsjúkdóma er þetta staðreyndin."

Opinská og einlæg umræða skiptir miklu í umhverfi geðsjúkra segir Björk. „Það hefur aldrei verið neitt feimnismál hjá mér að ég sé þunglynd og það hefur lítið háð mér í starfi. Þótt geðlækninum mínum finnist það ekki skynsamlegt að ég helli mér meir og meir í pólitík, því pólitíkin er ekki mjög geðgóð. Þó vil ég starfa á þessum vettvangi þar sem ég vil að samfélagið hlúi betur að velferð þeirra sem svo sannarlega þurfa á samfélagslegum stuðningi að halda. Maður á ekki heldur að láta sjúkdóminn ráða för, sé þess kostur. Pólitíkin er sá vettvangur sem ég vil helst beita mér á og tel að styrkleikar mínir nýtist sem best."

Að sögn Bjarkar er stuðningsumhverfi fyrir geðsjúka almennt gott hér á landi. „Við búum í góðu velferðarsamfélagi en mættum hlúa betur að þeim sem eru verst staddir vegna sjúkdóma sinna. Heilbrigðisþjónustan þyrfti að vera ódýrari sem og önnur stuðningsþjónusta. Kostnaður á ekki að vera fyrirstaða þegar kemur að lyfjakaupum eða hvort leitað sé eftir þjónustu til dæmis sálfræðinga og sjúkraþjálfara. Það er dýrt að vera sjúklingur og jafnvel allt of dýrt fyrir of marga. Við verðum að gefa fólki, sem greinist með geðsjúkdóma, tækifæri til að byggja upp styrkleika sína. Ef við leyfum því að eflast þá verða þau ekki óvirk í samfélaginu heldur þátttakendur í stað þess að festast í sjúkdómshlutverkinu."

## ÞUNGLYNDI ER MISALVARLEGT OG ÞAÐ ER MARGT TIL RÁÐA

● Þunglyndi er ekki það að vera leiður í smá tíma heldur lýsir sér í depurð í lengri tíma; vikum eða jafnvel mánuðum saman.

● Þunglyndiseinkenni eru mörg og birtast misjafnlega hjá fólki. Dæmi um þunglyndiseinkenni eru áhugaleysi, einbeitingarleysi, eirðarleysi og pirringur. Einkennin geta líka verið líkamleg svo sem svefntruflanir, breytingar á matarlyst og þreyta.

● Þunglyndiseinkenni eru misalvarleg og skerða lífsgæði fólks mismikið. Sumir verða grátgjarnir, vonlausir og neikvæðir og missa áhuga og ánægju af því sem veitti þeim áður gleði. Suma langar ekki að vera til lengur og finna fyrir sjálfsvígshugsunum.

● Stundum er hægt að finna kveikju að þunglyndinu; miklar breytingar, áhyggjur, atvinnumissir eða barneignir svo eitthvað sé nefnt. Sumir eiga fjölskyldusögu um þunglyndi en stundum er ekki hægt að finna neina sérstaka ástæðu eða kveikju.

● Það er mjög líklegt að þú þekkir einhvern sem er að glíma við þunglyndi. Þunglyndi er svo algengt að það er stundum kallað kvef geðsjúkdómanna og talið er að allt að 20% fólks þjáist af þunglyndi einhvern tíma á lífsleiðinni.

● Þunglyndi er algengara hjá konum en körlum en allir geta fengið þunglyndi óháð stétt, stöðu, kyni og aldri. Börn geta líka greinst með þunglyndi.

● Þunglyndi er raunverulegur heilsufarsvandi en ekki eitthvað sem hægt er að „hrista af sér".

● Margir sem glíma við þunglyndi njóta góðs af breyttum lífsstíl, reglulegri hreyfingu, hollu mataræði, góðum nætursvefni og hófstilltri áfengisneyslu. Eins geta góðar sjálfshjálparbækur og stuðningshópar komið að gagni.



● Það er margt til ráða við þunglyndi, svo sem samtalsmeðferð og lyfjagjöf og best er að leita sér hjálpar sem fyrst. Oft er gott að panta tíma hjá heimilislækni en einnig er hægt að leita til annarra sérfræðinga svo sem geðlækna og sálfræðinga. Ef sjálfsvígshugmyndir eru orðnar ágengar er rétt að leita til bráðamóttöku geðsviðs.

● Ef þú ert í vafa um hvert þú átt að leita eða hvað þú getur gert geturðu haft samband við ráðgjafa Geðhjálpar í síma 570-1700 eða gegnum netfangið gedhjalp@gedhjalp.is.

# Aukin þjónusta við geðsjúka

Með stofnun Geðheilsustöðvar Breiðholts hefur þjónusta við þá sem eiga við geðræn vandamál að stríða og fjölskyldur þeirra verið aukin til muna.



Markmiðið með stofnun Geðheilsustöðvar Breiðholts var meðal annars að sameina krafta fagstétta og efla geðþjónustu í nærumhverfi. MYND/ANTON

Í kjölfar aukinnar umræðu um skort á eftirfylgni og stuðningi í samfélaginu við einstaklinga með geðraskanir var geðteymi Heimaþjónustu Reykjavíkur stofnað árið 2004. Í dag er geðteymið þverfaglegt teymi sem í starfa hjúkrunarfræðingur, geðhjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfi, sjúkraliðar og sálfræðingur. Talsverðar breytingar hafa því orðið síðustu ár á þjónustu við einstaklinga með geðsjúkdóma. Jafnframt hefur hugmyndafræði um aukna þátttöku notenda, meiri samvinnu fagfólks og nærþjónustu rutt sér til rúms.

### GEÐHEILSUSTÖÐ BREIÐHOLTS

Með aukinni samfélagsgeðþjónustu kemur í ljós þörf annarra hópa samfélagsins fyrir öfluga geðþjónustu þar sem hinn almenni borgari ætti að geta leitað eftir stuðningi, ráðgjöf og þjónustu í því hverfi sem hann býr. Til að hægt sé að færa þjónustuna nær notandanum er mikilvægt að stíga skref til framtíðar. Því var sú ákvörðun tekin innan Reykjavíkurborgar að stofna Geðheilsustöð Breiðholts. Með stofnun hennar var horft til þess að sameina krafta fagstétta hinna ýmsu stofnana og efla geðþjónustu í nærumhverfi.

Horft var til Breiðholts sem þess þjónustusvæðis þar sem byrjað verður að þróa þéttara samstarf fagaðila og stofnana, ásamt því að efla geðþjónustu til einstaklinga sem eiga við geðræn vandamál að stríða og fjölskyldna þeirra. Til að styðja við þróun Geðheilsustöðvarinnar var stofnaður stýrihópur en í honum eru fulltrúar frá landlæknisembættinu, geðsviði Landspítalans, aðalskrifstofu velferðarsviðs, Þjónustumiðstöð Breiðholts og Heimaþjónustu Reykjavíkur.

### GEÐTEYMI

Geðteymi Heimaþjónustu Reykjavíkur mun starfa innan Geðheilsustöðvarinnar. Eitt af meginmarkmiðum með þjónustu geðteymisins er að styðja einstaklinga 18 ára og eldri sem greindir eru með geðsjúkdóm til að takast á við daglegt líf. Veita fræðslu, ráðgjöf og þá eftirfylgni sem þarf hverju sinni ásamt því að hvetja einstaklinginn til sjálfshjálpar og sjálfsvirðingar. Þjónusta geðteymisins fer fram með viðtölum eða heimavitjunum og er veitt frá kl. 8.00-20.00 alla virka daga. Þjónustan nær til íbúa í Breiðholti en einnig til íbúa Grafarvogs, Grafarholts og Árbæ.

### SÍMARÁÐGJÖF

Til að auka þjónustu við íbúa Breiðholts þá mun þann 11. október verða opnað fyrir símaráðgjöf Geðheilsustöðvarinnar. Þjónustan er fyrir þá

**ÞJÓNUSTA**
Geðheilsustöðvar

**ÞJÓNUSTA GEÐTEYMIS**
Nær til Breiðholts, Grafarvogs, Árbæjar og Grafarholts

**SÍMARÁÐGJÖF**
fyrir nærumhverfið
Opinn sími 4 sinnum í viku. Veittar upplýsingar og ráðgjöf

**FRÆÐSLA**
fyrir nærumhverfið
Um mál sem snerta geðheilbrigði

sem þurfa ráðgjöf og upplýsingar um úrræði og leiðir sem eru í boði fyrir einstaklinga með geðrænan vanda eða aðstandendur þeirra. Ráðgjafarsíminn er ekki ætlaður sem bráðaþjónusta né vinalína heldur er tilgangurinn að bæta þjónustu og auðvelda aðgengi að upplýsingum. Ráðgjafarsíminn, sem er 411-9680, verður opinn á mánudögum, þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum frá klukkan 12.30 til 14.30.

### FRÆÐSLA

Geðheilsustöðin mun standa fyrir reglulegri fræðslu fyrir nærsamfélagið og lögð verður áhersla á að standa að fræðslunni í samvinnu við fagfólk og notenda- og hagsmunasamtök geðsjúkra.

### HUGMYNDAFRÆÐI

Innan Geðheilsustöðvarinnar verður lögð áhersla á að veita gæðaþjónustu samkvæmt viðurkenndri þekkingu eftir hugmyndafræði batamódelsins eða „recovery model". Með batahugmyndafræði er gert ráð fyrir að einstaklingur með geðsjúkdóm geti náð bata. Lögð er áhersla á að glæða vonina um bata jafnframt því að stuðla að aukinni stjórn einstaklingsins á eigin lífi með valdeflinguna að leiðarljósi. Einstaklingum er mætt á jafnréttisgrundvelli þar sem gagnkvæm virðing og viðurkenning er höfð að leiðarljósi.



## NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI

Stjórn Geðhjálpar býður Evu Bjarnadóttur velkomna til starfa. Eva tók við starfi framkvæmdastjóra samtakanna í byrjun ágústmánaðar. Starfsferill hennar og reynsla kemur samtökunum afskaplega vel en hún hefur áður starfað fyrir félagasamtök, fjölmiðla og á erlendum vettvangi. Eva er stjórnmálafræðingur að mennt og lagði sérstaka áherslu á mannréttindi í meistaranámi sínu við Edinborgarháskóla.
Hægt er að senda Evu póst á netfangið eva@gedhjalp.is.



## EINN DÝRASTI SJÚKDÓMUR HEIMS

**1.** Þunglyndi er einn þyngsti og dýrasti sjúkdómurinn á heimsvísu, jafnt í háþróuðum löndum sem í þróunarlöndum.
**2.** Þunglyndi er algengur sjúkdómur; 15 til 25 prósent einstaklinga geta búist við því að verða þunglyndir einhvern tíma á ævinni.
**3.** Þunglyndi byrjar oft snemma á ævinni, mjög oft á bilinu átján til þrjátíu ára.
**4.** Þunglyndi tengist mjög oft kvíðaröskunum og áfengissýki.
**5.** Þunglyndi fylgir oft langvinnum líkamlegum sjúkdómum.
**6.** Þunglyndi birtist stundum sem safn líkamlegra einkenna.
**7.** Þunglyndi er oft flókið í greiningu, ekki síst vegna þess að einstaklingurinn sjálfur áttar sig oft ekki á því að vanlíðanin og andlegt og líkamlegt þróttleysi geti verið af völdum þunglyndis.
**8.** Þegar vandað er til greiningar og meðferðar er árangur ekki minni en við aðra algenga sjúkdóma.

*Heimildir: World Federation for Mental Health og landlaeknir.is*

JÓL
Geðveik

Nú er aftur flautað til „geðveikra jóla"!
Geðveik jól er árleg jólalagasamkeppni milli vel valinna fyrirtækja og stofnana.
Í hverju fyrirtæki eða stofnun leynast starfsmenn með tónlistar- eða sönghæfileika sem ekki hafa fengið notið sín.
Aftur langar okkur að deila hæfileikum þeirra með þjóðinni og um leið nota tækifærið og styrkja mikilvægt málefni.
Geðhjálp býður þjóðinni að kjósa „geðveikasta jólalagið árið 2012". Allur ágóði kosningarinnar rennur beint til starfsemi félagsins.
Reynsla síðustu geðveikra jóla sýndi að keppnin stuðlar að jákvæðum og uppbyggilegum starfsanda á vinnustöðunum og vegna þessa hafa mörg fyrirtækjanna sótt það fast að taka þátt í verkefninu aftur í ár.
Allar nánari upplýsingar er hægt að finna inni á gedveikjol.is.

# Við þökkum stuðninginn

About Fish Íslandi ehf
Aðalmálun sf
Aðalskoðun hf
Aðalvík ehf
Akrahreppur Skagafirði
Aldan-stéttarfélag
Allianz Ísland hf
Allt í járnum ehf
ARGOS Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf
Auris medica ehf
Axis-húsgögn ehf
ÁÁ verktakar ehf
Árbæjarapótek ehf
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf
Bandalag háskólamanna
Bandalag starfsm ríkis og bæja
Birtingur ehf
Bílasmiðurinn hf
Bílaverk ehf
BJ-verktakar ehf
Björnsbakarí ehf
Blaðamannafélag Íslands
Blikkrás ehf
Bolungarvíkurkaupstaður
Bókhaldsþjónusta KOM ehf
Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf
Brekkan ehf
Bu.is ehf
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
Congress Reykjavík-Ráðstþj ehf
Danica sjávarafurðir ehf
DMM Lausnir ehf
Drafnarfell ehf
Dúklagnameistarinn ehf
Efling stéttarfélag
Efnamóttakan hf
Eignamiðlunin ehf
Eignaskipting ehf
Einar Jónsson Skipaþjónusta
Eldá ehf
Eldhestar ehf
Elísa Guðrún ehf
Endurskoðun Ómars Kristjáns slf
Ernst & Young ehf
Evrópulög ehf
Fagverk verktakar sf
Fasteignasalan Garður ehf
Fatabúðin ehf
Faxaflóahafnir sf
Félag eggjaframleiðenda
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Fiskbúðin
Fiskmark ehf
Fiskmarkaður Bolungarv. og Suðureyrar ehf
Fjallabak ehf
Fjarðaþrif ehf
Fjölbrautarskóli Suðurlands
Flóahreppur
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
Framköllunarþjónustan ehf
Frár ehf
Frostfiskur ehf
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
G.M. Byggir ehf
Garðabær
Geislatækni ehf,Laser-þjónustan
GG optic ehf/ bt. Augað
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Glaður ehf
Glit málun ehf
Grímsnes ehf
Grunnskólinn í Sandgerði
Guðmundur Arason ehf Smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf
Gull- og silfursmiðjan ehf
H.V.-umboðsverslun ehf
Hafgæði sf
Hafkalk ehf
Helgi Bergþórsson
Hellur og garðar ehf
Héðinn Schindler lyftur hf
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Hjallasandur ehf
Hjallastefnan ehf
Hlíðar ehf
Hólabrekka ehf
Hótel Borgarnes hf
Hótel Djúpavík ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hraðfrystihús Hellissands hf
Hraungerði ehf
Hreysti ehf
Hugsjá ehf
Hugsmiðjan ehf
Húnaþing vestra
Hveragerðiskirkja
Höfðavélar ehf
Höfn,öldrunarmiðstöð
Iceland Seafood ehf
Init ehf
Inmarsat Solutions ehf
InnX innréttingar ehf
Intellecta ehf
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Ísgát ehf
Íslandsfundir ehf
Íslensk endurskoðun ehf
Íslenska félagið ehf - Ice Group
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
Ísrör ehf
Íþróttafélagið Fylkir
Járnkarlinn ehf
Jón og Trausti sf
Kapalvæðing ehf
Kaupfélag Skagfirðinga
Kaupverk ehf
Kemi ehf
Kjaran ehf
Kjölur ehf
Knattspyrnusamband Íslands
Kórall sf
Kristján F Oddsson ehf
Kristján G. Gíslason ehf
Krit ehf
Kríunes ehf
Krossborg ehf
Kvenfélag Reykdæla
Kynning og markaður - KOM ehf
Kæling ehf
Landsnet hf
Leiguval ehf
Leikskólinn Vinaminni ehf
Léttfeti ehf
Litla partasalan ehf
Ljósmyndaver Hörpu Hrundar ehf
Loðnuvinnslan hf
Loftstokkahreinsun ehf
Lyfjaver ehf
Löndun ehf
Manus ehf
Marella ehf
MD vélar ehf
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Nathan & Olsen ehf
Nobex ehf
Nonni litli ehf
Nónvarða ehf
Nýi ökuskólinn ehf
Orkuvirki ehf
Ós ehf
Ósal ehf
Parlogis hf
Pípulagnaþj. Bjarna Fannberg Jónasson ehf
Promens
Rafal ehf
Rafgeisli Tómas R. Zoëga ehf
Rafmiðlun hf
Rafsvið sf
Raftar ehf
Raftækjaþjónustan sf
Raf-X ehf
Rarik ohf
Rekstrarfélag Kringlunnar
Reykjanesbær
Rue de Net Reykjavík ehf
Runólfur Hallfreðsson ehf
Rögn ehf
Samherji hf
Samhjálp
Samson ehf
Sálarrannsóknarfélag Reykjav
Seljakirkja
Seltjarnarneskirkja
Siesta-Sól ehf - Sólbaðstofan Sælan
Sigurbjörn ehf
Sigurborg ehf
SÍBS
Sínus ehf
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Skarðsvík ehf
Skinney - Þinganes hf
Skóarinn í Kringlunni ehf
Skólavefurinn ehf
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Sorpsamlag Þingeyinga ehf
Sportbarinn
Stekkur ehf
Steypusögun Norðurlands ehf
Stig ehf
Stokkar og steinar sf
Stólpi ehf
Straumnes ehf
Strikamerki hf
Suzuki-bílar hf
Svínahraun ehf
Sæbjörg ehf
Sæmundur Sigmundsson ehf
Söluturninn Smári
Tannlæknast Harðar V Sigmars sf
Tannlæknastofa A.B. slf
Tannlæknastofa Björns Þ Þór ehf
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsd ehf
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
Thorp ehf
TÍ slf
Tónmenntaskóli Reykjavíkur
Tónsport ehf
Tréver sf
Tækniskólinn ehf
Umbúðamiðlun ehf
Útgerðarfélagið Jói Blakk
Útgerðarfélagið Sæfari ehf
Veiðiþjónustan Strengir
Veitingastaðurinn Fljótið ehf
Veitingaþjónusta Lárus Lofts
Verk- og tölvuþjónustan ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkfræðistofa Suðurnesja hf
Verkfræðistofan VIK ehf
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Verslunarskóli Íslands
Verslunartækni ehf,Reykjavík
Vetrarsól ehf
Vélaverkstæði Kristjáns ehf
Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf
Vélaverkstæðið Þór ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf
Vélsmiðjan Orri ehf
Viðskiptaþjónusta Akraness ehf
Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf
Vignir G. Jónsson hf
Vídd ehf
Vísir félag skiptstjórnarmanna á Suðurnes
Vísir hf
VR
Vörumiðlun ehf
Yndisauki ehf
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf
Þjónustumiðstöðin Þingvöllum
Þór félag stjórnenda
Æco bílar ehf
Ævintýradalurinn ehf
Öryggisgirðingar ehf

# Leigumarkaðurinn í ójafnvægi

***Leiguverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað mikið umfram húsnæðisverð á síðustu misserum. Hagspár gera ráð fyrir talsverðri raunhækkun húsnæðisverðs á næstunni en samhliða þeirri þróun gæti orðið ákveðin tilfærsla af leigumarkaði á húsnæðismarkaðinn.***

**FASTEIGNIR | FRÉTTASKÝRING**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Hagstæðara virðist vera að kaupa íbúðarhúsnæði um þessar mundir en leigja. Í það minnsta ef tekið er mið af hlutfalli kaupverðs af leiguverði sem oft er notað til að gefa vísbendingu um hvor valkosturinn er betri. Greiningaraðilar á markaði spá flestir nokkurri raunhækkun á húsnæðisverði á næstu misserum. Ein forsenda slíkra spáa er að hluti þess hóps sem nú er á leigumarkaði fari brátt að huga að húsnæðiskaupum.

**Hagstæðara nú að leigja**

Eftirspurn eftir húsnæði á íslenska leigumarkaðnum jókst mikið eftir bankahrun. Sú sókn hefur knúið áfram talsverða hækkun á leiguverði. Frá því að Þjóðskrá Íslands hóf að taka saman vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu í janúar 2011 hefur það hækkað um tæp 9% að raunvirði. Á sama tímabili hefur húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um ríflega 3%. Leiga, sem valkostur við húsnæðiskaup, hefur því versnað.

Seðlabanki Íslands fjallaði um stöðu leigumarkaðarins í rammagrein í Peningamálum (nr. 2 2012) sem komu út í maí á þessu ári. Í greininni skoðaði bankinn meðal annars hlutfall kaupverðs af leiguverði (e. price-to-rent ratio) á árinu 2011 en hlutfallið er talið gefa vísbendingu um hvort hagstæðara sé að kaupa eða leigja.

Segir í greininni að þumalputtareglan sé sú að ef hlutfallið er undir 15 sé hagstæðara að kaupa eign. Sé hlutfallið á bilinu 16 til 20 er talið hagstæðara að kaupa ef ætlunin er að eiga eignina lengi en leigja ef ætlunin er að eiga hana í skamman tíma. Þá er talið hagstæðara að leigja fremur en að kaupa ef hlutfallið er yfir 20. Þó rekur Seðlabankinn þann varnagla að sögulega hefur þetta hlutfall verið hærra til að mynda í Evrópa og Bandaríkjunum en á Íslandi meðal annars vegna ólíks lánamarkaðar.

Kemur í ljós að þetta hlutfall var alls staðar á landinu undir 15 í fyrra. Hæst var það á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ þar sem það var 13,5 en lægst á Vestfjörðum þar sem það var 8,9. Sé tekið mið af þróun vísitala íbúðaverðs og leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu það sem af er þessu ári má vera ljóst að þetta hlutfall hefur enn lækkað, í það minnsta á höfuðborgarsvæðinu.

**Húsnæðisverð á uppleið**

Óvíst er hve lengi þetta ástand getur varað, ekki síst þar sem flestir greiningaraðilar búast við kröftugri raunhækkun húsnæðisverðs á næstu misserum.

Til dæmis kynnti greining Íslandsbanka nýja þjóðhagsspá í lok september þar sem gert var ráð fyrir 7% nafnhækkun íbúðaverðs á þessu ári og svipaðri hækkun næstu tvö ár. Samanlögð hækkun á tímabilinu gæti því numið 22,6%. Á sama tímabili býst greining Íslandsbanka við 13,9% verðbólgu og því væri um 7,7% raunhækkun húsnæðisverðs að ræða.

Svipuð saga var sögð í nýjustu hagspám greiningardeildar Arion banka og hagfræðideildar Landsbankans. Hagfræðideildin spáði 7% raunhækkun á árunum 2012 til 2014 í maí síðastliðnum. Þá var greiningardeild Arion banka enn bjartsýnni og spáði ríflega 12% raunhækkun húsnæðisverðs á tímabilinu.

Auðbjörg Ólafsdóttir, hagfræðingur í Greiningu Íslandsbanka, segir ýmis teikn á lofti sem renna stoðum undir spá bankans. „Fyrst og fremst byggir spáin á undirliggjandi efnahagslegum þáttum. Við væntum áframhaldandi efnahagsbata, gerum ráð fyrir að fjárfesting aukist og að hagur heimilanna haldi áfram að vænkast. Þar fyrir utan teljum við líklegt að spurn eftir húsnæði verði mikil á næstu misserum.“

Auðbjörg bendir til að mynda á að stórir árgangar séu að komast á húskaupaaldur sem muni styðja við frekari hækkun húsnæðisverðs. „Á sama tíma erum við að horfa á þann veruleika að það hefur mjög lítið húsnæði verið byggt undanfarin ár. Á síðasta ári var einungis byrjað að reisa 142 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Það er í sögulegu samhengi mjög lítið og því mun aukið framboð varla standa undir eftirspurninni, í það minnsta fyrst um sinn.“

Auðbjörg bendir einnig á að gjaldeyrishöftin fækki verulega þeim fjárfestingarkostum sem íslenskum fjárfestum standi til boða. Því kunni fjárfestar að líta meira en ella til íbúðarhúsnæðis sem fjárfestingarkosts.

**Tilfærsla af leigumarkaði á húsnæðismarkað?**

Um leigumarkaðinn segir Auðbjörg að líklega muni ákveðin tilfærsla verða af leigumarkaðnum inn á húsnæðismarkaðinn á næstu misserum. „Leigumarkaðinn hefur nær tvöfaldast frá hruni og leiguverð er orðið frekar hátt. Mjög margir sem hafa farið inn á leigumarkaðinn á síðustu árum eru nú á þessum skilgreinda húskaupaaldri, 25 til 35 ára. Hluti þessa hóps, í það minnsta, hyggst væntanlega kaupa sér húsnæði fyrr eða síðar. Þá hefur stórkaupavísitala Capacent Gallup einmitt verið að sýna að áhugi þessa aldurshóps á húsnæðiskaupum er nú allur að glæðast,“ segir Auðbjörg.

Loks bendir Auðbjörg á að það taki yfirleitt tíma fyrir leigu- og húsnæðismarkaðinn að ná jafnvægi. „Nýjar íbúðir eru náttúrulega ekki byggðar á einni nóttu. Þá má velta fyrir sér hvort leigumarkaðurinn á Íslandi hafi breyst til frambúðar eftir hrun. Maður hefði til dæmis haldið að hann myndi minnka eitthvað með auknum umsvifum á húsnæðismarkaði síðustu tvö ár. Hann hefur hins vegar ekki breyst mikið og því gæti einhver sagt að nú vilji einfaldlega fleiri vera á leigumarkaði eða þá að fólk sé smeykara við að skuldsetja sig en áður. Ef svo er gæti þessi þróun orðið eitthvað hægari.“

**Þróun leiguverðs**




**Fjöldi þinglýstra leigusamninga**




**Þróun íbúða- og leiguverðs að raunvirði**




**Þróun íbúða- og leiguverðs**




Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðskrá



**HÚSÞÖK Í REYKJAVÍK** Flestar hagspár gera ráð fyrir talsverðri raunhækkun húsnæðisverðs á næstu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**AUÐBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR**

**Hlutfall kaupverðs og leiguverðs***

| Staður | Hlutfall 2011** | Hlutfall 2012*** |
|---|---|---|
| Reykjavík, vestan Kringlumýrarbr. og Seltjarnarness | 13,4 | 12,9 |
| Reykjavík milli Kringlumýrarbr. og Reykjanesbr. | 12,8 | 12,3 |
| Kópavogur | 13,4 | 12,9 |
| Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes | 13,3 | 12,8 |
| Grafarv., Grafarh., Árbær, Norðlingah. og Úlfarsárd. | 12,5 | 12,1 |
| Breiðholt | 11,4 | 11,0 |
| Kjalarnes og Mosfellsbær | 13,5 | 13,0 |
| Suðurnes | 11,8 | |
| Vesturland | 12,5 | |
| Vestfirðir | 8,9 | |
| Norðurland | 11,4 | |
| Austurland | 9,6 | |
| Suðurland | 10,9 | |

* HLUTFALL = (MEÐALKAUPVERÐ Á FERMETRA / MEÐALLEIGUVERÐ Á FERMETRA X 12)
** HEIMILD: ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS OG SEÐLABANKINN
*** SÉ MIÐAÐ VIÐ BREYTINGAR Á VÍSITÖLU HÚSNÆÐISVERÐS ANNARS VEGAR OG VÍSITÖLU ÍBÚÐAVERÐS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU HINS VEGAR ÞAÐ SEM AF ER ÁRINU 2012.

# Reyna sífellt að skafa af mínútur

***DHL fagnar um þessar mundir 30 ára starfsafmæli á Íslandi. Atli Freyr Einarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, hefur starfað hjá því helming þessa tíma, fyrst sem bílstjóri. Atli segir hraðsendingar ágætan mælikvarða á þrótt efnahagslífsins en þær hafa bent til stigbatnandi ástands síðustu misseri.***

**VIÐTAL**

**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

DHL á Íslandi fagnar um þessar mundir 30 ára starfsafmæli. Markaðurinn ræddi við Atla Frey Einarsson, framkvæmdastjóra félagsins, af þessu tilefni um fyrirtækið, umsvifin í efnahagslífinu og þær breytingar sem orðið hafa á hraðflutningum síðustu áratugi.

**DHL á Íslandi fagnar um þessar mundir 30 ára starfsafmæli. Sjálfur hefur þú starfað hjá fyrirtækinu helming þess tíma eða frá árinu 1997. Hver er þín saga innan fyrirtækisins?**

„Ég byrjaði eiginlega fyrir slysni hjá DHL árið 1997. Ég fékk starf sem bílstjóri en vissi í raun lítið út í hvað ég var að fara. Ég man að ég var gjörsamlega úrvinda eftir fyrsta daginn en ég komst þó fljótt inn í þá menningu sem búið er að byggja upp innan fyrirtækisins. Það hefur verið lögð mikil áhersla á það alla tíð hjá DHL að hver dagur er ný áskorun og að við erum öll liðsheild sem er að vinna að sama markmiði. Þessi menning höfðaði til mín sem varð þess sennilega valdandi að mér leið strax ágætlega í starfi hjá fyrirtækinu. Þegar mér var svo boðin vinna áfram með skóla þá þáði ég það.

Á háskólaárunum var ég því oft að keyra til Keflavíkur klukkan sex á morgnana að ná í pappíra sem höfðu komið til landsins með næturfluginu áður en ég fór svo í skólann. Ég var svo seinna meir færður í innslátt sendinga og loks í söludeildina eftir útskrift. Síðar meir var ég gerður að sölustjóra og loks að framkvæmdastjóra. Það má því segja að maður hafi komið við alls staðar í fyrirtækinu sem er skemmtilegt því nú til dags er maður í reglulegum samskiptum við kúnna sem kynntust manni fyrst sem einhverjum gutta í útkeyrslunni.“

> Það má því segja að maður hafi komið við alls staðar í fyrirtækinu sem er skemmtilegt því nú til dags er maður í reglulegum samskiptum við kúnna sem kynntust manni fyrst sem einhverjum gutta í útkeyrslunni.




**ATLI FREYR EINARSSON** Atli Freyr hóf störf hjá DHL sem bílstjóri fyrir fimmtán árum en er framkvæmdastjóri fyrirtækisins í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvernig hefur starfsemi fyrirtækisins breyst á þessum tíma og í hverju felst þjónusta þess í dag?**

„Fyrirtækið hefur náttúrulega breyst töluvert á þessum fimmtán árum. Þegar ég byrjaði voru starfsmenn rétt rúmlega þrjátíu en starfsmannafjöldinn fór mest upp í sjötíu í byrjun árs 2008. Eðli þjónustunnar hefur einnig breyst. Þegar DHL byrjaði hér á Íslandi árið 1982 var litið á hraðsendingar sem neyðarþjónustu. Viðskiptavinina vantaði eitthvað með skömmum fyrirvara sem stafaði oft af því að eitthvað hafði gleymst eða bilað. Þá var því reddað með DHL. Grunnþjónustan er vitaskuld sú sama enn þann dag í dag, við flytjum vörur frá A til B með hraðsendingum en einnig nú með flugfragt og sjófragt. Nú til dags erum við hins vegar meira hluti af aðfangakeðju fjölmargra fyrirtækja.

Viðskiptavinir okkar eru kannski að flytja inn vörur vikulega en vilja ekki sitja með stóran lager. Í staðinn flytja þeir heldur reglulega inn með okkur ef eitthvað vantar upp á. Þetta er innflutningurinn en við þjónustum líka útflutningsfyrirtæki. Við getum tekið sem dæmi íslenskan fataframleiðanda sem er að selja sínar vörur erlendis. Til þess að vera samkeppnishæfur þarf hann að geta sent vörur héðan, þar sem framleiðslan er, á markaðina með mjög skömmum fyrirvara og þar komum við inn í myndina. Við hjálpum því fyrirtækjum með alhliðaflutningsþjónustu og stjórnun vörukeðju.“

**DHL stillir sjálfu sér upp sem öruggu og hraðvirku flutningsfyrirtæki. DHL er vitaskuld alþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi um allan heim. Hve mikilvægt er hið alþjóðlega net til að ná þessum markmiðum?**

„Það er mjög mikilvægt. DHL hefur verið að byggja upp alþjóðlegt flutningsnet frá 1969 og samsteypan er mjög meðvituð um að hún er ekki sterkari en veikasti hlekkurinn. Þess vegna er lögð mikil áhersla á að mæla þann tíma sem allir flutningar taka mjög gaumgæfilega og fyrirtækið reynir sífellt að skafa mínútur af flutningstíma hvort sem er hér á Íslandi eða annars staðar. Ef þjónustan hér væri til dæmis slæm þá bitnar það ekki bara á okkar viðskiptavinum heldur líka viðskiptavinum DHL í fjölmörgum öðrum löndum sem eiga í viðskiptum við íslensk fyrirtæki. DHL á alþjóðavísu reynir því að styðja eins og það getur við hverja skrifstofu og við getum alltaf leitað aðstoðar ef við þurfum að taka á vandamálum. Að sama skapi er stundum leitað til okkar eftir ráðgjöf. Þetta er allt mikilvægt en auðvitað skiptir mestu máli að hafa gott starfsfólk sem við höfum verið heppin með. Ég held að það sé án vafa lykillinn að árangri í okkar geira.“

**Segja má að umsvifin í þjóðfélaginu hverju sinni endurspeglist að einhverju leyti í umfangi sendinga og flutninga til og frá landinu. Sé tekið mið af þróun ykkar viðskipta, hvernig er staðan á Íslandi um þessar mundir?**

„Þetta er mjög góð spurning enda er oft talað um að hraðsendingar geti verið mælikvarði á þrótt efnahagslífsins. Ef við skoðum fjölda sendinga á dag hjá okkur þá má segja að hlutirnir hafi verið á uppleið frá svona október 2009. Árið 2008 var mjög erfitt fyrir okkur. Innflutningur minnkaði mikið þegar gengi krónunnar féll um vorið og svo þegar bankarnir hrundu, gengið féll enn meira og gjaldeyrishöftin voru sett á blasti við ansi dökk mynd. Góður maður ráðlagði mér að leita að nýrri vinnu þar sem hann taldi að ekki einn einasti nagli yrði fluttur inn til landsins í fjögur ár hið minnsta. Það reyndist sem betur fer ekki rétt en við þurftum samt sem áður að fara í gegnum erfiðan niðurskurð. En svo þegar fór að líða á árið 2009 þá fóru hlutirnir aðeins að batna og hafa farið stigbatnandi síðan. Árið í fyrra var gott og okkur sýnist sem svo að árið í ár verði það líka.“

VERÐLAUN
SKÚLA FÓGETA

GAMMA verðlaunar bestu lokaritgerðina

GAMMA veitir árlega verðlaun fyrir bestu lokaritgerð í meistaranámi á sviði fjármála og efnahagsmála. Verðlaunin eru veitt 12. desember á fæðingardegi Skúla Magnússonar fógeta, stofnanda fyrsta íslenska hlutafélagsins. Um er að ræða peningaverðlaun.

Umsóknarfrestur er til 10. nóvember nk.

Innsendar ritgerðir þurfa að hafa verið samþykktar sem útskriftarverkefni í meistaranámi við íslenskan háskóla á þessu ári.

Nánari upplýsingar veitir Dr. Ásgeir Jónsson, efnahagsráðgjafi GAMMA, asgeir@gamma.is.
Senda á ritgerð, ásamt ferilskrá, á verdlaun@gamma.is.

Klapparstígur 29 | 101 Reykjavík | Sími 519 3300 | www.gamma.is

GAMMA
GAM Management hf

LÓÐIR VIÐ DUGGUVOG OG SÚÐARVOG

# VERKTAKAR - FJÁRFESTAR - ÞRÓUNARFÉLÖG

## TÆKIFÆRI TIL ÞRÓUNAR OG UPPBYGGINGAR



### Spennandi tækifæri

Auglýst er eftir áhugasömum aðilum sem vilja taka þátt í þróun og uppbyggingu á lóðum við Dugguvog og Súðarvog í Reykjavík.
Lóðirnar og fasteignir eru í eigu Regins ÞR1 ehf. og er félagið allt til sölu.
Um er að ræða 8 lóðir á svæði við Dugguvog og Súðarvog.
Þær eru alls tæplega 53 þús. m² að stærð og mannvirki á þeim eru samtals um 27 þús. m² sem er að mestu í útleigu. Reginn ÞR1 ehf. er í umsýslu Regins hf.

### Möguleikar til uppbyggingar

Svæðið er spennandi kostur til uppbyggingar og þróunar nýrrar byggðar.
Drög að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 gerir ráð fyrir að svæðið verði tekið til frekari þróunar og byggt upp með blandaðri byggð íbúða og þjónustu.
Svæðið er einstaklega vel staðsett á höfuðborgarsvæðinu og nýtur góðs af nálægð við gróið íbúðahverfi í Vogunum og þeirri þjónustu sem þar er að finna.
Fjallasýn, nálægð við náttúruminjar og sjóinn einkenna svæðið.
Tækifæri eru til að skapa aðlaðandi og spennandi nýtt borgarumhverfi í beinum tengslum við útivistarsvæði í Elliðaárdal.

### Val á bjóðendum

Bjóðendur verða valdir í opnu ferli og að loknu tilboðsferli fara fram viðræður um sölu á félaginu.

Kynningargögn er hægt að nálgast frá og með þriðjudeginum 9. október 2012 með því að senda beiðni á netfangið vogabyggd@lex.is

**Tilboðum skal skilað til LEX Borgartúni 26, 105 Reykjavík eigi síðar en kl. 14:00 þriðjudaginn 30. október 2012.**

VSÓ RÁÐGJÖF

LEX

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Hagasmára 1
201 Kópavogur
Sími 512 8900
reginn@reginn.is



**TIL SÖLU** PwC var falið að selja Bláfugl í febrúar. Félagið er nú í eigu Íslandsbanka og þrotabús Glitnis.

Flugfélag í söluferli:

## Bláfugl skilaði góðri afkomu á síðasta ári

Bláfugl ehf. hagnaðist um 1,5 milljónir dala, um 183 milljónir króna á gengi dagsins í dag, á síðasta ári. Um viðsnúning er að ræða frá árinu áður þegar félagið tapaði rúmum 500 þúsund dölum, 62 milljónum króna. Mestu munaði um að greiddur fjármagnskostnaður lækkaði úr 2,5 milljónum dala í 108 þúsund dali. Þetta kemur fram í ársreikningi Bláfugls fyrir árið 2011.

Bláfugl er íslenskt flugfélag sem rekur starfsemi á sviði vöruflutninga og leigir út fragtflugvélar. Félagið er í eigu SPW ehf., sem er félag í 71,1 prósents eigu Íslandsbanka og 28,9 prósenta eigu þrotabús Glitnis. Bláfugl var sett í opið söluferli í febrúar síðastliðnum og var PwC falið að annast ferlið.

Bláfugl átti eignir upp á 25,5 milljónir dala, um 3,1 milljarð króna, í lok síðasta árs og handbært fé félagsins var 9,4 milljónir dala, um 1,1 milljarður króna. Skuldir Bláfugls voru 7,2 milljónir dala, 880 milljónir króna, um áramót og lækkuðu um tæpar tvær milljónir dala á síðasta ári. Eigið fé félagsins var því jákvætt um 18,3 milljónir dala, eða 2,2 milljarða króna. - þsj

# Félag í eigu SÍ tapaði átta milljörðum

*Eignasafn Seðlabanka Íslands flutti 34,5 milljarða króna af eignum yfir í Hildu, sem átti áður Sögu. Um er að ræða kröfur á einstaklinga og minni fyrirtæki með veði í fasteignum þeirra.*

**EFNAHAGSMÁL**

**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ) flutti veðkröfur og almennar kröfur á fjármálafyrirtæki yfir í Hildu hf., sem áður átti hlut í Saga Capital, á síðasta ári. Alls voru kröfur að andvirði 34,5 milljarða króna færðar yfir í félagið. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum var um að ræða kröfur sem hann átti á Spron.

Veðin sem eru að baki þeirri kröfu eru útlán Spron til einstaklinga og fyrirtækja með veði í fasteignum. Hilda tapaði alls um átta milljörðum króna á síðasta ári, aðallega vegna virðisrýrnunar á yfirteknum kröfum og vaxtagjalda.

ESÍ tók yfir Hildu í fyrrasumar. Aðkomu félags í eigu Seðlabankans að því má rekja aftur til marsmánaðar 2009 þegar ríkissjóður veitti Saga Capital 19,6 milljarða króna lán í mars 2009 vegna þess að bankinn var tæknilega gjaldþrota. Lánið bar tvö prósent vexti en Saga núvirti það í bókum sínum miðað við almenna tólf prósenta ávöxtunarkröfu og bjó þar með til nægilega mikla eign í bókum sínum til að sýna jákvætt fé. Lánið átti að greiðast til baka með fimm afborgunum á árunum 2011 til 2015.



**SPRON** Sparisjóðnum fyrrverandi var breytt í hlutafélag skömmu fyrir hrun. Spron fór síðan í þrot í mars 2009. Seðlabankinn flutti kröfur sem hann átti á Spron, sem voru með veðum í fasteignum einstaklinga og fyrirtækja, til Hildu í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í lok október 2009 voru tvö félög búin til utan um eignarhaldið á Sögu: Hilda og Saga eignarhaldsfélag. Hilda tók yfir skuldina við ríkissjóð, sem þá hafði verið færð til dótturfélags Seðlabanka Íslands, ESÍ. Ásamt skuldinni voru færðar yfir eignir sem sagðar voru 14,3 milljarða króna virði, víkjandi skuldabréf upp á 1,6 milljarða króna og tíu prósenta hlutur í Sögu Capital. Í lok árs 2009 höfðu þessar eignir þegar rýrnað um fjóra milljarða króna.

ESÍ tók yfir Hildu með því að nýta sér gjaldfellingarúrræði í lánasamningi sínum í júní 2011. Saga Capital var síðan tekin til slitameðferðar í sumar og skipuð slitastjórn. Áður hafði Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi bankans þar sem hann fullnægði ekki ákvæði laga um eigið fé.

Hilda tapaði átta milljörðum króna á síðasta ári samkvæmt ársreikningi sem félagið skilaði inn til ársreikningaskráar í september. Árið áður hafði félagið tapað 1,7 milljarði króna. Tapið í fyrra var annars vegar tilkomið vegna virðisrýrnunar krafna upp á 4,3 milljarða króna og hins vegar vegna vaxtagjalda upp á 3,7 milljarða króna. Í ársreikningnum kemur hins vegar fram að eignir Hildu jukust gríðarlega á árinu 2011 þegar þær fóru úr 9,1 milljarði króna í 41,1 milljarð króna.

Í svari Seðlabankans við fyrirspurn Markaðarins um tilfærslur á þessum eignum segir að um hafi verið að ræða aðgerð sem varðar að flokka saman skylda hluti, annars vegar í ESÍ og hins vegar í Hildu sem er í 100 prósent eigu ESÍ. „Í ESÍ eru kröfur á fjármálafyrirtæki og stærri aðila. Í Hildu eru kröfur á einstaklinga og minni fyrirtæki."

Í ársreikningi Hildu segir að ESÍ hafi flutt veðkröfur og almennar kröfur á fjármálafyrirtæki í slitameðferð yfir í Hildu á síðasta ári og að samanlagt virði þeirra hafi verið 34,5 milljarðar króna. Spurður um hvaða kröfur hafi verið að ræða sem færðar voru yfir til Hildu segir Seðlabankinn það hafa verið „veðkrafa sem Seðlabankinn átti á Spron. Þetta var upphaflega á bókum ESÍ en var fært yfir í Hildu. Veðin á bak við kröfuna á Spron voru útlán Spron til einstaklinga og fyrirtækja með veði í fasteignum".

### ESÍ ÁTTI 340 MILLJARÐA UM ÁRAMÓT

Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ) var stofnað eftir hrun til að halda utan um allskyns útistandandi kröfur Seðlabankans. Að stærstum hluta er um að ræða þær kröfur sem ríkissjóður keypti af bankanum til að gera eigið fé hans jákvætt í lok árs 2008 og sem bankinn keypti síðan aftur á árinu 2009. Í ársskýrslu Seðlabankans segir að ESÍ hafi á árinu 2011 náð samkomulagi við „mikinn hluta þeirra slitastjórna sem fara með stjórn þeirra fyrirtækja sem ESÍ á kröfur á. Í kjölfarið hefur ESÍ fullnustað veð auk þess að eiga almenna kröfu á fyrirtækin. Á árinu 2011 tók ESÍ yfir Hildu hf. sem varð þá dótturfélag ESÍ".

Í lok árs 2011 átti ESÍ eignir sem sagðar voru 340,3 milljarða króna virði. Þær eignir eru 21 prósent af heildarefnahag Seðlabankans. Eignir ESÍ lækkuðu um 56 milljarða króna í fyrra. Að sögn Seðlabankans má rekja þá lækkun til innheimtu eigna og niðurgreiðslu á skuldum gagnvart eiganda sínum. Samtals nam hagnaður ESÍ þremur milljörðum króna í fyrra.

Á meðal þeirra eigna sem geymdar eru inni í ESÍ er seljendalán sem Seðlabankinn veitti við söluna á hinum danska FIH-banka haustið 2010. Höfuðstóll lánsins var upphaflega 70 milljarðar króna en Seðlabankinn hefur viðurkennt að líkur séu á því að hluti þess muni tapast. Bankinn vill hins vegar ekki upplýsa um hvert bókfært virði lánsins er í bókum ESÍ.






# AÐEINS 3 DAGAR Í TÓNLEIKA

KOMDU MEÐ Í ÓGLEYMANLEGT FERÐALAG TIL GULLALDARÁRANNA
OG UPPLIFÐU ELLY Í MÁLI OG MYNDUM, LJÓSLIFANDI MINNINGUM SAMFERÐARFÓLKSINS
OG AUÐVITAÐ TÓNLISTINNI SEM HÚN GAF OKKUR ÖLLUM.



ANDREA GYLFADÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW · RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON · GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON



ÚTSETNINGAR & STJÓRN STÓRSVEITAR SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON STJÓRN STRENGJASVEITAR GRÉTA SALÓME
HANDRIT & LAGAVAL GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · GUNNAR HELGASON · MARGRÉT BLÖNDAL · SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON
SVIÐSMYND MÓEIÐUR HELGADÓTTIR BÚNINGAR ELLEN LOFTSDÓTTIR
KYNNIR MARGRÉT BLÖNDAL LEIKSTJÓRI GUNNAR HELGASON

**UPPSELT Í A+ OG C SVÆÐI. ÖRFÁIR LAUSIR MIÐAR Í A OG B SVÆÐI.**

Iceland Express

MIÐASALA Á MIÐI.IS, Í SÍMA 540-9800 OG
VERSLUNUM BRIM LAUGAVEGI OG KRINGLUNNI

sena




GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR

## Hver er staðan?

Ferskir haustvindar fagna hinni vinnandi stétt á brúnni milli Q3 og Q4. Þrátt fyrir einstakt sumar þá er ég ekki frá því að þreyta einkenni marga íslenska vinnustaði. Gríðarleg vinna við björgunarstörf síðustu fjögurra ára er að baki. Víða er búið að koma þekkingarverðmætum síðastliðinna áratuga í höfn. Margir hafa lokið vinnu við að marka nýja stefnu – oft með nýjum eigendum og nýrri áhöfn – og halda á ný mið sem oft lofa góðu.

Slík endurreisn kallar á kjark og þrautseigju sem blundar í genum íslenskrar þjóðar. En „renaissance“ atvinnulífsins kallar ekki síst á ný viðhorf, nýjar aðferðir og nýjan mælikvarða á árangur.

### Hugurinn ber hálfa leið

Hálfnað verk þá hafið er. Stefnumótunarvinna er oft kynnt til leiks sem hinn nýi vegvísir. En hvernig leiða stjórnendur sínar liðsheildir samstíga í takt við nýja stefnu? Samkvæmt skólabókum kallar tryggð starfsmanna á eignarkennd og stöðuga upplýsingagjöf. En í dagsins önn reynist mörgum erfitt að skapa tíma í slík verkefni þegar þúsund fundir, tölvupóstar og áríðandi (en ekki endilega mikilvægar) ákvarðanir draga athygli okkar frá því sem skiptir mestu máli.

Hugurinn ber okkur hálfa leið. Búið er að blása í lúðra – kynna með ástríðu ný gildi og nýja framtíðarsýn. En hvernig vitum við hvort starfsfólk hefur skilning eða trú á markmiðunum? Vinna deildir þvert á setta stefnu, keppa um aðföng og athygli? Skilur fólk hvaða mælikvarðar gefa til kynna raunverulegan árangur og vitum við hvernig við eigum að snúa fögrum fyrirheitum í daglegar athafnir?

### xQ matstækið

Ef verkið er hafið og hugurinn er til staðar – erum við ekki í höfn? Hálfur plús hálfur gerir jú einn. Mikilvægi þess að taka stöðuna á raunverulegri framkvæmd settrar stefnu verður stöðugt meira aðkallandi. FranklinCovey í samstarfi við McKinsey-ráðgjafarfyrirtækið nýtir xQ-matstækið (xQ = The Execution Factor) til að gefa verðmæta sýn á hvort starfsmenn rói í sömu átt og hafi trú á mikilvægustu markmiðunum. Matstækið hefur verið notað um allan heim til að varpa ljósi á það hversu líklegt er að vinnustaðir nái árangri, þrátt fyrir öll áreiti hversdagsins. Sú vísitala, þ.e. hversu vel tekst fyrirtækjum að koma stefnu í framkvæmd, er nú orðin einn algengasti mælikvarðinn við að verðmeta fyrirtæki á öðrum en fjárhagslegum þáttum.

Niðurstöður xQ-könnunar, sem er marktæk fyrir bandarískan vinnumarkað, sýnir að innan við helmingur starfsmanna hefur skýran skilning á því hvað fyrirtækið er að reyna að ávinna sér. Aðeins einn af hverjum fimm starfsmönnum fylgdi stefnunni af sannri helgun. Aðeins einn af hverjum tíu starfsmönnum sá tengslin milli daglegra verka sinna og markmiða fyrirtækisins.

Getur verið að þessar tölur endurspegli þinn vinnustað? Kemur ykkar vilji fram í ykkar verkum? Taktu stöðuna og sæktu raunverulega fram á gjöful mið!

*Höfundur er Managing partner hjá FranklinCovey.*






# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bakarameistarinn

### Kaffihús, Bakarí

**Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslustörf virka daga í Suðurveri, vinnutími alla virka daga frá 10-19 og 13-19. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.**

**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is**

Starfsmaður óskast á hjólbarðaverkstæði í Kópavogi Helst vanur. Uppl. Í s. 820 1070.

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í kvöldstarf. Góð laun fyrir réttan aðila. Föst laun og bónusar. Áhugasamir sendi á erna@tmi.is

### Aðstoðarkona óskast

Hjartahlý, kærleiksrík og umvefjandi kona við góða heilsu á aldrinum 35-60 ára óskast til að aðstoða langveika konu um þrítugt og sérstaklega vera henni tilfinningalegur stuðningur en einnig að aðstoða við ýmsa hluti. Vinnutíminn yrði sveigjanlegur og eftir samkomulagi ca 40-50 stundir á viku, einna helst seinni part dags, um kvöld og stundum um helgar, eftir þörfum. Gott væri ef viðkomandi hefði reynslu af umönnun og störfum í heilbrigðisgeiranum, en ekki er um líkamlega erfiðsvinnu að ræða. Unnið verður eftir hugmyndafræðinni um notendastýrða persónulega aðstoð. Áhugasamir hafi samband í gegnum adstodarkona@gmail.com fyrir 20.október

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

### Keiluhöllin Öskjuhlíð og Egilshöll

**óska eftir að ráða dyraverði. Vinnutími föstudags- og laugardagskvöld frá 20:00 - 01:00. Viðkomandi þarf að hafa reynslu og réttindi til að starfa sem dyravörður.**
**Umsóknir sendast á unnar. magnusson@keiluhollin.is eða nánari uppl. í s. 617 1106**

Óskum eftir vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöð hjá Bílkó. Frekari uppl. gefur Guðni í S. 618 0560.

Pizzeria Rizzo

### Rizzo Pizzeria

**Vantar Pizzu bakara í fullt og hlutastarf. Skilyrði að viðkomandi tali íslensku. Æskilegt að viðkomandi sé eldri en 20 ára. Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um.**

**Umsókn með upplýsingum um viðkomandi, reynslu og fyrri störf sendist á rizzo@rizzo.is Frekari fyrirspurnir sendist á rizzo@rizzo.is**

## Atvinna óskast

### Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?

**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

36 ára botn leitar mjög ákveðið að tilbreytingu með karlmanni. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8962.

45 ára íslensk kona með mikla reynslu leitar mjög ákveðið að tilbreytingu með karlmanni. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8269.

Ung og heit íslensk kona, laghent með olíu, leitar karlmanns til ljúfra leikja. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8742.




## Atvinna

Splass
Engin venjuleg bílaþvottastöð!

**Starfsfólk óskast**

Splass auglýsir eftir starfsfólki við bílaþrif. stundvísi og dugnaður skilyrði. Umsóknir sendist á splass@splass.is

## Fasteignir

HÚSIÐ FASTEIGNASALA

SUÐURLANDSBRAUT 50
BLÁU HÚSIN Í SKEIFUNNI
WWW.HUSID.IS • S: 513-4300
VILHJÁLMUR BJARNASON
LÖGG. FAST.SALI

### - Heilshugar um þinn hag -

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17-18**

### Fjallalind 24, Kópavogi



Glæsilegt 225 fm. raðhús á þessum eftirsótta stað. Á efri hæð er falleg stofa með arin, svalir til norðurs með góðu útsýni, þrjú svefnherbergi, glæsilegt flísalagt baðherbergi með baðkari, fallegri innréttingu og innfelldri lýsingu. Eldhús með vönduðum tækjum og góðum sólbjörtum borðkrók. Útgengt úr eldhúsi út á glæsilega verönd til suðurs. Vandaður sólpallur til suðurs að hluta til á 2 hæðum. Sólríkur og skjólgóður garður. Á neðri hæð er parketlagt svefnherbergi, glæsilegt baðherbergi með sturtuklefa, saunaklefi innaf baðherbergi. Gott þvottahús með hillum. Stór stofa með góðu svefnherbergi innaf. Innangengt í innbyggðan 28fm. bílskúr. Hiti í hellulagðri stétt og innkeyrslu fyrir framan húsið. Allar innréttingar og gólfefni af mjög vandaðri gerð. Mikið lagt í alla lýsingu og raflögn hússins. Eignin er einstaklega vel um gengin.
**OPIÐ HÚS í dag milli kl. 17-18. Agnar tekur á móti ykkur, s. 820-1002 eða agnar@husid.is**




## Fasteignir

### Glósalir 4

201 Kópavogur
5 herb. raðhús með útsýni

**Stærð: 171 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2002**
**Fasteignamat: 40.000.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind







**Hringdu og bókaðu skoðun**

**Verð: 44.900.000**

Raðhús á besta stað í Sala hverfinu, frábært útsýni. Eignin er á tveimur hæðum, baka til eru stórir sólpallar, 4 svefnherbergi. Neðri hæð:Forstofa, tvö rúmgóð herbergi með parketi á gólfi, flísalagt baðherbergi með sturtu, bílskúr er innangengur og þar er þvottahús og geymsla. Efri hæð:Stofa með parketi á gólfi og mikilli lofthæð, eldhús. Úr stofu er útgengt á stórar svalir með miklu útsýni, baðherbergi, hjónaherbergi og barnherbergi.

Kristján Þórir Hauksson
Sölufulltrúi
**6961122**
kristjan@remax.is



Stefán Jarl
Sölufulltrúi
**8929966**
stefan@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### OPIN HÚS Í DAG

### Nesbali 10 – Seltjarnarnesi




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-18.00**

Vel skipulagt 236,5 fm. raðhús á tveimur hæðum að meðtöldum 37,0 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað á Seltjarnarnesi. Eignin er mikið endurnýjuð, m.a. er búið að endurnýja öll gólfefni, innréttingar, skápa og hurðir. Aukin lofthæð er í stofu og eldhúsi og innfelld lýsing. Rúmgóð og björt stofa, opið eldhús, sjónvarpsstofa, borðstofa innaf sjónvarpsstofu með útgengi á stóra timburverönd til suðvesturs. Fjögur herbergi. Bílskúr er í dag nýttur sem leikherbergi og geymsla. **Verð 62,5 millj. Verið velkomin.**

### Góðakur 5- Garðabæ




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**

Glæsilegt 454,2 fm. einbýlishús á frábærri endalóð. Lóðin er 963 fm. að stærð og nýtur útsýnis til sjávar og yfir óbyggt svæði. Eignin stendur neðan við götu og við óbyggt svæði á tvo vegu. Húsið skilast í núverandi ástandi, fullfrágengið að utan og með grófjafnaðri lóð. Aðalhæð hússins er 283,4 fm. og kjallari er 170,8 fm. að stærð og með fullri lofthæð. Mögulegt er að setja glugga á kjallara. **Verð 92,0 millj. Verið velkomin.**



# tímamót

timamot@frettabladid.is



73 **ELLERT B. SCHRAM,** fyrrverandi alþingismaður, á afmæli í dag.

*„Ungir sjálfstæðismenn þurfa að vera opnir fyrir nýjungum og breytingum, vera frjálslyndir og sjálfstæðir í skoðunum.“ Morgunblaðið 1990.*



✝

Móðir mín, amma, langamma og frænka,

**BJÖRG VILBORG ÁSMUNDSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 30. september. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu 16. október kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Skjóls fyrir stuðning, góða umönnun og hlýju.

**Diana Walter**
**Alison Hallam** **Clive Hallam**
**Emalia Hallam**
**Halldóra Karlsdóttir**
**Vilborg Karlsdóttir**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR MÁR BJARNASON**
**Krummahólum 10,**

andaðist á gjörgæslu LSH 3. október. Jarðsett verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 11. október kl. 13.00.

**Ingveldur Sigurðardóttir**
**Alfreð Guðmundsson** **Birna Arnaldsdóttir**
**Guðrún Björg Guðmundsdóttir** **Ingvi Ragnarsson**
**Guðmundur Guðmundsson** **Inga Lilja Lárusdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐRÚN SVEINBJÖRNSDÓTTIR**
**frá Laugaborg,**

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri aðfaranótt sunnudagsins 7. október.

**Brynjar Fransson** **Ásta Pálsdóttir**
**Ragnhildur Franzdóttir** **Gísli Kristinn Lórenzson**
**Sigrún Bernharðsdóttir** **Valur Baldvinsson**
**Aðalsteinn Bernharðsson** **Ragna Ágústsdóttir**
**Sigríður Bernharðsdóttir** **Valgeir Anton Þórisson**
**og aðrir afkomendur hinnar látnu.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR DYRSET**
**tannlæknir,**
**Efstalandi 18,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 7. október. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 15. október kl. 15.00.

**Silvía Garðarsdóttir**
**Margrét Þóra Gunnarsdóttir** **Örnólfur Thorsson**
**Anna Vilborg Dyrset** **Halldór Guðmundsson**
**Sif Úlfarsdóttir** **Leó Jóhannsson**
**Garðar Örn Úlfarsson** **Lena Helgadóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem heiðrað hafa minningu okkar ástkæru

**HÖNNU JÓNSDÓTTUR**
**Hrísateig 26.**

Sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans, Karítas og Heimahjúkrun. Þá viljum við einnig færa séra Bjarna Karlssyni sérstakar þakkir.

**Júlíus Óskar Sigurbjörnsson**
**Margrét Gróa Júlíusdóttir**
**Jón Júlíusson** **Ragna Ingimundardóttir**
**Sigurður Tryggvi Júlíusson** **Sirigorn Inthaphot**
**Kristín Ósk Júlíusdóttir**
**systkini og barnabörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla


Sverrir Einarsson

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn


Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242




**KAFFIKVÖLD Í GERÐUBERGI** Margrét segir kaffikvöldin njóta mikilla vinsælda og þau sæki fjölbreyttur hópur gesta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VETRARDAGSKRÁ GERÐUBERGS: ALLS KYNS KAFFIKVÖLD Á MIÐVIKUDÖGUM

## Doktor í Gísla sögu Súrssonar á ferð í eldgömlum sjúkrabíl

Það er dagskrá á kaffikvöldum hjá okkur öll miðvikudagskvöld í Gerðubergi í vetur,“ segir Margrét Valdimarsdóttir, verkefnastjóri hjá menningarmiðstöðinni Gerðubergi. „Þetta hófst með handverkskaffi eitt kvöld í mánuði og það gekk svo vel að við bættum við þrenns konar öðrum viðburðum á miðvikudagskvöldum. Í fyrstu viku mánaðar er alltaf handverkskaffi, þar sem er kynnt ýmiss konar handverk og fólk getur stundum fengið að prófa sjálft, í annarri viku mánaðarins er svokallað stefnumótakaffi sem er hugsað sem stefnumót gesta við einhvern sem hefur frá einhverju áhugaverðu að segja. Gjarnan framandi menningu, ferðasögum eða slíku. Þriðja miðvikudagskvöld í mánuði er svo heimspekikaffi, sem Gunnar Hersveinn heimspekingur hefur umsjón með. Hann velur þá einhver hugtök sem hann ræðir um og stjórnar í kjölfarið umræðum. Í næstu viku verður til dæmis rætt um visku og fávisku. Síðustu viku í mánuði er svo bókakaffi og þetta misserið mun Jón Björnsson hafa umsjón með þeim, velja ákveðin þemu og fá til sín gesti. Októberþemað er bækur útgefnar á árinu nítján hundruð níutíu og eitthvað, það er ekki gefið upp, og þar mun hann spjalla um þær bækur sem komu út umrætt ár, hverjar séu enn á lífi, hverjar hafi fengið verðlaun og svo framvegis. Þannig að þessi miðvikudagskvöld eru hvert öðru ólík og gestahópurinn fjölbreyttur. Hugsunin að baki er sú að þú getir komið hingað og átt notalega kvöldstund um leið og þú fræðist um eitthvert ákveðið viðfangsefni.“

Þessi miðvikudagskvöld hafa átt sér töluverðan aðdraganda og Margrét segir þau vel sótt og vinsæl. „Handverkskaffið byrjaði hjá okkur haustið 2008 og var þá bara þetta eina miðvikudagskvöld í mánuði, en nú höfum við sem sagt bætt þremur öðrum kvöldum við og þetta er þriðja misserið sem þessi dagskrá er í gangi.“

Hvað er svo næst á dagskrá? „Stefnumótakvöldið í kvöld er annað í röðinni á þessum vetri og þar mun Emily Lethbridge segja frá ferðum sínum um Ísland á gömlum sjúkrabíl að skoða slóðir Íslendingasagna. Einnig sýnir hún ljósmyndir frá ferðinni. Fyrirlestur hennar er á íslensku, enda er hún doktor í Gísla sögu Súrssonar og talar íslensku reiprennandi. Á stefnumótakaffi í nóvember kemur Gissur Páll Gissurarson tenór sem lengi bjó á Ítalíu og segir frá landinu og ítalskri menningu. Það eru mjög spennandi miðvikudagskvöld fram undan.“

fridrika@frettabladid.is

### ÍSLENDINGASÖGURNAR Á „RÉTTUM STÖÐUM“

Á stefnumótakaffi októbermánaðar, sem fram fer í kvöld frá klukkan 20 til 22, segir Emily Lethbridge frá ferðalagi sínu um söguslóðir Íslendingasagna. Hugmynd Emily var að ferðast um Ísland og lesa allar Íslendingasögurnar „á réttum stöðum“. Ferðalagið hófst í janúar 2011 þegar Emily lagði einn af stað frá Bretlandi til Íslands með gamlan Land Rover sjúkrabíl. Hún ferðaðist um landið á sjúkrabílnum í næstum því eitt ár, en bíllinn var ekki aðeins farartæki heldur líka heimili hennar. Á Stefnumótakaffinu ætlar Emily að ræða um ferðalag sitt, nefna nokkur atriði og nokkra staði sem henni þóttu merkilegastir og skemmtilegastir og segja frá því hvert verkefnið fer í framtíðinni. Fyrirlesturinn er fluttur á íslensku.



**SÖGUSTUND** Emily Lethbridge segir sérstaka ferðasögu í Gerðubergi í kvöld.

**ÞETTA GERÐIST:** 10. OKTÓBER 1972

## Helgi Hóseasson slettir skyri

Sá einstæði atburður átti sér stað við setningu Alþingis þann 10. október 1972 að Helgi Hóseasson húsasmiður sletti skyri yfir forsetahjónin, alþingismenn og biskup Íslands á leið þeirra frá dómkirkjunni að Alþingishúsinu. Helgi gerði þetta í mótmælaskyni við það óréttlæti að hann gat ekki fengið kirkju, dómstóla eða annað yfirvald til að rifta skírnarsáttmála sínum. Mótmæli Helga stóðu allt frá árinu 1962 til síðustu ára hans. Mótmælin beindust í fyrstu gegn meintum órétti, sem honum fannst hann hafa verið beittur af íslenska ríkinu allt frá fæðingu, en síðar einnig gegn stuðningi íslensks ríkisvalds við stríð og ójöfnuð. Kirkjan og samfélagið vildu ekki viðurkenna að hann væri ekki lengur bundinn loforðum gefnum við skírn og fermingu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðstoð lögfræðings hafði Helgi ekki fengið kröfum sínum framgengt við andlát sitt.

Þegar Helgi var spurður í viðtali á Útvarpi Sögu í júní 2007 af hverju hann hefði slett skyri en ekki einhverju öðru sagðist hann ekki hafa viljað skaða sjón mannanna með sýru eða öðru hættulegu. Einnig skvetti Helgi tjöru og ryðvarnarefni á stjórnarráðshúsið ásamt því að brjóta í því rúðu.

**Heimild: Wikipedia.is**




GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR
HÁTEIGSVEGUR, REYKJAVÍK
EIN HRAÐASTA
GATA Í HEIMI
LJÓSLEIÐARI
- 100 Mb/sek. í báðar áttir - á sama tíma!
- Ekkert „allt að". Bara alltaf hámarkshraði.
- Öflugasta fjarskiptatenging sem býðst.
HEFÐBUNDIN SÍMALÍNA (t.d. ADSL og Ljósnet)
- Miklu hægari tenging frá húsi en að.
- Ennþá hægari tenging ef langt er í símstöð.
- Byggir á gamalli tækni og kopartengingu.
ÞÚ FINNUR MUNINN
ÞEGAR ÞÚ FÆRÐ ÞÉR LJÓSLEIÐARA
Hvers vegna ættir þú að sætta þig við gamla og hægvirka símalínu ef hægt er að fá síma, net og sjónvarp gegnum ljósleiðara á hámarkshraða á sama verði?
Býrð þú við eina hröðustu götu í heimi?
Kynntu þér málið á www.ljosleidarinn.is
LJÓSLEIÐARINN

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** afkvæmi, **6.** í röð, **8.** rotnun, **9.** þunnur vökvi, **11.** vörumerki, **12.** snjóhrúga, **14.** lína, **16.** tveir eins, **17.** tunna, **18.** drulla, **20.** gangflötur, **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** frá, **4.** íslamstrúar, **5.** strit, **7.** kökugerð, **10.** fálm, **13.** af, **15.** hróp, **16.** missir, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lamb, **6.** áb, **8.** fúi, **9.** lap, **11.** ss, **12.** skafl, **14.** strik, **16.** tt, **17.** áma, **18.** aur, **20.** il, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** af, **4.** múslimi, **5.** bis, **7.** bakstur, **10.** pat, **13.** frá, **15.** kall, **16.** tap, **19.** ró.




# Að eyðileggja manneskju

**BAKÞANKAR**
**Svavar Hávarðsson**



Ekki er langt liðið frá því að þingmaður var dæmdur til greiðslu miskabóta fyrir að bendla háskólaprófessor við óeðlileg tengsl við hagsmunasamtök. Orðin kosta þingmanninn 300 þúsund krónur en ég ætla ekki að hafa neitt af þeim eftir. Ég hef einfaldlega ekki efni á því. Látum líka liggja á milli hluta hvort niðurstaða héraðsdóms telst réttmæt. Sjálfur hef ég ekki tilfinningu fyrir því hvernig á að meta æru manns til fjár. Hitt er annað mál að þessi niðurstaða vekur upp spurningar um önnur mál þar sem þolendum eru dæmdar bætur fyrir miska.

**HÉRNA** er sennilega grundvallarspurningin hvernig á að meta það til fjár þegar einhver eyðileggur manneskju. Hvað á það að kosta að nauðga einhverjum. Níðast á litlu barni, kannski árum saman? Mola andlitið á einhverjum mélinu smærra sem er á leiðinni heim eftir kvöldstund með vinum? Hvernig metum við missi á því sem er okkur kannski mikilvægast af öllu; friðinn í sálinni og öryggiskenndina sem grundvöll þess að vera heilbrigð og hamingjusöm.

**ÞVÍ** miður er allt sem ég nefni hér að ofan auðvitað byggt á sögum úr samtíma okkar. Sögur um fólk sem hreppti örlög sem er erfitt að hugsa um, hvað þá að hljóta. Þessu fólki voru dæmdar miskabætur en þær voru litlu hærri en það sem prófessorinn fær í sinn hlut. Eins og konunnar sem var lamin svo illa í andlitið að ofbeldismaðurinn braut nokkur bein og hreinsaði úr henni framtennurnar. Hún fékk miskabætur. En tannlæknakostnaðinn bar hún sjálf.

**EF** orðin „milljón í miskabætur“ eru notuð fást fleiri dæmi svo bara þau fyrstu séu reifuð. Ráðherra og ríkið dæmt til að greiða lögmanni þrjár og hálfa milljón fyrir að fá ekki stöðu héraðsdómara. Ólögráða stúlku dæmd milljón af því að hún var læst inni og nauðgað. Herra Ísland fær 500 þúsund fyrir að vera sviptur titlinum. Foreldrar fá 2,7 milljónir frá ríkinu eftir að handvömm kostar barn þeirra lífið.

**ÞAÐ** er kannski ósanngjarnt að stilla þessu svona upp. En þetta stendur þó eftir í mínum huga. Þegar ógæfa fólks er lögð á vogarskálarnar þá á að beita heilbrigðri skynsemi. Lög og réttur eiga að mótast af því. Það er vissulega ekki hægt að hræða einhvern frá því að meiða annan mann en það er hægt að búa þannig um hnútana að fórnarlambið geti leitað sér aðstoðar. Það er nefnilega kostnaðarsamt verkefni sem tekur jafnan lengri tíma að vinna úr en gagnrýni frá þingmanni – hver sem hann er.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Veltir fyrir sér tilgangi vefmyndavéla

Sýning Hallgerðar Hallgrímsdóttur, Landslag, verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á morgun. Á sýningunni veltir Hallgerður fyrir sér vefmyndavélum og tilgangi þeirra. Í texta segir: „Vélræn augu vefmyndavéla stara á landslag Íslands árið um kring, staðsettar í praktískum tilgangi en síður til að þjóna fagurfræðilegum tilgangi, eins og venja er í landslagsljósmyndun. Stundum geta vélarnar ekki annað en fangað fegurðina sem fyrir þær er lögð en yfirleitt er útsýni þeirra hversdagurinn einn. Viðfangsefni myndavélanna, bæði náttúra og manngert landslag, tekur sífelldum breytingum vegna veðurs, tíma dags og árs. Verkið er samansafn mislangra augnablika, söfnuðum úr hlýju umhverfi heimilis listamannsins, augnablik bjöguð af misgóðum upplausnum, birtuskilyrðum og fyrirfram ákveðnum römmum."



HALLGERÐUR HALLGRÍMSDÓTTIR

Frá því að Hallgerður Hallgrímsdóttir lauk námi í myndlist með ljósmyndun sem miðil vorið 2011 hefur hún haft í nógu að snúast. Hún hefur tekið þátt í alþjóðlega ljósmyndaverkefninu European Borderlines og var valin ein sýnenda á samsýninguna Fresh Faced + Wild Eyed, sem stóð yfir í The Photographer's Gallery í London nú í september. Einnig mun hún ásamt Páli Stefánssyni ljósmyndara stýra raunveruleikaþætti fyrir ljósmyndara á Skjá Einum sem hefst í byrjun næsta árs.

Hallgerður Hallgrímsdóttir útskrifaðist með BA Honours-gráðu í myndlist með ljósmyndun sem miðil (Fine Art Photography) frá Glasgow School of Art vorið 2011. Hallgerður er einnig með BA-gráðu frá Listaháskóla Íslands í textíl- og fatahönnun.







Bækur ★★★☆☆

**Eldvitnið**

Lars Kepler

**JPV**

## Magnaðir myrkraheimar

Joona Linna er sænskur lögreglumaður af finnskum ættum. Og ekki bara einhver lögreglumaður, hann er sá besti. Óumdeilanlega og nýtur viðurkenningar sem slíkur. Engu að síður þarf hann að berjast við kerfið, en það er vegna ákvarðana hans sjálfs, þrákelkni og ófrávíkjanlegrar réttsýni. Það sem er mest um vert er að Joona Linna er einhver skemmtilegasta persóna sem komið hefur fram í norrænum glæpasögum um langa hríð.

Eldvitnið er þriðja sagan eftir Kepler sem út kemur á íslensku, en sænsku hjónin Alexander og Alexandra Coelho Ahndroil, skrifa undir þessu dulnefni. Sögurnar fjalla allar um Linna, en hann hefur oft og tíðum yfirnáttúrulega hæfileika til að setja sig inn í aðstæður á vettvangi glæpa og hugarheim illvirkjanna.

Eldvitnið fjallar um morð á heimili fyrir vandræðastúlkur og inn í söguna fléttast fortíð Joona Linna, bæði nálæg og fjarlæg. Lesendur fá að kynnast forsögu hans nánar, hvað gerði hann eins og hann er. Líkt og oft er reyndin með bókaflokka í dag hamlar það lesendum hafi þeir ekki lesið fyrri sögurnar, getur maður ímyndað sér.

Helsti galli bókarinnar er að hún er skrifuð eins og kvikmynd, en það virðist ansi vinsælt í dag. Slíkt getur heppnast, en hérna er þetta beinlínis hamlandi; kaflar oft og tíðum rétt rúm blaðsíða á lengd og skipt í næsta kafla án nokkurra sýnilegra skila í sögunni.

Það kemur þó ekki að sök. Eldvitnið er haganlega skrifuð saga, spennandi og með hæfilega flókinni fléttu. Aðall hennar er aðalpersónan og framvinda sögunnar heldur lesandanum í greipum spennunnar.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

**Niðurstaða:** Vel skrifuð og spennandi saga um hinn frábæra lögreglumann Joona Linna.





Prófaðu nýju

Ora súpurnar

Nú færðu þrjár nýjar tegundir af vinsælu Ora súpunum í næstu verslun. Prófaðu íslenska kjötsúpu, gúllassúpu eða mexíkóska súpu og bjóddu bragðlaukunum upp á sannkallaða veislu. Vörurnar frá Ora endurspegla sanna ástríðu í íslenskri matargerð og hafa verið ómissandi á íslenskum heimilum í 60 ár.

*Prófaðu ljúffengar og matarmiklar súpur sem nú fást í næstu verslun. Íslensk framleiðsla úr hágæða íslensku hráefni.*

*Skoðaðu ora.is* *Fylgstu með á Facebook*

*Skoðaðu tilboðin, uppskriftirnar og fróðleikinn á afmælisárinu á ora.is. Taktu þátt í afmælisleiknum á Facebook.*

ÁSTRÍÐA Í MATARGERÐ 60 Ora í sextíu ár 1952-2012

***Mundu eftir 60 ára afmæli Ora***

ora

# menning

menning@frettabladid.is

**ILLSKA EIRÍKS ARNAR** Helförin og ástin, Ísland og Litháen eru umfjöllunarefni Illsku, nýrrar bókar eftir Eirík Örn Norðdahl. Bókin segir frá „Agnesi sem glatar sjálfri sér á milli þess sem Jón Baldvin viðurkennir sjálfstæði Eystrasaltslandanna og litháískir glæpamenn taka að starfa í Reykjavík…“ eins og segir í fréttatilkynningu Máls og menningar sem gefur bókina út.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 10. október 2012**

### ➜ Umræður

**20.00** Emily Lethbridge segir frá ferðalagi sínu um söguslóðir Íslendingasagna á stefnumótakaffi í Gerðubergi. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Málþing

**10.00** Opið málþing verður haldið í Þjóðminjasafni Íslands um niðurstöður rannsókna varðandi heilsu og líðan Íslendinga. Málþingið er á vegum Háskóla Íslands .

### ➜ Tónlist

**20.00** Tríó Sunnu Gunnlaugs spilar á tónleikum á Bókasafni Seltjarnarness. Flutt verður efni af Long pair Bond og er aðgangseyrir kr. 2.000.

**21.00** Þrjátíu ára afmælishátíð hljómsveitarinnar Dúkkulísurnar verður haldin á Café Rosenberg.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Beth Grothe Nielsen flytur erindi á opnum fundi Lagastofnunar, Sálfræðifélags Íslands, og Orators í Lögbergi Háskóla Íslands. Fundurinn ber heitið Moral panic, hysteria and witch hunt: Sexual abuse of children and attempts to silencing the whistle blowers og fer hann fram á ensku.

**12.00** Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands og sérlegur sendimaður forseta Frakklands í málefnum heimskautanna, flytur erindi í Hátíðasal Háskóla Íslands. Erindið ber heitið Af hverju er alþjóðleg samvinna á heimskautasvæðum nauðsynleg?

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Skáldið á Þröm var enginn aumingi

**Magnús Hj. Magnússon lifnar við í einleiknum Ljósvíkingur – Skáldið á Þröm, sem sýnt er í Norðurpólnum um þessar mundir. Ársæll Níelsson, höfundur verksins og leikari, segir fulla ástæðu til að kynna sögu mannsins sem Halldór Laxness byggði Ólaf Kárason á.**

Þótt nafn Magnúsar Hj. Magnússonar sé ekki á allra vitorði þekkja vísast flestir til sögu hans í gegnum Heimsljós Halldórs Laxness. Magnús bjó mest alla ævi á norðanverðum Vestfjörðum, lagði stund á fræði og skáldskap og hélt dagbók sem Halldór byggði meðal annars persónu Ólafs Kárasonar Ljósvíkings á.

„Flestir þekkja til Magnúsar í gegnum Ólaf Kárason, jafnvel þeir sem hafa ekki lesið Heimsljós, hann er bara það stór persóna,“ segir Ársæll Níelsson, leikari og höfundur einleiksins Ljósvíkingur – Skáldið á Þröm. Verkið var frumflutt á Suðureyri við Súgandafjörð í mars en er nú sýnt í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi.

Ársæll, sem er Tálknfirðingur að upplagi, flutti á Suðureyri árið 2010 eftir að hafa útskrifast frá The Commedia School í Kaupmannahöfn.



**ÁRSÆLL NÍELSSON** Fór að huga að dagbókum Magnúsar Hj. Magnússonar eftir að Steindór Andersen rímnamaður kom honum á sporið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Fljótlega eftir að ég flutti á Suðureyri hitti ég Steindór Andersen rímnamann, sem þá bjó fyrir vestan. Hann benti mér yfir kaffibolla á áhugavert viðfangsefni, það er að segja Magnús og dagbækur hans sem höfðu verið geymdar á bókasafninu á Suðureyri. Ég fór að kynna mér þennan mann og sá strax að hann hafði verið mjög áhugaverður.“

Ársæll vann einleikinn upp úr dagbókum Magnúsar og segist hafa viljað gefa fólki færi á að kynnast skáldinu í gegnum eigin orð þess og án gleraugna Halldórs Laxness.

„Ég reyndi satt best að segja að halda mig eins mikið frá Heimsljósi og ég gat. Magnús var feiknamikið skáld og ekki síðri penni en Halldór, enda notaði Halldór fjöldamargar málsgreinar úr dagbókum Magnúsar svo til óbreyttar.“

Spurður hvort hann sé að reyna að rétta hlut Magnúsar að einhverju leyti, svarar Ársæll bæði já og nei.

„Ég held að Halldór hafi í raun ekki dregið upp ranga mynd af Magnúsi því í fyrsta lagi er Ólafur Kárason skáldsagnapersóna og í öðru lagi er Magnús ekki eina fyrirmyndin, heldur Þórður Grunnvíkingur líka. Nöfn Ólafs og Magnúsar eru aftur á móti óneitanlega tengd órofa böndum en Ólafur er meiri aumingi en Magnús og ekki jafn góð manneskja. Magnús var góð manneskja en fyrst og fremst sjúklingur.“

Ljósvíkingur – Skáldið á Þröm verður sýnt átta sinnum í Reykjavík. Ein sýning er þegar afstaðin en sú síðasta verður 23. október.

**bergsteinn@frettabladid.is**


## Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla 20. október 2012

## Kjörstaðir í Reykjavík

**Í Reykjavíkurkjördæmi suður:**
Hagaskóli
Hlíðaskóli
Breiðagerðisskóli
Ölduselsskóli
Íþróttamiðstöðin Austurbergi
Árbæjarskóli
Ingunnarskóli

**Í Reykjavíkurkjördæmi norður:**
Ráðhús
Laugardalshöll
Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi
Vættaskóli Borgir (áður Borgaskóli)
Ingunnarskóli
Klébergsskóli

**Kjörfundur hefst laugardaginn 20. október kl. 9.00 árdegis og lýkur kl. 22.00. Sérstök athygli er vakin á að kjósandi sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.**

Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi suður mun hafa aðsetur í Hagaskóla á kjördegi og þar mun talning atkvæða hefjast að loknum kjörfundi kl. 22.00.

Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi norður mun hafa aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur á kjördegi og þar mun talning atkvæða hefjast að loknum kjörfundi kl. 22.00.

**Kjörskrár í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður**

Kjörskrár í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október nk. liggja frammi almenningi til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur frá 10. október nk. fram á kjördag. Vakin er athygli á því að hægt er að fá upplýsingar um hvar kjósendur eru á kjörskrá á vefnum www.kosning.is.

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra eru á kjörskrá. Athugasemdum vegna kjörskráa í Reykjavíkurkjördæmum skal beint til skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, sími 411 4700, netfang kosningar@reykjavik.is. Þar eru jafnframt veittar nánari upplýsingar. Borgarráð úrskurðar um athugasemdir vegna skráningar í kjörskrá.

Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi suður
Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi norður
Skrifstofa borgarstjórnar


# Handverkið njóti sín

Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir keramikhönnuður opnar á morgun sýningu í Herberginu, sýningarrými Kirsuberjatrésins að Vesturgötu 4. „Ég reyni að skapa samspil á milli einfaldleikans, hversdagslífsins, náttúrunnar og kraftsins í mismundi hliðum í raunveruleikanum og/eða í draumaheimi mínum. Ég leik mér á jaðri handverks og iðnaðar, engin verka minna eru nákvæmlega eins. Ég leyfi handverkinu að njóta sín. Ég vil að það sjáist að hlutirnir eru handgerðir, hvort eru renndir, steyptir eða handmótaðir,“ segir Ragnheiður Ingunn.

Opnun sýningarinnar er á milli fimm og sjö á morgun en er annars opin virka daga frá klukkan tíu til sex og laugardaga frá ellefu til fjögur. Sýningin stendur til 22. október.









# LANCÔME KYNNING
# Í LYFJU LÁGMÚLA OG LAUGAVEGI
# 10. - 12. OKTÓBER

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 9.000 krónur eða meira:

- ~ Lancôme taska
- ~ Hypnôse Star maskari ferðastærð
- ~ Visionnaire dropar 5 ml
- ~ Hydra Zen dagkrem 15 ml
- ~ Lancôme augnkrem 5 ml
- ~ Teint Idole farði 5 ml
- ~ La Rose body lotion 40 ml.

**Verðmæti kaupaukans**
**14.200 krónur**
Einnig aðrar gerðir kaupauka




*Einn kaupauki á viðskiptavin. Gildir meðan birgðir endast.

LYFJA
- Lifið heil

Lágmúla 5 – sími 533 2309 · Laugavegi 16 – sími 552 4045

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 4 | L |
| TAKEN 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 16 |
| TAKEN 2 LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| DJÚPIÐ LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 | 10 |
| DREDD 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL | KL. 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 3.30 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.40 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — 5%

| | | |
|---|---|---|
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |
| RESIDENT EVIL | KL. 10.30 | 16 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN 2 | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SAVAGES | KL. 10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 6 - 8 | 10 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LOOPER Luxus VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| SAVAGES | KL. 6 - 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| FINDING NEMO M/ísl. Tali | KL. 5:50 | 2D | L |
| LAWLESS | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| CAMPAIGN | KL. 8:40 - 10:30 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| BRAVE M/ísl. Tali | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| TAKEN 2 | KL. 8 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 10 | 2D | 16 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| THE RAVEN | KL. 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| TAKEN 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| SAVAGES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| THE CAMPAIGN | KL. 6 | 2D | 12 |
| LAWLESS | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| FINDING NEMO | KL. 5:40 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| FINDING NEMO | KL. 5:50 | 2D | L |
| LAWLESS | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 8 | 2D | 16 |
| LAWLESS | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 10:20 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁSBÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN 2 | 8, 10 | 16 |
| FUGLABORGIN 3D | 6 | L |
| SAVAGES | 10.15 | 16 |
| DJÚPIÐ | 6, 8, 10 | 10 |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8 | 12 |



**MIKILL ÁHUGI** Jafnt innlendir sem erlendir fjölmiðlar létu Friðarverðlaunin sig varða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Allt gaga vegna Lady Gaga

**Varla fór fram hjá mörgum að einn vinsælasti tónlistarmaður heims, Lady Gaga, tók við Friðarverðlaunum LennonOno í Hörpu í gær ásamt fleirum. Fréttablaðið fangaði stemninguna í kringum veru söngkonunnar í miðbæ Reykjavíkur.**



**AÐDÁANDI** Þessi lét sig ekki muna um að bregða sér í líki söngkonunnar í tilefni dagsins. MYND/ELLÝ ÁRMANNS



**BEÐIÐ EFTIR GAGA** Nokkur mannfjöldi, og flestir í yngri kantinum, beið komu Lady Gaga fyrir utan Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**LADY GAGA** Hin heimsfræga söngkona var glæsileg að venju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bókin Rof kom fyrst út rafrænt

„Við sjáum alls staðar að rafbókavæðingin er að sækja á," segir Pétur Már Ólafsson útgefandi hjá Bjarti og Veröld.

Glæpasaga Ragnars Jónassonar, Rof, er komin í sölu sem raf- og hljóðbók þrátt fyrir að hún eigi enn eftir að koma út í hinni hefðbundnu prentuðu útgáfu. Þetta sætir tíðindum hjá svona stóru forlagi en hingað til hafa bækur komið fyrst út, og jafnvel eingöngu út, í rafrænu formi hjá smærri útgáfufélögum.

Þetta skref Bjarts og Veraldar er til marks um aukinn mátt íslensku rafbókarinnar hér á landi. „Þetta mun koma en þetta gengur ekkert rosalega hratt utan enska málsvæðisins þar sem Amazon er með yfirburðastöðu. En þetta er hægt og sígandi að sækja á," segir Pétur Már. „Auðvitað er þetta þægilegur lestrarmáti og okkur fannst mjög spennandi að prófa þennan möguleika."

Tilefnið var stofnun rafbókabúðarinnar eBækur og býst Pétur ekki við því að endurtaka leikinn með fleiri bækur forlagsins fyrir þessi jól.

Leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson sér um upplestur á hljóðbókinni Rof. „Hann hefur mikinn áhuga á bókum Ragnars. Þeir eru góðir félagar og hann gaf sig í þetta," segir hann um þátttöku Þorvaldar Davíðs. **- fb**



**FYRST Í RAFRÆNU FORMI** Glæpasaga Ragnars Jónassonar er komin í sölu sem raf- og hljóðbók áður en hún kemur út í prenti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




**MIÐVIKUDAGUR: COMBAT GIRLS (STRÍÐSSTELPUR)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **START-UP KIDS** 20:00 ■ **A SEPARATION** 17:30, 20:00, 22:30 ■ **KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE)** 17:20, 20:00, 22:40 ■ **ELLES** 22:00 ■ **TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR)** 18:00

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# Hipphoppið stöðvaðist

Rapparinn Jay-Z segir að grunge-rokkið og þá aðallega hljómsveitin Nirvana, hafi stöðvað siglinguna sem hipphopp-tónlistin var komin á í smá stund á tíunda áratugnum.

„Þetta var skrítið vegna þess að hipphoppið var að breytast í eitthvað risastórt en þá kom grunge-rokkið og stöðvaði það í eina sekúndu,“ sagði Jay-Z í nýrri bók rapparans Pharrell, The Places and Spaces I´ve Been. „Það var alltof auðvelt fyrir okkur að velta þessum hár-hljómsveitum úr sessi. En þegar Kurt Cobain mætti með þessa yfirlýsingu sína þurftum við að bíða í smá stund.“



**JAY-Z** Rapparinn segir að Nirvana hafi stöðvað hip-hop-ið í smá stund.



**Í PARÍS** Jennifer Lopez og dóttir hennar Emme kíktu á tískusýningu í París. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mæðgur á tískusýningu

**Jennifer Lopez segir að fjögurra ára dóttur sín Emme hafi skemmt sér vel á tískusýningu Karls Lagerfeld í París á dögunum. „Mér fannst þetta góð hugmynd. Dóttir mín hreinlega elskar tísku. Hún er fjögurra ára en hún elskar föt og að klæða sig upp, eins og allar litlar stelpur gera,“ sagði söng- og leikkonan í viðtali í þýska sjónvarpsþættinum Wetten, Dass. „Þess vegna hugsaði ég: Væri ekki sniðugt að taka hana með á fallega Chanel-sýningu,“ sagði hún. Emma var í bleikum kjól á sýningunni, í hvítri skyrtu og bleikum skóm.**



**LÍKLEG** Mila Kunis er talin líkleg til að leika í Fimmtíu gráum skuggum.

# Mila Kunis líklegust

Mila Kunis er talin líklegust til að hreppa aðalhlutverkið í nýrri mynd byggðri á metsölubókinni Fimmtíu gráum skuggum.

Kunis, sem nýlega var kjörin kynþokkafyllsta kona heims af karlatímaritinu Esquire, myndi fara með hlutverk Anastasiu Steele. Aðrar leikkonur sem hafa verið nefndar til sögunnar eru Kristen Stewart úr Twilight-myndunum og Emma Watson úr Harry Potter. Hjartaknúsararnir Ryan Gosling og Ian Somerhalder eru sagðir líklegastir til að leika hinn dularfulla viðskiptajöfur Christian.

# FIFA plötusnúður til Íslands

„Hann er alvöru hönk og frábær tónlistamaður í þokkabót,“ segir umboðsmaðurinn Óli Geir hjá Agent.is um Adrian Lux, sem er væntanlegur til landsins í lok mánaðarins.

Adrian er vel þekktur plötusnúður og á til að mynda lagið Can‘t sleep sem var notað í tölvuleikinn FIFA 2012. „Þessi gaur er bara algjör snillingur, það er ekkert flóknara en það. Hann er mikils virtur í DJ-heiminum og allir helstu plötusnúðarnir í dag vilja ólmir vinna með honum,“ segir Óli Geir og nefnir sem dæmi Avicii, Sander van Doorn og Axwell sem er meðlimur í Swedish House Mafia. Adrian er einnig vinsæll hérlendis en fjögur lög með honum eru í spilun á íslenskum útvarpsstöðvum þessa dagana. Hann er sænskur og vann fyrir sér sem fyrirsæta áður en hann sneri yfir í tónlistina fyrir nokkrum árum. „Það er ekki algengt að þessir ungu plötusnúðar gefi út plötur, en hann gerði það og fékk frábær viðbrögð. Það er bara til vitnis um það hversu góður hann raunverulega er,“ segir Óli Geir en Adrian gaf út sína fyrstu plötu í vor.

Adrian mun spila í Halloween-partíi Agent.is á Þýska barnum þann 27. október næstkomandi og mun svala þorsta dansóðra aðdáenda sinna í tvo tíma. „Þetta verður stærsta Halloween-partí ársins. Við ætlum að umbreyta staðnum og setja hann allan í búning, þetta er miklu skemmtilegra þannig,“ segir Óli Geir sprækur. - trs



**HÖNK** Adrian Lux hefur útlitið með sér en hann vann sem fyrirsæta áður en hann sneri sér að tónlistinni.




# sport

sport@frettabladid.is



**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON** og lærisveinar hans í Rhein-Neckar Löwen tróna á toppi þýsku úrvalsdeildarinnar með fullt hús stiga eftir sigur á Flensburg í gær, 30-27. Alexander Petersson skoraði sjö mörk fyrir Löwen og Arnór Atlason tvö fyrir Flensburg.

# VIL GERA GOTT STJÖRNULIÐ ENN BETRA

**Logi Ólafsson er orðinn víðförlasti þjálfarinn í efstu deild eftir að hann tók við Stjörnunni í gær. „Hingað er ég kominn fyrst og fremst vegna þess að mér finnst liðið mjög gott og spennandi," segir Logi en Stjarnan verður sjötta liðið sem hann þjálfar í efstu deild.**

**FÓTBOLTI** Logi Ólafsson verður áfram í Pepsi-deild karla næsta sumar þótt Selfyssingar hafi fallið á dögunum. Logi er hættur með Selfossliðið eftir tveggja ára starf og samdi við Stjörnuna í gær.

Logi segir þetta hafa borið skjótt að og að viðræður við forráðamenn Stjörnunnar hafi ekki tekið langan tíma. „Hugmyndir mínar og stjórnarinnar virtust fara vel saman og varð þá eftirleikurinn auðveldur og einfaldur," segir Logi. Stjarnan verður sjötta liðið sem Logi þjálfar í efstu deild og er hann þar með orðinn víðförulasti þjálfarinn í efstu deild karla í nútímafótbolta eða frá 1977.

Það eru liðin 22 ár síðan Logi fékk sitt fyrsta tækifæri sem þjálfari í efstu deild en hann tók við Víkingum fyrir sumarið 1990 þá 36 ára gamall. Logi hefur tekið sér reglulega hlé frá efstu deild því hann tók við kvennalandsliðinu, tvívegis við karlalandsliðinu og gerðist aðstoðarþjálfari hjá Lilleström í Noregi. Hann kemur hins vegar alltaf aftur í úrvalsdeildina og nú síðast eftir að hafa farið með Selfoss upp úr 1. deildinni.

„Ég finn ekki fyrir þreytu – alls ekki. Ferill minn hefur vissulega verið langur og það segir manni að ég sé kannski orðin svolítið gamall," sagði hann í léttum dúr. „En öll þau störf sem ég hef tekist á við hafa verið ánægjuleg og lærdómsrík. Og ég finn að ég hef enn metnað til að gera góð lið enn betri, eins og í tilfellið hjá Stjörnunni," segir Logi.

Jóhannes Atlason stýrði einnig sex liðum á sínum tíma en aðeins fimm þeirra eftir að deildin varð að tíu liða deild 1977. Fyrsta starf Jóhannesar var með lið ÍBA sumarið 1973. Ingi Björn Albertsson þjálfaði sitt fimmta lið í efstu deild þegar hann tók við Stjörnunni á miðju tímabili sumarið 1997 en hann hafði áður stýrt FH, Val, Breiðablik og Keflavík. Bjarni Jóhannsson bættist í hópinn sumarið 2009 eftir að hafa farið með Stjörnuna upp úr 1. deildinni. Bjarni hafði áður þjálfað Breiðablik, ÍBV, Fylki og Grindavík í efstu deild.

Logi tekur nú við búinu af Bjarna en hann þekkir vel til í Garðabænum enda borinn þar og barnfæddur. „Það er auðvitað gaman að eiga þessi tengsl við félagið frá gömlu dögunum en hingað er ég kominn fyrst og fremst vegna þess að mér finnst liðið mjög gott og spennandi. Ég vil þó taka fram að ég tek við frábæru búi frá Bjarna Jóhannssyni en hann hefur gert margt mjög gott fyrir knattspyrnuna í Garðabæ."

Hann segir að varnarleikurinn standi helst fyrir þrifum. „Skemmtanagildi Stjörnunnar hefur verið í hávegum haft og vonandi getum við haldið áfram á þeirri braut. Helst þarf að laga varnarleikinn og ef Stjarnan ætlar að taka þátt í toppbaráttunni af alvöru þarf að huga að honum."

Nú tekur við skipulagning fyrir næsta tímabil og segir Logi að ætlunin sé að ræða við alla samningslausa leikmenn. „Eftir það verður skoðað hvort styrkja þurfi liðið enn frekar en það er einnig ljóst að ég mun líka nýta mér það góða starf sem hefur verið unnið í yngri flokkum Stjörnunnar enda virkilega góðir leikmenn að skila sér upp um þessar mundir."

ooj@frettabladid.is, eirikur@frettabladid.is

## Sjötta lið Loga Ólafssonar í efstu deild



**ÞJÁLFARAR MEÐ HUNDRAÐ SIGRA Í EFSTU DEILD**

| | |
|---|---|
| Ásgeir Elíasson | 120 |
| Bjarni Jóhannsson | 106 |
| **Logi Ólafsson** | **103** |
| Guðjón Þórðarson | 101 |

**103 SIGRAR LOGA Í EFSTU DEILD**

21 með Víkingi (54 leikir)
35 með ÍA (60 leikir)
9 með FH (18 leikir)
32 með KR (62 leikir)
6 með Selfossi (22 leikir)

**Víkingur**
**1990** 7. sæti
**1991** Íslandsmeistari
**1992** 7. sæti

**ÍA**
**1995** Íslandsmeistari
**1997** Tók við (7 leikir, 2. sæti)
**1998** 3. sæti
**1999** 4. sæti

**FH**
**2001** 3. sæti

**KR**
**2007** Tók við (7 leikir, 8. sæti)
**2008** 4. sæti
**2009** 2. sæti
**2010** Rekinn (11 leikir, 4. sæti)

**Selfoss**
**2012** 11. sæti og fall

**Stjarnan**
**2013** ?

**ÞESSIR HAFA ÞJÁLFAÐ FLEST LIÐ Í NÚTÍMAFÓTBOLTA** (1977-2012)

**Logi Ólafsson 6**
Víkingur, ÍA, FH, KR, Selfoss, Stjarnan
**Jóhannes Atlason 5**
KA, Þór Ak., Fram, Stjarnan, ÍBV
**Ingi Björn Albertsson 5**
FH, Valur, Breiðablik, Keflavík, Stjarnan
**Bjarni Jóhannsson 5**
Breiðablik, ÍBV, Fylkir, Grindavík, Stjarnan


Lyfjaval APÓTEK

20% afsláttur í október

af Gulu línunni frá Heilsu



GMP Náttúrulegt-Gæðavottað
Framleitt samkvæmt ströngustu gæðakröfum undir eftirliti frá Bandaríska matvæla og lyfjaeftirlitunu (FDA) og GMP vottað.


Joseph Blatter, forseti FIFA, kynnti sér íslenska knattspyrnu:

# Aldrei séð annað eins í minni tíð

**FÓTBOLTI** Joseph Blatter, forseti Alþjóðaknattspyrnusambandsins [FIFA], hefur verið staddur hér á landi síðustu daga til að kynna sér íslenska knattspyrnu og uppbyggingu íþróttarinnar hér á landi. Hann sat fyrir svörum á blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ í Laugardalnum í gær þar sem hann lofaði mjög hvernig staðið hafi verið að knattspyrnunni hér á landi.

„Ég var uppnuminn af kynningu Sigurðar Ragnar Eyjólfssonar, fræðslustjóra KSÍ, um íslenska knattspyrnu," sagði hann. „Ég hef séð að það ríkir hér á landi mikill vilji og ákveðni í hinum ýmsu verkefnum sem nú eru í gangi."

Blatter sótti einnig æfingar hjá yngri flokkum HK og Breiðabliks og fannst mikið til koma. „Þar sá ég í verki þann metnað sem ríkir í starfinu. Í öllum flokkum eru menntaðir þjálfarar og er það afar mikilvægt. Þarna voru ung börn, allt niður í 3-5 ára gömul, að æfa með bolta á yfirbyggðum knattspyrnuvelli. Það fannst mér virkilega gaman að sjá."

Hann segir þetta ekki síður merkilegt í því ljósi hversu fámenn íslenska þjóðin er. „Ég hóf störf hjá FIFA fyrir 37 árum og þá í þróunarstarfi sambandsins. Á þessum tíma hef ég aldrei séð jafn gott og skilvirkt starf í jafn litlu landi. Mér fannst mikið til kynningar Sigurðar Ragnars koma," ítrekaði hann. „Ef starfið heldur áfram af sama metnaði þá leikur enginn vafi á því í mínum huga að það mun skila árangri íslenskrar knattspyrnu á alþjóðlegum vettvangi."

Hann minntist á leiki íslenska kvennalandsliðsins gegn Úkraínu í umspili um sæti í úrslitakeppni EM í Svíþjóð. „Ég óska þeim innilega góðs gengis. Ég myndi líka óska Úkraínu hins sama – en ég er núna staddur á Íslandi," sagði hann í léttum dúr.

- esá



**FORSETINN** Joseph Blatter hefur verið umdeildur í sinni forsetatíð hjá FIFA en hann lofaði mjög starf KSÍ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Vildi ekki tjá sig um ISL-mútumálið

Sepp Blatter var spurður á blaðamannafundi KSÍ um mútumál sem tengjast Joao Havelange, forvera Blatter.

Fyrr á þessu ári voru gerð opinber dómskjöl í Sviss sem sýndu að Havelange hafi, ásamt Ricardo Teixeira [fyrrum meðlimur framkvæmdastjórnar FIFA], þegið háar mútugreiðslur frá svissneska markaðsfyrirtækinu ISL frá 1992 til 2000. Hluti upphæðarinnar rataði fyrir slysni inn á reikninga FIFA og var millifærður þaðan, að vitneskju Blatter, inn á reikning Havelange.

„Þetta mál hefur verið til staðar í mörg ár," sagði Blatter. „Það er nú í höndum nýs rannsóknaraðila, sem framkvæmdastjórn FIFA skipaði að kröfu minni, og get ég ekki tjáð mig um málið að svo stöddu."



**A-LIÐIÐ FREKAR EN 19 ÁRA LIÐIÐ** Sandra María og Glódís Perla verða báðar með A-liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kvennalandsliðið til Úkraínu:

# Þrjú flug og 18 tíma ferðalag

**FÓTBOLTI** Íslenska kvenna-landsliðið þarf að eyða heilum degi í næstu viku í að komast til Úkraínu fyrir fyrri leik liðsins í umspilinu um sæti á EM. Landsliðið leggur af stað klukkan fimm frá höfuðstöðum KSÍ 17. október næstkomandi og er ekki komið á áfangastað fyrr en klukkan eitt eftir miðnætti. Liðið fer í þrjú flug og millilendir í Helsinki og Kíev áður en liðið kemur til Simferopol sem er í eins og hálfstíma akstursfjarlægð frá Sevastopol.

„Við erum að undirbúa okkur fyrir mjög erfitt og langt ferðalag. Það er gott að það eru fimm dagar á milli leikjanna því það hefði líka getað verið fjórir dagar. Við fengum það í gegn að seinni leikurinn yrði 25. október en ekki 24. október,“ segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson. En hvað með aðstæðurnar úti?

„Við þurfum bara að fara út með því hugarfari að hvað sem verður boðið upp á þá verður leikurinn mikilvægastur. Við höfum kannski helst áhyggjur af matnum en við verðum á fjögurra stjörnu hóteli við ströndina og stelpurnar hafa örugglega ekkert á móti því. Þetta er nýtt hótel og vonandi verður góður matur líka,“ sagði Sigurður. - óój



**ÁRNI RAGNARSSON** Var með flotta tvennu í sigri á KR. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

1. umferð í Dominos-deild:

# Íslendingarnir voru áberandi

**KÖRFUBOLTI** Íslensku strákarnir voru í aðalhlutverkum í fyrstu umferð Dominosdeildar karla sem lauk í fyrrakvöld. Páll Axel Vilbergsson hjá Skallagrími spilaði best allra samkvæmt framlagsjöfnunni og níu íslenskir leikmenn voru meðal þeirra 17 leikmanna sem spiluðu best.

Páll Axel var með 36 í framlagi fyrir fyrsta leik sinn með Skallagrími en hann setti niður 45 stig í nýliðaslagnum á Ísafirði.

Þórsarinn Benjamin Smith varð í öðru sæti. Næstir voru síðan báðir Snæfellskanarnir sem fóru á kostum í stórsigri á ÍR.

Stjörnumaðurinn Marvin Valdimarsson varð annar besti Íslendingurinn, einu stigi á undan Jóni Ólafi Jónssyni í Snæfelli. - óój

**Hæsta framlag í 1. umferð**

| | |
|---|---|
| Páll Axel Vilbergsson, Skallagrími | 36 |
| Benjamin Smith, Þór | 32 |
| Asim McQueen, Snæfelli | 29 |
| Jay Threatt, Snæfelli | 27 |
| Marvin Valdimarsson, Stjörnunni | 26 |
| Christopher Matthews, Fjölni | 26 |
| Jón Ólafur Jónsson, Snæfelli | 25 |
| Martin Hermannsson, KR | 24 |
| Helgi Rafn Viggósson, Tindastóli | 23 |
| Almar Guðbrandsson, Keflavík | 22 |
| Samuel Zeglinski, Grindavík | 22 |
| Michael Graion, Keflavík | 21 |
| Eric Palm, Þór Þorl. | 21 |
| Brynjar Þór Björnsson, KR | 20 |
| Árni Ragnarsson, Fjölni | 20 |
| Sigurður Gunnar Þorsteinsson, Grindavík | 20 |
| Aaron Broussard, Grindavík | 20 |

Valsmönnum gengur vel í leitinni að eftirmanni Kristjáns Guðmundssonar í starf þjálfara:

# Magnús Gylfason líklega á leiðinni til Vals

**FÓTBOLTI** Góðar líkur eru á að Magnús Gylfason verði fljótlega ráðinn þjálfari meistaraflokks karla hjá Val, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Viðræður munu vera langt komnar og er líklegt að gengið verið frá ráðningunni í lok vikunnar, á morgun eða á föstudag.

Magnús stýrði síðast liði ÍBV en lét skyndilega af störfum þann 19. september, þegar lítið var eftir af tímabilinu í Pepsi-deild karla. Næsta dag unnu Eyjamenn 3-0 sigur á Val og var Magnús á meðal áhorfenda. ÍBV fékk þó aðeins eitt stig úr síðustu tveimur leikjum sínum í deildinni og endaði í þriðja sæti.

Valur hafnaði í áttunda sæti Pepsi-deildarinnar í ár en í síðustu viku hætti Kristján Guðmundsson með liðið. Sagði hann að aðstæður innan félagsins hefðu ekki gert það mögulegt fyrir hann að klára lokaár samnings síns við félagið.

Með ráðningu Magnúsar ætti að liggja fyrir hvaða þjálfarar verða við störf í Pepsi-deild karla á næsta tímabili. - esá



**TEKUR VIÐ VAL** Magnús Gylfason var síðast hjá ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Þjálfarar liða árið 2012**

**Í Pepsi-deild karla:**

| | |
|---|---|
| FH | Heimir Guðjónsson |
| Breiðablik | Ólafur Kristjánsson |
| ÍBV | Hermann Hreiðarsson |
| KR | Rúnar Kristinsson |
| Stjarnan | Logi Ólafsson |
| ÍA | Þórður Þórðarson |
| Fylkir | Ásmundur Arnarsson |
| Valur | Magnús Gylfason (óstaðfest) |
| Keflavík | Zoran Ljubicic |
| Fram | Þorvaldur Örlygsson |
| Þór, Ak. | Páll Viðar Gíslason |
| Víkingur, Ó. | Ejub Purisevic |




ÁHÆTTAN TAMIN

Háskólinn í Reykjavík heldur málfund um áhættugreiningu og áhættustýringu föstudaginn 12. október kl. 13:00–17:00. Málfundurinn er haldinn í tilefni af stofnun þverfaglegs rannsókna- og þekkingarseturs í HR á sviði áhættugreiningar.

Dagskrá

13:00 Setning
Dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor HR

13:10 Nýjar aðferðir við áhættustjórnun
Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika og formaður Samtaka iðnaðarins

13:20 Að hanna sig frá hættunni
Dr. Nancy Leveson, prófessor í flug- og geimverkfræði við MIT

13:50 Viðbrögð við heilsuvá – hlutverk sóttvarnalæknis
Þórólfur Guðnason, yfirlæknir á sóttvarnasviði Landlæknisembættisins

14:10 Er það áhættunnar virði? Hugleiðingar um áhættugreiningu lækningatækja
Dr. Rögnvaldur J. Sæmundsson, framkvæmdastjóri rannsókna og þróunar hjá Össuri, Reykjavík

14:30 Í auga fellibylsins – kerfisháættan
Þórður Víkingur Friðgeirsson, lektor við tækni- og verkfræðideild HR

14:50–15:10 Hlé

15:10 Áhættustýring eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða
Dr. Haraldur Óskar Haraldsson, stofnandi Summu

15:30 Flugrekstur bættur með áhættustýringu
Michael Thorsen, framkvæmdastjóri Integra Consult

15:50 Áhættugreining á árekstrarhættu flugvéla yfir Norður-Atlantshafi
Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri flugleiðsögusviðs Isavia

16:10 Áhættustjórnun í raforkukerfi Íslands
Íris Baldursdóttir, deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets

16:30 Að stjórna áhættunni við álframleiðslu
Anna B. Hjaltadóttir, ferilseigandi Kerskála hjá Alcoa Fjarðaál

16:50 Samantekt
Dr. Þorgeir Pálsson, prófessor við tækni- og verkfræðideild HR

17:00 Ráðstefnulok

Fundarstjóri: Dr. Guðrún Sævarsdóttir forseti tækni- og verkfræðideildar HR.
Ráðstefnan er öllum opin meðan húsrúm leyfir. Skráning er með tölvupósti á netfangið skraning@hr.is

SI

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

www.hr.is



> **Stöð 2 kl. 20.55**

**Grey's Anatomy**

***Dramatíkin heldur áfram í Grey's Anatomy á Stöð 2 í kvöld. Núna fá áhorfendur að sjá hvernig læknunum var bjargað eftir flugslysið og hvernig þeir hafa tekist á við lífið eftir slysið.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON FÍLAR STEINDA JR.

# *Frægðargríman sem étur andlitið*



Við tækis-skrifari var afskaplega lengi að kveikja á Steinda jr. Vandræðalega lengi, myndu einhverjir segja, með hliðsjón af þeim pípandi brilljans sem djókarinn hefur borið á borð fyrir sjónvarpsáhorfendur síðustu fimmtudagskvöldin. Þó vill svo til að Við tækis-skrifari veit upp á hár hvað það var sem gerði hann hálf fráhverfan Steinda strax í upphafi: selebbagrínið. Sú spaugtækni að fá frægt fólk til að koma fram í atriðunum sínum og gera jafnvel laufnett grín að sjálfu sér (sem þeir þekktu sjá vitanlega sem tækifæri til að sýna pöpulnum hversu miklir gúddígæs þeir eru í raun og veru) getur vissulega virkað, og það mjög vel á stundum, en er líka tvíeggjað sverð sem forðast ætti að ofnota.

Fyrsti sketsinn sem yfirritaður sá með Steinda jr. skartaði söngvara hljómsveitarinnar Sprengjuhallarinnar í gestahlutverki. Svo kom frægðarfólkið í röðum og Við tækis-skrifari varð álíka pirraður á því og útlendu selebbunum sem breskur kollegi, Steinda, Ricky Gervais, ofnotaði á tímabili í sínu spéi. Þessi þriðja þáttaröð Steindans okkar hefur þó verið samfelld flugeldasýning frá upphafi, enda atriðum með þekktu liði stillt í hóf. Verst að þetta er síðasta serían.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stakir sokkar **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Vögguvísa **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.10** Landneminn í Reykjanesi **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.20 360 gráður** (e)
**15.55 Djöflaeyjan** (e)
**16.35 Herstöðvarlíf** (16:23) (Army Wives)
**17.20 Einu sinni var... lífið** (13:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geymslan**
**18.25 Hvunndagshetjur** (1:6) (We Can Be Heroes) (e)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Stjórnarskráin** Fréttaskýringaþáttur frá fréttastofu RÚV. Í þættinum verður fjallað um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sem þjóðin fær að greiða atkvæði um 20. október.
**20.20 Læknamiðstöðin** (13:22) (Private Practice V)
**21.00 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Scott og Bailey** (8:8) Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott í Manchester sem rannsaka snúin morðmál.
**23.10 Winter lögregluforingi – Síðasti veturinn, seinni hluti** (8:8) (Kommissarie Winter) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.05 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**12.55 The Painted Veil**
**15.00 A Fish Called Wanda**
**16.45 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**18.40 The Painted Veil**
**20.45 A Fish Called Wanda**
**22.30 Angels & Demons**
**00.50 Pride and Glory**
**03.00 Appocalypto**
**05.15 Angels & Demons**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (9:22)
**08.30 Ellen** (17:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (4:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Community** (14:25)
**11.25 Better Of Ted** (12:13)
**11.50 Grey's Anatomy** (19:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** (4:24)
**13.25 Gossip Girl** (8:24)
**14.15 The Glee Project** (2:11)
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (18:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (13:22)
**19.40 Modern Family** (13:24)
**20.05 2 Broke Girls** (23:24)
**20.30 Up All Night** (11:24) Gamanþættir með Christina Applegate og Will Arnett í hlutverkum nýbakaðra foreldra.
**20.55 Grey's Anatomy** (2:22) Níunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.
**21.40 True Blood** (11:12)
**22.35 The Listener** (10:13) Dulmagnaðir spennuþættir um ungan mann sem nýtir skyggnigáfu sína til góðs í starfi sínu sem sjúkraflutningamaður.
**23.15 Steindinn okkar** (7:8)
**23.40 Revolution**
**00.25 Fringe** (16:22)
**01.10 Breaking Bad** (5:13)
**02.00 The Killing** (3:13) (4:13)
**03.30 Undercovers** (10:13)
**04.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: RN Löwen - Flensburg**
**17.00 Domino's deildin** Allt um liðin í Domino's deild karla í körfuknattleik. Viðtöl við þjálfara liðanna og farið yfir styrkleika og veikleika hvers liðs fyrir sig.
**18.00 Þýski handboltinn: RN Löwen - Flensburg**
**19.25 Meistaradeild Evrópu: Ajax - Real Madrid**
**21.10 Arnold Classic**
**21.55 Spænski boltinn: Barcelona - Real Madrid**
**23.40 Spænsku mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.20 Being Liverpool** Mögnuð þáttaröð þar sem áhorfendur fá einstaka innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar. Leikmenn og þjálfarar opna dyrnar.
**16.05 Football League Show 2012/13**
**16.35 Tottenham - Aston Villa**
**18.20 Wigan - Everton**
**20.05 Premier League Review Show 2012/13**
**21.00 Sunnudagsmessan**
**22.15 Man. City - Sunderland**
**00.00 West Ham - Arsenal**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.50 Lukku láki**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Ofurhetjusérsveitin**
**17.20 Sorry I've Got No Head**
**17.50 iCarly** (15:45)

## POPP TÍVÍ

**17.00 The Simpsons**
**17.20 Sjáðu**
**17.45 The Middle** (7:24)
**18.10 Glee** (18:22)
**19.10 Friends**
**19.35 The Simpsons** (19:22) Simpson-fjölskyldan neyðist til að leggja á flótta eftir að hafa fyrir slysni drepið krókódíl í sumarfríi á Flórída.
**20.00 American Dad** (8:19) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**20.25 How I Met Your Mother** (8:22)
**20.50 The Cleveland Show** (8:21) Skemmtilegir teiknimyndaþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem kom fyrir í þeim þáttum.
**21.15 Breakout Kings** (8:13) Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**22.00 The Middle** (7:24)
**22.25 American Dad** (8:19)
**22.50 The Cleveland Show** (8:21)
**23.10 Breakout Kings** (8:13)
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** (44:175)
**19.00 Ellen** (18:170)
**19.45 Logi í beinni**
**20.25 Að hætti Sigga Hall** (4:18)
**20.55 Curb Your Enthusiasm** (8:10)
**21.30 Pressa** (4:6)
**22.15 The Sopranos** (8:13)
**23.10 Ellen** (18:170)
**23.55 Logi í beinni**
**00.35 Að hætti Sigga Hall** (4:18)
**01.05 Curb Your Enthusiasm** (8:10)
**01.40 The Sopranos** (8:13)
**02.35 Pressa** (4:6)
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 90210** (14:22) (e)
**16.40 Top Gear 18** (1:7) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Ringer** (6:22) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (17:48) (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (14:25)
**19.55 Will & Grace** (6:24)
**20.20 My Dad is Pregnant**
**21.10 My Big Fat Gypsy Wedding** (5:5)
**22.00 CSI: Miami** (3:19)
**22.50 Jimmy Kimmel**
**23.35 Johnny Naz** (2:6) (e)
**00.05 The Borgias** (8:10) (e)
**00.55 Rookie Blue** (13:13) (e)
**01.45 CSI** (19:22) (e)
**02.30 Everybody Loves Raymond** (14:25) (e)
**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Justin Timberlake Open 2012 (3:4) **11.10** Golfing World **12.00** Justin Timberlake Open 2012 (3:4) **15.00** Justin Timberlake Open 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (39:45) **19.20** LPGA Highlights (16:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (19:25) **21.35** Inside the PGA Tour (40:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (35:45) **23.45** ESPN Americ

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Veiðivaktin

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# Arineldstæði á hausttilboði!

**20-65% afsláttur**



– Mikið úrval af eldstæðum –

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16
Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

# MANNAKORN

Í HÁSKÓLABÍÓI

**LAUGARDAGINN 20. OKTÓBER 2012 KL. 20**

MAGNÚS EIRÍKSSON
PÁLMI GUNNARSSON
ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR

BENEDIKT BRYNLEIFSSON
KJARTAN VALDEMARSSON
STEFÁN MÁR MAGNÚSSON
ÞÓRIR ÚLFARSSON



**MIÐAVERÐ 4.900 KR.**

Miðar seldir á **midi.is**

HLJÓÐX

HÁSKÓLABÍÓ

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Það er sushi-staðurinn í Krónunni í Lindum. Hann var að opna og er algjör snilld ef maður vill stökkva út og næla sér í skyndibita.“*

Gunnar Leifur Jónasson ljósmyndari.

# Gera vikulega raunveruleikaþætti á YouTube

„Við ætlum að reyna að vera með þátt í hverri viku, vonandi getum við staðið við það,“ segir söngkonan Svala Björgvinsdóttir um nýja raunveruleikaþætti hljómsveitarinnar Steed Lord á vefmiðlinum YouTube.

Fyrsti þátturinn er þegar farinn í loftið en þar er fylgst með lífi þeirra Svölu, Einars og Edda vestanhafs. „Okkur langaði að gera raunveruleikaþætti til að sýna hvað er að gerast bak við tjöldin hjá okkur. Við höfum oft fengið skilaboð frá aðdáendum okkar sem vilja fá að vita hvernig við búum til tónlistina. Þess vegna ákváðum við að skrásetja allt og klippa saman í litla þætti,“ segir Svala, en í fyrsta þættinum er meðal annars hægt að fylgjast með sveitinni á tónleikum og við tökur á tónlistarmyndbandi.

Steed Lord er á leiðinni til Íslands og ætlar sveitin að leika fyrir landann í fyrsta sinn í þrjú ár. Tónleikarnir verða ásamt Legend, hljómsveit Krumma sem er bróðir Svölu, þann 1. desember á Gamla Gauknum. „Við hlökkum mikið til að spila loksins á Íslandi. Íslendingar kunna að skemmta sér og eru ekkert hræddir við að sleppa sér á tónleikum, syngja og dansa með eins og vitleysingar. Það er frábært.“

Sveitin er þessa dagana að leggja lokahönd á nýja plötu og ætla því að spila ný lög í bland við gömul.

Svala stefnir á að eyða jólunum á Íslandi í fyrsta sinn í tvö ár. Hún kemur fram með föður sínum, Björgvini Halldórssyni, á jólatónleikum hans þann 15. desember í Höllinni. „Það er svo langt síðan ég var heima síðast að landið er farið að kalla á mig. Loftið, fjölskyldan, náttúran, fólkið og vinirnir. Það verður dásamlegt að eyða heilum fjórum vikum á Íslandi.“ **- áp**



**SPILA HEIMA** Hljómsveitin Steed Lord heldur sína fyrstu tónleika í þrjú ár á Íslandi í jólamánuðinum.






**Á LEIÐ TIL ÍSLANDS** Tónlistarmaðurinn Mika heimsækir Ísland 18. desember. NORDICPHOTOS/GETTY

GUÐBJARTUR FINNBJÖRNSSON: ÞETTA VERÐA MEIRIHÁTTAR TÓNLEIKAR

# Tónlistarmaðurinn Mika stígur á svið í Silfurbergi

„Ég held að þetta verði meiriháttar tónleikar,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari. Tónlistarmaðurinn Mika heimsækir Ísland 18. desember og ætlar að trylla lýðinn með tónleikum í Silfurbergi Hörpunnar. Mika er þekktur fyrir hressilega sviðsframkomu og þykir eiga mjög auðvelt með að ná til tónleikagesta. „Ég er búinn að fylgjast vel með honum og fólk er rosalega ánægt með þessa tónleika hjá honum. Einn sagði að það ætti að standa á aðgöngumiðanum: „Meðal gegn þunglyndi.“ Miðað við það sem ég er búinn að sjá og heyra verða þetta miklir gleði- og skemmtitónleikar,“ segir Guðbjartur.

Mika sló rækilega í gegn árið 2007 með fyrstu plötu sinni Life In Cartoon Motion sem hefur selst í hátt í sex milljónum eintaka. Hún inniheldur smelli á borð við Grace Kelly, Lollipop, Relax og Take It Easy. Næsta plata, The Boy Who Knew Too Much, kom út tveimur árum síðar. Hún seldist einnig vel og náði inn á topp tíu í fjölmörgum löndum. Hún inniheldur lögin We Are Golden og Blame It on the Girls. Þriðja plata Mika, The Origin of Love, er nýkomin út og náði hún efsta sætinu á franska breiðskífulistanum. Lagið Elle Mi Dit komst einnig á toppinn þar í landi. Á plötunni er jafnframt að finna lagið Celebrate sem Mika flytur með rapparanum Pharrell Williams. Tónleikarnir í Silfurbergi verða standandi og rúmast um 1.000 til 1.200 manns í salnum. „Ég veit að hann fílar að vera á litlum stöðum þar sem hann nær til fjöldans,“ segir Guðbjartur.

Miðasala á tónleikana hefst í næstu viku.

freyr@frettabladid.is

## OFT LÍKT VIÐ FREDDIE MERCURY

Mika fæddist í Beirút í Líbanon árið 1983. Móðir hans var líbönsk en faðir hans bandarískur. Söngvarinn ólst upp í París ásamt fjórum systkinum sínum. Þegar hann var níu ára flutti hann til London. Mika er mikill falsettumeistari og hefur honum oft verið líkt við Freddie Mercury, fyrrum söngvara Queen, og glyshljómsveitina The Scissor Sisters.

# Danir hrifnir af Pabbanum

Einleikurinn Pabbinn eftir Bjarna Hauk Þórsson hefur hlotið mjög góð viðbrögð í Danmörku. Fjölmiðlar hafa fjallað mikið um hann og dagblöðin Politiken og Berlingske Tidende splæstu bæði á hann fjórum stjörnum.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vor fer Anders W. Berthelsen, sem er þekktur fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum Krónikunni, með hlutverk Pabbans í dönsku uppfærslunni, sem var frumsýnd í Bellevue-leikhúsinu í Kaupmannahöfn 29. september. „Berthelsen er mjög þekktur og virtur leikari í Danmörku og er núna að leika eitt aðalhlutverkanna í Forbrydelsen 3 sem var að byrja í Danmörku,“ segir Bjarni Haukur. Berthelsen þykir lifa sig einkar vel inn í hlutverkið og standa sig með prýði.

Annar einleikur úr smiðju Bjarna Hauks, Afinn, var frumsýndur í Hamborg í Þýskalandi á fimmtudagskvöld. „Það gekk svakalega vel og fólk stóð upp og klappaði,“ segir hann. Búið er að bóka tvö hundruð sýningar á Afanum næstu tólf mánuðina um allt Þýskaland. Með hlutverk afans fer hinn þjóðþekkti þýski leikari Karl Dall. „Hann er náttúrulega enginn Siggi Sigurjóns en samt mjög góður,“ segir Bjarni hress. **- fb**



**PABBINN** Anders W. Berthelsen leikur Pabbann í dönsku uppfærslunni á einleik Bjarna Hauks Þórssonar.

Zva-Gaga-lega gott




Litríkt á bragðið

facebook.com/noisirius

NÓI ZÍRÍUS

FRÉTTABLAÐIÐ
9 771670 387005
Póst dreifing
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Undirbúa Thor 2

Undirbúningur fyrir tökur á myndinni Thor 2 hér á landi er hafinn. Vinnubúðir hafa verið reistar við Flúðir, á svipuðum slóðum og myndin Oblivion var tekin upp fyrr í sumar. Ekki er vitað hvort leikarar séu væntanlegir til landsins en þeir eru ekki af verri endanum. Þar ber hæst nafn Óskarsverðlaunaleikkonunnar **Natalie Portman** en með aðalhlutverk fara Chris Hemsworth og Anthony Hopkins. Leikstjórinn Alan Taylor er vanur landi og þjóð en hann leikstýrði sjónvarpsþáttunum Game of Thrones sem teknir voru upp hér á landi í fyrra.



### Fozzi í flugvélinni

Aðdáendur söngkonunnar **Lady Gaga**, sem tók við friðarverðlaunum úr hendi Yoko Ono í Hörpu í gær, veittu því athygli að hundur hennar, **Fozzi**, var hvergi sjáanlegur. Fozzi er blanda af púðluhundi og amerískum kokker-spaníel og stórstjarnan hefur vart skilið hann við sig eftir að hún tók hann upp á arma sína í ágúst. Hermt er að Fozzi hafi þurft að dúsa um borð í einkaþotu söngkonunnar á Reykjavíkurflugvelli á meðan hún sinnti erindi sínu hér. Þrátt fyrir umleitan þess efnis hafi Lady Gaga ekki, frekar en aðrir, fengið að flytja með sér dýr inn til landsins án þess að það færi í einangrun. **- áp, sh**



## Mest lesið vísir

1. Ætlar að passa barnabarnið og sjá Djúpið
2. Óviðræðuhæfur eftir sveppaát
3. Þreytulegur og með grátstafinn í kverkunum
4. Ekki kjósa!
5. Lady Gaga lent








